ÓLAFUR ÞÓR ÓLAFSSON
*Einstök félagsmiðstöð fyrir unglinga*
bílar nám ferðir
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
*Íslandsmót þjónustu-iðngreina endurvakið*
Sérblað um íslenskan iðnað
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. mars 2007 — 86. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Lífið er lambagras**

Kristrún Heiða Hauksdóttir gagnrýnir sýninguna Lífið – notkunarreglur eftir Þorvald Þorsteinsson.

MENNING 24



**Fékk sér indverskan mat**

Cliff Richard bauð starfsfólki sínu á Austur-Indíafélagið.

FÓLK 26



**Engar áhyggjur af Vífilfelli**

Barmmerki vinstri grænna stæling á auglýsingaherferð Coca-Cola Zero.

FÓLK 34

**Höfum engu að tapa**

Eiður Smári Guðjohnsen, landsliðsfyrirliði Íslands í knattspyrnu, segir að það væru frábær úrslit að ná jafntefli í landsleiknum gegn Spáni í dag.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI OG VÍÐA BJART** Í dag verður hæg breytileg átt. Yfirleitt hálfskýjað eða léttskýjað en sumstaðar skýjaðra með norðurog vesturströndinni. Hiti 0-6 stig, mildast suðaustan til.

VEÐUR 4



**ÁNÆGÐIR SUNDLAUGARGESTIR** Pottur með upphituðum sjó hefur mælst vel fyrir meðal gesta Laugardalslaugar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Upphitaður sjór í setlaug:

## Málin rædd í söltum sjó

**HEILSA** „Við göntumst með að það þurfi orðið skóhorn til þess að komast ofan í pottinn því hann er alltaf þéttsetinn,“ segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður sundlaugarinnar í Laugardal, en á dögunum var tekinn í notkun nýr heitur pottur með upphituðum sjó.

Að sögn Loga mun það vera allra meina bót að baða sig upp úr heitum sjó enda hafa heit sjávarböð löngum verið vinsæl í ýmsum heilsulindum. „Þetta er gott fyrir húðina og afar hressandi,“ segir Logi og bætir því við að sundlaugargestir hafi tekið þessari nýjung afar vel.

Sjórinn í pottinum kemur úr borholu Orkuveitu Reykjavíkur, þeirri sömu og sér selunum í Húsdýragarðinum fyrir sínum sjó. Sjórinn er hreinsaður og hitaður upp í 40 gráður.

-þo

# Flutningaskip hætt komið við Vestfirði

**Stálflutningaskip með um tíu manna áhöfn sigldi á ís úti fyrir Vestfjörðum í fyrrasumar. Leki kom að skipinu og var því siglt löskuðu til Hafnarfjarðar.**

**SIGLINGAR** Stálflutningaskipið Krios skemmdist mikið eftir að það sigldi inn í hafís rúmlega þrjátíu mílur út af Vestfjörðum í júlí í fyrra. Skipstjórinn sigldi skipinu til Hafnarfjarðar. Þrátt fyrir leka sigldi Krios áfram til Kanada eftir samþykki tryggingafélags útgerðarinnar. Um borð var um tíu manna áhöfn.

Gísli Viggósson, forstöðumaður rannsókna- og þróunarsviðs Siglingastofnunar, greindi frá ásiglingunni á alþjóðlegri ráðstefnu um þróun siglingaleiða á norðurslóðum sem utanríkisráðuneytið stendur fyrir á Akureyri. Í máli Gísla kom fram að skipstjóri treysti á upplýsingar frá bandarískri veðurstofu um að enginn ís væri úti fyrir Vestfjörðum. „Skipstjórinn virðist því sigla inn í þokuna með þessum afleiðingum.“ Gísli segir að skipið hafi verið á leiðinni með járnfarm frá Norðvestur-Rússlandi til Kanada. „Upplýsingar mínar eru ekki miklar en ég ákvað að segja frá þessu atviki til að sýna fram á þær hættur sem fylgja siglingum. Hver hefði til dæmis trúað því að hafís væri á þessu svæði 26. júlí þegar skipið siglir inn í hafísinn í svartaþoku.“

Samkvæmt upplýsingum frá Hafnarfjarðarhöfn kom skipið til hafnar á hádegi 28. júlí og sigldi áleiðis til Kanada daginn eftir þegar skemmdir höfðu verið kannaðar. Tryggingafélag skipsins gaf leyfi fyrir því að skipið héldi áfram ferð sinni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru þeir sem skoðuðu skipið í Hafnarfjarðarhöfn sammála um að glapræði væri að sigla Krios frá landinu í því ástandi sem skipið var. Ástæða sé til að rannsaka af hverju leyfi var veitt til að sigla skipinu til Kanada. Miklar skemmdir voru á stefni þess undir sjólínu og töluverður leki.

- shá

Stofnfé SPH fjórfaldast:

## Fá kók og hraun í sárabætur

**FJÁRMÁL** **Við sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra er stofnfjárhlutur sem stofnfjáreigendur flyttu sér að selja á 50 milljónir nú metinn á 200 milljónir sem stofnfjárhlutur í Byr.**



HELGI VILHJÁLMSSON

**Einn þeirra sem seldu er Árni Mathiesen fjármálaráðherra. Hann segir það ekki hafa passað sér að vera meðal stofnfjáreigenda. Helgi Vilhjálmsson, athafnamaður og forstjóri í Hafnarfirði, á enn sinn hlut og hrósar happi.**

**„Ég sagði við sjálfan mig: Fyrst allir snillingar landsins þyrpast til Hafnarfjarðar og vilja kaupa er best að bíða og sjá. Ég fékk þetta á silfurfati og mér lá ekkert á,“ segir Helgi sem ætlar að gefa þeim sem seldu kók og hraun í sárabætur.**

- jbg / sjá síðu 34

Jón „bóndi“ Gunnarsson féll á lyfjaprófi á heimsmeistaramóti öldunga í Texas:

# Sviptur heimsmeistaratitlinum

**KRAFTLYFTINGAR** Jón „bóndi“ Gunnarsson, fyrrverandi formaður Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT), var nýverið sviptur heimsmeistaratitlinum í kraftlyftingum öldunga eftir að hafa fallið á lyfjaprófi. Jón vann titilinn annað árið í röð síðastliðið haust á móti í Texas. Þar sigraði hann í -90 kílógramma flokki í aldurshópnum 40 til 49 ára.

Jóhanna Eiríksdóttir, sem tók við formannsembættinu hjá KRAFT af Jóni, staðfestir að Jón hafi verið sviptur titlinum. „Það fundust ekki í honum ólögleg efni, en það fundust niðurbrotsefni sem gefa til kynna að hann hafi verið að taka inn ólögleg lyf. Á þeim forsendum var hann sviptur titlinum.“

Jóhanna segir einungis um þrjár vikur síðan kraftlyftingasambandinu var tilkynnt um sviptinguna þótt mótið hafi farið fram í október. „Það tekur langan tíma að fá niðurstöðu úr greiningu á sýnunum auk þess sem hann hafði tíma til að kæra úrskurðinn.“

Jón var handtekinn í byrjun febrúar á þessu ári eftir að lögreglan hafði fundið rúmlega 30 þúsund ætlaðar steratöflur og lykjur (ambúlur) við húsleit á heimili hans og víðar. Það var eitt mesta magn ætlaðra stera sem lagt hefur verið hald á í einu máli hér á landi frá upphafi.

- þsj










**SPURNING DAGSINS**



*Halldór, gagnast Grettisbeltið við bakmeiðslum?*

„Grettisbeltið er eins og vöðvar, bara til sýnis en ekki til að nota.“

Frumsýningu á söngleiknum Gretti hefur verið frestað eftir að Halldór Gylfason, sem fer með titilhlutverkið, fékk hnykk á bakið og er rúmfastur í bili.

Verðskrá tannlækna miðað við viðmiðunarskrá Tryggingastofnunar:

# Einn er 130 prósentum dýrari

**HEILBRIGÐISMÁL** Munur á verðlagningu tannlækna er talsverður. Dýrasti almenni tannlæknirinn á Íslandi rukkar ríflega 130 prósent yfir viðmiðunargjaldskrá Tryggingastofnunar, en sá ódýrasti er rúmlega sex prósentum undir viðmiðun, samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni.

Stofnunin greiðir lögum samkvæmt 75 prósent af tannlæknakostnaði barna upp að átján ára aldri. Endurgreiðslan er miðuð við téða viðmiðunargjaldskrá. Hækki tannlæknar verð sitt, minnkar greiðsluþátttaka stofnunarinnar því hlutfallslega.

Reikningar sérfræðinga í tannlækningum frá því í fyrra eru að meðaltali 44,3 prósentum yfir viðmiðunargjaldskrá, en almennra tannlækna um 34 prósentum.



**HJÁ TANNSA** Það gæti borgað sig að gera verðkönnun áður en farið er til tannlæknis. Gríðarlegur verðmunur er á þjónustu tannlækna, sumir eru langt yfir viðmiðunargjaldskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árið 1999 sögðu tannlæknar upp samningum við Tryggingastofnun og hefur verðlagning þeirra verið frjáls síðan.

Í tilkynningu Tryggingastofnunar segir að munur á viðmiði og verðlagningu hafi stóraukist síðan verðlagning varð frjáls. Þar er harmað að jákvæð áhrif frjálsrar samkeppni komi ekki fram, því tannlæknum sé meinað að auglýsa þjónustu sína. Verðsamanburður sé því erfiðari fyrir forráðamenn barna en ella. **- kóþ**

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# Vogamaður í gæslu áfram

**DÓMSMÁL Maður um þrítugt, sem grunaður er um að hafa áreitt níu stúlkur í Vogahverfi og víðar hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 25. apríl.**

**Maðurinn er grunaður um að hafa áreitt tvö fimm ára stúlkubörn og sjö eldri stúlkur. Hvað yngri stúlkurnar varðar hefur rannsóknin beinst að því hvort um snertingu hafi verið að ræða. Auk þessara níu mála hefur efnahagsbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu látið fara fram rannsókn á tölvubúnaði sem tekinn var hjá manninum. Málið hefur verið sent ríkissaksóknara.** **-jss**

Átján ára Pólverji:

# Neitar alfarið að hafa nauðgað

**LÖGREGLUMÁL** Átján ára piltur, sem grunaður er um að hafa nauðgað ungri konu á kvennasalerni Hótel Sögu aðfaranótt laugardagsins 17. mars, neitar því alfarið að hafa nauðgað konunni. Óumdeilt er að pilturinn og konan höfðu mök inni á salerninu en pilturinn ber því við að kynlífið hafi verið með samþykki konunnar. Konan lagði fram kæru á laugardeginum eftir árásina.

Gæsluvarðhald yfir piltinum rennur út í dag.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu sáust greinilegir áverkar á konunni er hún fór í skoðun á neyðarmóttöku fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis eftir árásina. **- mh**

# Boðaðir í afplánun en fengu ekki pláss

**Þrír einstaklingar, sem voru boðaðir til afplánunar refsidóms í fangelsi í mánuðinum, fengu ekki pláss þar þegar til átti að taka. Tveir þeirra voru afboðaðir, sá þriðji mætti en var sendur aftur heim. Þeir hafa enn ekki hafið afplánun.**

**FANGELSISMÁL** Þremur einstaklingum hefur verið vísað frá eða þeim greint frá að þeir gætu ekki mætt í boðaða refsivist það sem eftir er þessum mánuði, að sögn Valtýs Sigurðssonar fangelsismálastjóra.

Síðastliðinn miðvikudag höfðu tveir menn verið boðaðir til fangelsisvistar í framhaldi af refsidómi sem þeir höfðu hlotið. Fangelsismálayfirvöld urðu að hafa samband við þá og afboða þá vegna plássleysis í fangelsum landsins. Hinn 16. mars hafði maður einnig verið boðaður í afplánun. Hann mætti, en var sendur heim aftur af sömu sökum. Þessir þrír menn hafa enn ekki hafið afplánun.

Fangelsismálayfirvöld hafa sýnt áhuga á því að fá húsnæðið að Efri-Brú til afnota. Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri kveðst hafa verið einn af áhugamönnum um húsnæðið. Hann hafi fært fyrir því rök, en vilji síður en svo leggja stein í götu þess ágæta starfs sem unnið sé í Götusmiðjunni, en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun vilji fyrir því í félagsmálaráðuneytinu að smiðjan verði flutt að Efri-Brú.

„Hvað varðar þessa þrjá menn, þá reyndist ekki pláss fyrir þá þegar til átti að taka og það er auðvitað afar slæmt,“ segir Valtýr. „Við leggjum mikla áherslu á að um samfellda nýtingu sé að ræða í fangelsum landsins. Við sendum því mönnum bréf tímanlega þannig að þeir geti gert nauðsynlegar ráðstafanir varðandi sín mál áður en afplánun hefst. En við vitum aldrei nákvæmlega hvernig staðan í fangelsunum er þegar nýtingin er svona mikil. Sumir mæta ekki til afplánunar og þá þarf að gefa út handtökuskipun á þá.“



**FANGELSISMÁLASTJÓRI** Valtýr Sigurðsson segir að lítið megi út af bera við skipulagningu afplánunar þar sem nýting fangelsa sé afar mikil. Myndin var tekin þegar hann sýndi fjölmiðlafólki aðstæður á Litla-Hrauni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fangelsismálastjóri segir ekki hægt að tala um biðlista í fangelsin.

„Það er svokallaður boðunarlisti í gangi en hann segir ekki mikið. Á honum eru um það bil hundrað manns en hluti þeirra getur sótt um að gegna samfélagsþjónustu. Þessi listi er alltaf í vinnslu og ekki hægt að sjá af honum hversu margir þurfa á raunverulegu fangaplássi að halda.“

Valtýr segir að með ríkjandi skipulagi takist að koma mönnum jafnt og þétt í afplánun. Hinu sé ekki að neita að það komi teppa og vissulega megi lítið út af bera til þess að það gerist. **jss@frettabladid.is**



**LOFTÁRÁS** Send var mynd af sigri hrósandi liðsmönnum „flughers“ Tamílatígra eftir árásina í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átökin á Sri Lanka:

# Dráttarvél ekið á herbúðir

**SRÍ LANKA, AP** Liðsmaður Tamílatígranna ók dráttarvél hlaðinni sprengiefni á herbúðir á Austur-Srí Lanka í gærmorgun. Sprengiefnið sprakk við hliðið inn í herbúðirnar og kostaði að minnsta kosti níu manns lífið, að sjálfsvígsökumanninum meðtöldum.

Árásin var gerð degi eftir að Tamílatígrarnir efndu til sinnar fyrstu loftárásar, er þeir vörpuðu sprengjum á herflugvöll fyrir norðan höfuðborgina Kólombó. Í þeirri árás fórust þrír hermenn og 16 særðust.

Hingað til hafa átökin takmarkast að mestu við aðalíbúasvæði tamíla á norður- og austurhluta eyjunnar, en árásin í fyrradag sýndi að nú eru uppreisnarmenn tamíla færir um að færa þau langt inn á kjarnasvæði sinhalesíska meirihlutans í suðri. **- aa**



**MUUGA** Skipið strandaði 19. desember.

Samkomulag undirritað í dag:

# Bjarga Wilson Muuga 18. maí

**SLYS Stefnt er að því að undirrita samning um björgun Wilsons Muuga af strandstað við Hvalsnes í dag samkvæmt fréttum Stöðvar tvö í gær. Áætlun liggi fyrir um að reyna eigi að draga skipið á flot á stórstraumsflóði þann 18. maí næstkomandi. Viðræður hafi staðið yfir milli eigenda og stjórnvalda undanfarnar vikur og nú sjái loks fyrir endann á þeim.**

**Undirbúningur á strandstað er kominn á fulla ferð samkvæmt því sem fram kom og strax eftir páska verði byrjað að þétta göt sem komu á skrokk skipsins.** **- bg**

**NÁTTÚRUVERND**

### Gegn fugladrápi með lyfjum

Náttúrufræðistofnun Íslands er mótfallin leyfisveitingu Umhverfisstofnunar til VST hf. um sílamávadráp með svefnlyfjum. Náttúrufræðistofnun telur að takmarka þurfi umferð almennings þar sem svefnlyf séu borin út. Það sé víða gert erlendis. Fyrirhugað sé að svæfa máva á Garðaholti, á Rjúpnahæð og Vatnsenda, en þar er vaxandi byggð allt í kring.


**BÍLL DAGSINS**

**SUBARU IMPREZA GX**

Nýskr. 09.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 44 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Íslensk og norsk stjórnvöld hafa fundað í tvígang um þyrlukaup:

# Sameiginlegt útboð líklegt

**LANDHELGISGÆSLAN** Norsk og íslensk stjórnvöld telja sameiginlegt útboð við kaup á nýjum björgunarþyrlum hagstætt og líkur á slíku útboði hafa aukist mikið á síðustu vikum. Nefndir á vegum þjóðanna hafa fundað tvisvar og rætt samvinnu. Þrír stærstu þyrluframleiðendur heims hafa sent fulltrúa sína til Íslands til að kynna björgunarþyrlur sínar.

Fulltrúar dómsmálaráðuneyta Íslands og Noregs funduðu nýlega þar sem kynnt var úttekt Norðmanna um hvaða þyrlugerðir koma helst til álita og hver ávinningur af framtíðarsamstarfi þjóðanna getur orðið.

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, segir að íslensk stjórnvöld fallist á mat norsku sendinefndarinnar en matið verði ekki gert opinbert nú. Aðspurður hvort miklar líkur séu fyrir því að norsk stjórnvöld vilji vinna með Íslendingum segir Björn að af beggja hálfu sé talinn ávinningur af samstarfi. „Hér er verið að taka ákvarðanir um kaup á tækjum til leitar og björgunar, sem eiga að duga við hinar erfiðustu aðstæður í marga áratugi. Niðurstaðan er að stefna að því besta sem til er á markaðnum og eiga um það samstarf við nágrannaríki til að tryggja sem besta nýtingu tækjanna og treysta sem öflugast samstarf í björgunarmálum“, segir Björn. **- shá /** **sjá síðu 16**

**NÝR BÚNAÐUR MARGFALDAR LEITARGETU**

Þyrla LSH, TF-LIF, sótti slasaðan mann um borð í kolmunnaskipið Guðmund VE á laugardag. Töluverð töf varð á því að senda þyrluna þar sem skipið var statt utan flugdrægis þyrlna, bæði frá Íslandi og Bretlandi. Halldór Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs LSH, segir ljóst að nýjar kraftmiklar þyrlur hefðu getað leyst það verkefni á helmingi skemmri tíma en reyndin varð.

Nýr búnaður til eldsneytistöku sem nú er verið að setja um borð í varðskip LSH, mun að sögn Halldórs valda byltingu í björgunar- og leitarflugi á Íslandi. Varðskip í nálægð við slysstað getur í framtíðinni sparað margar dýrmætar klukkustundir í leitartíma, sem hingað til hefur farið í að fljúga til að sækja eldsneyti. Búnaðurinn verður tilbúinn til notkunar um borð í varðskipinu Tý í maí og Ægi í ágúst.

Í okkar huga er enginn vafi á því að sé vilji til áframhaldandi uppbyggingar stóriðju á Íslandi er

# stærra og betra álver

í Straumsvík hagkvæmasti kosturinn, jafnt fyrir Hafnfirðinga sem aðra landsmenn.

Stækkun álversins í Straumsvík gerir það mun betra í mörgu tilliti fyrir eigendur þess, starfsfólk, samstarfsaðila, Hafnfirðinga og landsmenn alla. Þess vegna er mikið í húfi þegar íbúar í Hafnarfirði ganga að kjörborðinu í lok mánaðarins og ákvarða um framtíð fyrirtækisins.

Stærra álver verður betra vegna þess að það nýtir mörg af mannvirkjum sínum betur en ella í stað þess að byggja þurfi ný frá grunni. Það verður líka betra vegna þess að það tekur í notkun nýjustu og fullkomnustu tækni sem völ er á til aukinnar hagkvæmni, meiri gæða í framleiðslu og minni mengunar fyrir hvert framleitt tonn en verið hefur.

Stærra álver verður líka betra vegna þess að það margfaldar núverandi tekjur Hafnfirðinga vegna aukinnar framleiðslu og breytts skattaumhverfis. Það verður betra því það eykur útflutningsverðmæti þjóðarbúsins til muna og skilar auknum beinum og óbeinum tekjum til samfélagsins á hverju ári. Stærra álver nýtir betur sérhæfða þekkingu starfsfólks síns, eykur starfsöryggi þess til langs tíma og opnar hundruðum nýrra vinnandi handa tækifæri til starfa í álverinu eða afleiddum störfum í margskonar þjónustu við starfsemi þess.

Flestum er ljóst að álverið í Straumsvík hefur náð frábærum árangri í mengunarvörnum. Mengun frá starfsemi þess er langt undir öllum þeim mörkum sem heilsu fólks stafar ógn af. Þess vegna eru kornabörn jafnt sem aldraðir og allt annað fólk óhult í nágrenni álversins og jafnvel miklu betur sett hvað mengun í andrúmslofti varðar en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Á því verður engin breyting með stækkun álversins.

Með ennþá betra álveri í Straumsvík og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til framleiðslu eins umhverfisvænasta smíðaefnis sem völ er á í heiminum, má segja að Íslendingar leggi enn frekar af mörkum til vistvænna búskaparhátta heimsbyggðarinnar. Um það tækifæri er líka kosið þann 31. mars.

| Umfang álversins eftir stækkun | |
|---|---|
| Framleiðsla eykst um | 155% |
| Húsrými eykst um | 85% |
| Lóð stækkar um | 56% |

straumsvik.is

ALCAN

BETRA ÁLVER

## GENGIÐ 27.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,08 | 66,4 |
| Sterlingspund | 129,72 | 130,36 |
| Evra | 88,13 | 88,63 |
| Dönsk króna | 11,828 | 11,898 |
| Norsk króna | 10,838 | 10,902 |
| Sænsk króna | 9,464 | 9,52 |
| Japanskt jen | 0,5585 | 0,5617 |
| SDR | 99,85 | 100,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,0712

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alcan hefur svarað spurningum Persónuverndar varðandi kosningavef:

# Fulltrúi sendur á vettvang

**PERSÓNUVERND** Fulltrúar Persónuverndar munu í dag heimsækja álver Alcan í Straumsvík til að skoða kerfið sem stýrir kosningavef fyrirtækisins.

Stofnunin hafði áður sent Alcan fyrirspurn í átta liðum vegna gagnagrunnsins þann 15. mars eftir að hafa borist þó nokkrar ábendingar vegna hans. Alcan svaraði fyrirspurninni síðastliðinn föstudag og í framhaldinu ákvað Persónuvernd að senda fulltrúa á staðinn.

Gagnagrunnurinn sem um ræðir er læstur með notenda- og lykilorði sem allir starfsmenn Alcan geta fengið afhent. Á vefnum er viðmót sem gerir þeim kleift að fletta upp íbúum Hafnarfjarðar og setja þá á úthringilista.



**SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR** Forstjóri Persónuverndar.

Í svarbréfi Alcan til Persónuverndar kemur fram að fyrirtækið hafi nú þegar gert ýmsar breytingar á viðmóti gagnagrunnsins. Meðal annars hefur spurning um forsendur afstöðu þeirra sem hringt er í verið fjarlægð.

Þar segir einnig að engar sérstakar leiðbeiningar hafi verið veittar til þeirra starfsmanna sem hringdu út „þar til nú". Litið hafi verið svo á að það „lægi í hlutarins eðli" að starfsmenn kynntu hvers vegna þeir hringdu. Til að gæta alls hefði þó verið ákveðið, í tilefni af fyrirspurn Persónuverndar, að leiðbeina starfsmönnum með tilteknum hætti héðan í frá. Þær leiðbeiningar fylgdu með svarbréfinu. - tsj / bj

Sjálfsvíg í Afganistan:

## Fleiri konur kveikja í sér

**AFGANISTAN** Konur bregða í auknum mæli á það ráð að kveikja í sér til að stytta sér aldur í Afganistan. Meðal líklegra orsaka þessa eru nauðganir og ofbeldi innan fjölskyldna og höft á frelsi til að festa ráð sitt samkvæmt eigin vali.

Þessi aðferð hefur orðið æ algengari eftir að hún vakti athygli í sjónvarpinu og vegna þess að konur telja þetta öruggan dauðdaga.

Afgönsk mannréttindasamtök greindu frá þessu, eftir að hafa talað við 800 aðstandendur kvenna sem frömdu slík sjálfsvíg. - kóþ

Forstjóri Landsvirkjunar:

## Arðsemin alveg ásættanleg

**STÓRIÐJA** Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir það rangt hjá Kristínu Pétursdóttur, hagfræðingi og fyrrverandi aðstoðarforstjóra Singer og Fridlander bankans í London, að Landsvirkjun sé rekin með „óviðunandi arðsemi".



**FRIÐRIK SOPHUSSON**

Haft var eftir Kristínu í Fréttablaðinu í gær að íslenskir skattborgarar væru að „niðurgreiða rafmagn" til stóriðju.

„Fyrir liggur samkomulag milli Landsvirkjunar og Alcan á Íslandi um raforkuverð, sem er ekki síðra en það verð sem Fjarðaál greiðir, en það gefur 11,9 prósenta arðsemi eiginfjár. Hagur Landsvirkjunar af sölunni er svipaður og hjá sambærilegum raforkufyrirtækjum á Vesturlöndum," segir Friðrik. - mh

Íslenska óperan:

## Stefán ráðinn óperustjóri

**MENNING** Stjórn Íslensku óperunnar hefur ráðið Stefán Baldursson, leikstjóra og fyrrverandi þjóðleikhússtjóra, sem næsta óperustjóra.



**STEFÁN BALDURSSON**

Stefán hefur störf við óperuna í byrjun maí en Bjarni Daníelsson, núverandi óperustjóri, lætur af störfum 1. júlí næstkomandi. - þo

# Kostnaður takmarkast við 28 milljónir

**Kostnaður við auglýsingar stjórnmálaflokkanna sem eiga fulltrúa á Alþingi má ekki fara yfir 28 milljónir samkvæmt samkomulagi. Engin hætta á því að við munum nálgast nokkurn af þessum flokkum í auglýsingum, segir Ómar Ragnarsson.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálaflokkarnir fimm sem eiga fulltrúa á Alþingi, Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin, Vinstri græn og Frjálslyndi flokkurinn hafa gert með sér samkomulag um að takmarka auglýsingakostnað í aðdraganda kosninganna 12. maí við 28 milljónir króna.

Frá þessu greindu framkvæmdastjórar flokkanna í fréttatilkynningu en frá samkomulagi um að takmarka kostnað við auglýsingar við 28 milljónir króna var greint í Fréttablaðinu síðastliðinn mánudag.

Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, segir samkomulagið vera fagnaðarefni og stuðla að heiðarlegri kosningabaráttu. „Samfylkingin lagði fram tillögu í desember, þegar lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna voru samþykkt, að gert yrði samkomulag um takmörkun á auglýsingakostnaði. Það hefur náðst og það er fagnaðarefni."



Í samkomulaginu felst að stjórnmálaflokkarnir skuldbinda sig til að takmarka kostnað við auglýsingabirtingar í dagblöðum og ljósvakamiðlum á landsvísu. Capacent hefur verið falið að hafa eftirlit með því að flokkarnir fari eftir samkomulaginu.

Við gerð samkomulagsins kom meðal annars fram tillaga um að banna ætti auglýsingar viku fyrir kosningar en samkomulag náðist ekki um þá tillögu.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmiðlum á síðustu dögum voru Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri græn og Frjálslyndi flokkurinn tilbúin til að takmarka kostnað við fimmtán til 20 milljónir, Samfylkingin við 30 milljónir og Framsóknarflokkurinn við 35 milljónir.

Samkomulagið sem hefur verið gert er hið fyrsta sem stjórnmálaflokkarnir gera með sér síðan 1991 og er leið þeirra til að koma böndum á útgjöld vegna kosningabaráttunnar.

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar – lifandi lands, segir flokk sinn ekki hafa bolmagn til þess að auglýsa eins mikið og flokkarnir fimm sem eiga fulltrúa á Alþingi. „Hinir flokkarnir hafa sjálfir skammtað sér 360 milljónir króna úr ríkissjóði með nýjum lögum um fjármál flokkanna, á sama tíma og við fáum ekki krónu. Það er engin hætta á því að við munum nálgast nokkurn af þessum flokkum í auglýsingum og því hefur takmark á auglýsingum lítið að segja fyrir okkur. Það er ekkert víst að við munum geta auglýst neitt í sjónvarpi, nema með því að skrapa saman peningum."

magnush@frettabladid.is

### DÆMI UM AUGLÝSINGAVERÐ

**DV**
Heilsíðuauglýsing framarlega (síða 3, 7, 5 og 9) 150 þúsund.
Óstaðsett 130 þúsund.
Enginn afsláttur veittur til stjórnmálaflokka.

**Fréttablaðið**
Heilsíðuauglýsing
síðu þrjú: 486.600
fimm: 471.200
sjö: 453.200.
25 prósenta afsláttur til stjórnmálaflokka.

**Morgunblaðið**
Heilsíðuauglýsing
síðu þrjú: 463.200
fimm: 422.700
sjö: 401.300.
40 prósenta afsláttur til stjórnmálaflokka, gegn staðgreiðslu.
*(Verð blaða samkvæmt verðskrám)*

**Sjónvarpsstöðvar**
Algengt verð í sjónvarpi er um 2.500 krónur á sekúndu en algengasta lengd á auglýsingum er um tuttugu sekúndur.

FARICE-sæstrengurinn:

## Verð lækkar um helming

**SAMSKIPTI Verðskrá Farice hf., sem á og rekur samnefndan sæstreng, lækkaði um tæpan helming þann 1. janúar síðastliðinn. Þetta kom fram á aðalfundi fyrirtækisins sem var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum í gær.**

**Að sögn Jóns Birgis Jónssonar, fráfarandi stjórnarformanns, var verðið lækkað vegna þess að fjarskiptafyrirtæki noti strenginn mun meira nú en áður. Hann segir neytendur ekki munu finna fyrir verðlækkuninni beint, en fjarskiptafyrirtækin geti boðið upp á hraðari og ódýrari nettengingar.**

**Strengur Farice liggur frá Íslandi til Skotlands og var tekinn í notkun árið 2004.** - sþs

Lestrarkönnun Capacent:

## Fréttablaðið er langmest lesið

**FJÖLMIÐLAR** Samkvæmt nýrri lestrarkönnun Capacent, er Fréttablaðið með 65,1 prósents meðallestur á tölublað. Morgunblaðið mælist með 43,6 prósenta lestur en Blaðið rekur lestina með 38,3 prósenta lestur.

Lestur á aukablöðum Fréttablaðsins er einnig talsvert meiri en hjá samkeppninni. Þannig er meðallestur fasteignablaðs Fréttablaðsins 42,5 prósent, en Morgunblaðs 33,7 prósent. Viðskiptablað Morgunblaðs er lesið af 25,3 prósentum landsmanna, en Markaður Fréttablaðsins af 34 prósentum.

Könnunin var framkvæmd í gegnum síma. Mælt var daglega fyrstu tvo mánuði ársins. - kóþ

**FRAKKLAND**

### Sarkozy úr ráðherrastól

Nicolas Sarkozy hefur sagt af sér sem innanríkisráðherra til að einbeita sér að forsetaframboði sínu. Sarkozy hefur naumt forskot á aðalkeppinauta sína, Segolene Royal og Francois Bayrou.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFUR UM HELGINA**
Á föstudaginn nálgast lægð með vætu á landinu vestanverðu, líklega þó síðdegis en á laugardag eru horfur á fremur stífri sunnan- og eða suðvestan-átt með töluverðu vatnsveðri og það víða á landinu. Mest verður þó úrkoman vestan til á landinu. Á sunnudag verður fremur hæg suðvestanátt með skúraveðri, einkum vestan til. Kortin eru fremur mild næstu daga.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hægviðri og bjart með köflum. Hiti 0-4 stig.

*um hádegi »*






*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C heiðskírt | London | 16°C léttskýjað | Alicante | 16°C skúrir |
| Billund | 13°C heiðskírt | París | 17°C skúrir | Mallorca | 13°C skúrir |
| Osló | 14°C heiðskírt | Frankfurt | 16°C skúrir | Eindhoven | 8°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C heiðskír | Friedrichshafen | 12°C léttskýjað | Basel | 16°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C heiðskírt | Berlín | 12°C skúrir | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# VERKFÆRI
# Á „VITLAUSU“ VERÐI
## Alltaf góð kaup hjá okkur!



**Kr. 3.998,-**
NOVA 18V
Batterísborvél
+ 3,6V Skrúfvél,
borar og skrúfbitar



**Kr. 3.498,-**
NOVA Batterísborvél 18V
+ 91 stk. verkfæri



**Kr. 3.498,-**
Verkfærasett
133 hlutir
með borvél



**Kr. 1.295,-**
NOVA 4,8V Skrúfvél
og skrúfbitar



**Kr. 1.245,-**
Verkfærasett. 55 hlutir



**Kr. 1.965,-**
Verkfærasett
33 hlutir



**Kr. 475,-**
Verkfærasett
5 hlutir



**Kr. 575,-**
4 tangir

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Verkfærasett
84 hlutir
**Kr. 1.480,-**



**Opið mán. - fös. 8-18, laugardaga 9-15**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
*Akureyri - Húsavík*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## KJÖRKASSINN




*Hefði átt að setja meiri takmörk á auglýsingar stjórnmálaflokka?*

| | |
|---|---|
| Já | 57,0% |
| Nei | 43,0% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Verða umhverfismál heitasta kosningamálið?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Ríkisstjórnin ákvað í gær að setja 180 milljónir króna í ferðasjóð sem styrkir íþróttafélög á landsbyggðinni:

# Milljónir settar í ferðasjóð íþróttafélaga

**ÍÞRÓTTIR** Stærsta hagsmunamál íþróttafélaga á landsbyggðinni í áratugi hefur verið stofnun ferðajöfnunarsjóðs. Var víða fagnað úti á landi í gær þegar ríkisstjórnin ákvað að stofna ferðasjóð íþróttafélaga í samræmi við tillögur nefndar sem menntamálaráðherra fól að fjalla um ferðakostnað íþróttafélaga. Alls verða 180 milljónir króna settar í sjóðinn fyrstu þrjú árin.

„Þetta er mikill gleðidagur en þessi ákvörðun markar tímamót fyrir íþróttahreyfinguna," sagði Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótta- og ólympíusambands Íslands, ÍSÍ. Á næstu þremur árum þarf ÍSÍ að breyta bókhaldslyklum og koma sér upp nýjum hugbúnaði til að halda utan um málefni sjóðsins.

„ÍSÍ þarf að koma sér upp reglum á haustmánuðum um hvernig standa skuli að úthlutun úr sjóðnum. Nefnd verður væntanlega sett á laggirnar í vor sem semur reglur um úthlutunina," sagði Stefán en ekkert liggur fyrir um skiptingu sjóðsins. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að allt fé sjóðsins renni til félaga á landsbyggðinni í fyrstu umferð en mikill munur er á ferðakostnaði liða á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu.

Þrjátíu milljónir króna fara í sjóðinn á þessu ári. Sextíu milljónir króna fara í úthlutun 2008 og svo 90 milljónir síðasta árið. Af því sem kemur fram í fréttatilkynningu má geta þess til að ferðakostnaður íþróttafélaga sé allt að 500 milljónir króna vegna þátttöku í Íslands-, bikar- og meistaramótum.

Tilgangurinn með sjóðnum er að jafna aðstöðumun og efla íþrótta- og forvarnastarf. - hbg



**STEFÁN KONRÁÐSSON** Framkvæmdastjóri ÍSÍ er mjög sáttur við að ferðasjóður íþróttafélaga sé loksins orðinn að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

BOÐEIND TÖLVUVERSLUN - ÞJÓNUSTA

Mörkinni 6 Reykjavík S: 588 2061 www.bodeind.is sala@bodeind.is

Frábær fermingartilboð á www.bodeind.is



ASUS A6VM-A
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Verð áður kr. 112.243,-

Frí fartölvutaska, USB laser mús og Norton Systemworks vírusvörn og eldveggur með öllum fartölvum frá Boðeind



Asus A6JA
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium M Dual Core T2400
Skjákort: Radeon X1600 256MB DDR
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-

Frír 2GB USB minnislykill fylgir með A6JA og A6T á meðan birgðir endast



Asus A6T
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: Geforce 7600 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 136.900,-
Verð áður kr. 149.900,-

Innbyggð 1.3 MegaPixla vefmyndavél & hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind



Asus Vintage Vel hönnuð og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-



Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

Boðeind í 20 ár
Þar sem verð og gæði fara saman
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu


# Harðari afstaða Breta í garð Írana

**Tony Blair segist tilbúinn að grípa til annarra ráða beri viðræður um lausn bresku hermannanna sem handteknir voru af Írönum ekki árangur. Íranar segja málið í rannsókn. Bandaríkjaher sýndi herstyrk sinn við heræfingar á Persaflóa í gær.**

**ÍRAN, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagðist í gær vonast til að hægt yrði að fá írönsk stjórnvöld til að láta hermennina bresku lausa með viðræðum en að hann sé tilbúinn til að fara yfir á „annað stig" beri viðræður ekki árangur. Aðspurður um hvað hann meinti með þeim orðum sagði Blair: „Ja, við þurfum bara að sjá til, en það sem þeir ættu að gera sér grein fyrir er að við getum ekki haft ástand þar sem okkar fólk, karlar og konur sem sinna herþjónustu, er handtekið þegar það er í raun inni í íraskri lögsögu í umboði Sameinuðu þjóðanna."

Írönsk stjórnvöld greindu frá því í gær að bresku hermennirnir fimmtán, átta sjóliðar og sjö landgönguliðar sem handteknir voru á föstudag, hefðu fengið „mannúðlega meðferð" og að eina kvenfanganum hefði verið veitt persónulegt næði. Talsmaður utanríkisráðuneytis Írans, Mohammad Ali Hosseini, neitaði að gefa upp hvar þeir væru í haldi og ítrekaði að mál þeirra væri enn í rannsókn. „Málið á að fylgja réttu ferli," sagði Hosseini og bætti við að öfgakennd fjölmiðlaumfjöllun myndi ekki flýta úrlausn.

Þetta atvik, ásamt spennu vegna kjarnorkuáætlunar Írans, varð til þess að olíuverð hækkaði í New York á mánudag. En olíuverð féll á ný í gær sem endurspeglar bjartsýni um að friðsamleg lausn finnist í máli bresku hermannanna.



**HERSKIPIÐ HMS CORNWALL** Hermennirnir fimmtán sem eru í haldi Írana voru í áhöfn breska herskipsins HMS Cornwall. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hermennirnir voru handteknir þegar þeir voru í eftirlitsferð um borð í indversku skipi í nágrenni Shatt al-Arab fljótsins. Að sögn Kevins Aandahl, yfirmanns fimmtu flotadeildar bandaríska sjóhersins, hefur skipstjóri skipsins gefið skýrslu um að skipið hafi verið statt í íraskri lögsögu. Íranar halda því fram að þetta hafi farið fram í íranskri lögsögu.

Flotaher Bandaríkjanna hóf í gær stærstu sýningu á herstyrk sínum á Persaflóa frá innrásinni í Írak árið 2003. Tvö flugmóðurskip, þrettán herskip og yfir hundrað flugvélar tóku þátt í heræfingunni. Talið er víst að þetta muni auka á spennu gagnvart írönskum stjórnvöldum sem hafa ítrekað fordæmt veru Bandaríkjahers við strendur landsins. sdg@frettabladid.is

Dansk-íslenska viðskiptaráðið vill sátt um lagfæringu konungssteina á Geysi:

# Leita samþykkis landeigenda

**UMHVERFISMÁL** „Það var ekki ætlunin að fara fram hjá landeigendum í þessu máli," segir Sigurður Skagfjörð, sem situr í stjórn Dansk-íslenska viðskiptaráðsins. Ráðið vill standa fyrir því að svokallaðir konungssteinar við Geysi verði lagfærðir.

Í sumar eru liðin eitt hundrað ár frá Íslandsheimsókn Friðriks áttunda Danakonungs. Dansk-íslenska viðskiptaráðið vill minnast þess með því að gera endurbætur á konungssteinunum sem eru við Geysi og bera skjaldarmerki þriggja Danakonunga sem heimsóttu Geysi árin 1874, 1907 og 1921. Ráðið fékk heimild hjá bæði Umhverfisstofnun og Fornleifavernd til að flytja steinana í steinsmiðju í Kópavogi þar sem ætlunin er að skerpa á áletrununum sem meitlaðar voru í þá á sínum tíma.



**SIGURÐUR SKAGFJÖRÐ**

Svæðið umhverfis Geysi er sameign nokkurra einstaklinga og ríkisins. Þegar beltagrafa fór inn á hverasvæðið 2. mars síðastliðinn krafðist einn landeigendanna, Þórir Sigurðsson, þess að verkið yrði stöðvað enda hefði ekki verið leitað eftir samþykki allra eigendanna.

Sigurður Skagfjörð segir það hafa verið mistök af sinni hálfu að tryggja ekki samþykki allra eigenda. Eftir því verði nú óskað formlega. „Það verður ekkert gert nema allir séu sáttir," segir Sigurður sem á hinn bóginn hafnar því að rask verði af ferðum gröfunnar sem flytur steinana fram og til baka: „Þetta er ekkert mál. Það er leir þarna undir sem hægt er að slétta með einni hrífu." - gar



**KONUNGSTEINN** Einn konungssteinninn bíður flutnings við vegarbrún hjá Geysi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Byssudagar

## Veiðihornið og Sportbúðin



**Henry 22lr. riffill.** 15 skota með pumpulás ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 39.900 stgr.



**Norinco 22lr. riffill.** Boltalás, 5 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 26.900 stgr.



**TOZ 78-01 22lr. riffill.** Boltalás. 2x5 og 2x10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 29.900 stgr.



**TOZ 78-05 22lr.** riffill. Boltalás. 2x5 og 2x10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 33.900 stgr.



**TOZ 122 308 WIN riffill.** Boltalás. 6 skota magasín ásamt Norconia 8x56 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 57.900 stgr.



**Savage Mark II FSS 22lr. riffill.** Boltalás. 10 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 39.900 stgr.



**Savage 93BTVS 17 HMR riffill.** Boltalás. 5 skota magasín ásamt Norconia 6x40 sjónauka, sjónaukafestingum, byssupoka, skotum og hreinsisetti. Verð aðeins 54.900 stgr.



**Stoeger P350 Synthetic pumpa**
ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum.
Verð aðeins 35.900 stgr.



**Stoeger P350 Camo pumpa**
ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum.
Verð aðeins 39.900 stgr.



**Stoeger 2000 Synthetic.**
Hálfsjálfvirk haglabyssa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. Verð aðeins 51.900 stgr.



**Stoeger 2000 Standard.**
Hálfsjálfvirk haglabyssa ásamt hreinsisetti, **byssupoka og 100 skotum. Verð aðeins 52.900 stgr.**



**Stoeger 2000 Camo.**
Hálfsjálfvirk haglabyssa ásamt hreinsisetti, byssupoka og 100 skotum. Verð aðeins 56.900 stgr.



Og rúsínan í pylsuendanum – Allir sem festa kaup á skotvopni í Veiðihorninu eða Sportbúðinni á byssudögum býðst vandaður byssuskápur frá Buffalo River fyrir 7 byssur á aðeins 14.995 krónur. Tilboð gildir til 1. apríl eða á meðan birgðir endast.

Allir tilboðspakkarnir í auglýsingunni eru einnig fáanlegir á veidihornid.is

VEIÐIHORNIÐ

SPORTBÚÐIN

**Síðumúla 8**
**108 Reykjavík - Sími 568 8410**

**Krókhálsi 5g**
**110 Reykjavík - Sími 517 8050**

Allir geta orðið meistarakokkar

Ítalskt kjúklingasalat

Þú tekur 2 poka af blönduðu salati og blandar við það slatta af ólífum, olíulegnum hvítlauksgeirum úr krukku, furuhnetum, niðurskornum rauðlauk, papriku og dvergtómötum. Síðan bætirðu við steiktum úrbeinuðum kjúklingalærum, lundum eða bringum, salti og pipar.

Klettakálspestó: Þú setur 1 poka af klettakáli (rucola) ásamt 4 hvítlauksgeirum, slatta af furuhnetum og svipað mikið af rifnum parmesanosti í matvinnsluvél. Síðan hellirðu u.þ.b. matskeið af ljósu ediki og sítrónu útí, 2 dl af ólífuolíu, matskeið af sykri og loks salt og pipar. Þetta er maukað vel og síðan hellt yfir kjúklingasalatið.

HOLTA

Gómsætar uppskriftir á www.holta.is
Vinsælasti ferski kjúklingurinn á Íslandi*



GOTT FÓLK McCANN

*Skv. könnun Capacent Gallup, október 2006




**STJÓRNMÁLALEIÐTOGARNIR MYNDAÐIR** Sigríður Dögg og Karl Peterssen mynda leiðtogana káta vel í bragði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Formenn koma saman:

## Ómar í hópi foringjanna

**KOSNINGAR** „Ómar var hrókur alls fagnaðar. En það kemur kannski engum á óvart. Hann fór með tuttugu vísur á þeim klukkutíma sem þessi taka tók. Og samdi meira að segja eina á staðnum,“ segir Sigríður Dögg Auðunsdóttir, ritstjóri Krónikunnar.

Stjórnmálaleiðtogar flokkanna komu saman á mánudagskvöld að undirlagi Sigríðar til ljósmyndatöku. Í næsta tölublaði Króníkunnar mun Gunnlaugur stjörnuspekingur Guðmundsson rýna sérstaklega í stjörnukort allra leiðtoganna og segja svo til um það hverjir eru líklegastir til að eiga farsælt samstarf. - jbg

Fréttastofa Stöðvar tvö og Ísland í dag á faraldsfæti fram að kosningum í vor:

# Sýnir kosningafundi vikulega

**KOSNINGAR** Fréttastofa Stöðvar tvö og Ísland í dag efna til almennra borgarafunda í öllum kjördæmum og sýna í beinni útsendingu hvern miðvikudag fram að kosningum 12. maí. Fyrsti fundurinn verður í Stykkishólmi í kvöld fyrir Norðvesturkjördæmi og næstu vikur ferðast fréttastofan eftir kjördæmum réttsælis kringum landið.

„Við erum að gefa í miðað við áður,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar tvö. „Við gerum skoðanakannanir í öllum kjördæmum sem og yfir allt landið. Við ræðum við frambjóðendur í hverju kjördæmi, tökum við spurningum úr sal og Egill Helgason verður með sérstaka greiningu á hverju kjördæmi og spáir í spilin.“

Hver þáttur verður klukkustundarlangur, nema síðasti þátturinn sem verður einn og hálfur tími að lengd en þar mætast formenn flokkanna. „Formannsfundirnir verða með öðru sniði en venjulega, við ræðum bæði við þá alla saman og hvern í sínu lagi. Þá skyggnumst við bak við tjöldin hjá öllum formönnunum í innslögum sem sýnd verða í Íslandi í dag á mánudögum.“

Kosningafundirnir hefjast allir að loknum fréttum Stöðvar tvö klukkan 18.55. - bs



**Á FERÐ UM LANDIÐ** Kosningafundirnir í kjördæmunum sex verða allir sýndir í beinni útsendingu á miðvikudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

við lagadeild Háskólans í Reykjavík

- Rannsóknartengt meistaranám til ML-gráðu.
- Reiknað er með að námið taki tvö ár.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

UMSÓKNARFRESTUR UM INNGÖNGU Í MEISTARANÁMIÐ HAUSTIÐ 2007 ER TIL OG MEÐ 31. MARS.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: **www.hr.is/lagadeild.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Ofanleiti 2 • Kringlan 1 • Höfðabakki 9
Sími: 599 6200 • www.hr.is

tab ÍTALÍA

# HEILIR STURTU-KLEFAR MEÐ ÖLLU

SÉR TILBOÐ!




Stærðir 80x80 sm 90x90 sm




Stærðir 70x70 sm 75x75 sm 80x80 sm

VERÐ FRÁ 69.900




Stærðir: 80 x 80 sm 90 x 90 sm



Sturtuhaus | Handsturta | Hitastýrð blöndunartæki | 8 nuddstútar | Sæti

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**EÐLUKAKA** Áhugasamur sýningargestur myndar köku í eðluformi á kökusýningu í borginni Taipei í Tævan.
NORDICPHOTOS/AFP

Kosið í Quebec:

## Frjálslyndir stjórna áfram

**KANADA, AP Frjálslyndi flokkurinn í Quebec-fylki í Kanada missti mikið fylgi í fylkisþingkosningum sem fram fóru þar á mánudag, en hélt þó naumlega stöðu sinni sem stærsti flokkurinn og mun því væntanlega skipa fylkisstjórnina áfram sem fyrsta minnihlutastjórnin í nærri 130 ára sögu Quebecþings.**

**Frjálslyndir, undir forystu Jean Charest, fengu nú um þriðjung atkvæða en náðu 46 prósentum í síðustu kosningum. Aðskilnaðarsinnar í Parti Quebecois töpuðu einnig, fóru úr 33 prósentum í 28. Hástökkvari kosninganna var Action Democratique, popúlistaflokkur hægrimanna, sem jók fylgi sitt úr 18 í 31 prósent.**

- aa

# Hafskipsmál sakleysislegt í samanburði

**Sakfellt var í Hafskipsmáli fyrir brot sem líta sakleysislega út miðað við brot stjórnenda Baugs, segir settur ríkissaksóknari. Að hans mati hafa skýringar forstjóra og fyrrverandi aðstoðarforstjóra Baugs tekið miklum breytingum.**

**BAUGSMÁL** Brot sem sakfellt var fyrir í Hafskipsmálinu líta óskaplega sakleysislega út samanborið við þau brot sem stjórnendum Baugs eru gefin að sök, sagði Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, í gær á síðari degi málflutnings hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hafskipsmálið bar á góma þegar Sigurður Tómas hafnaði þeirri vörn sakborninga að heildarmat á stöðu Baugs hefði ekki farið fram heldur skoðuð einstök atvik úr samhengi. Hann vísaði í Hafskipsmálið og sagði að þar hefðu forsvarsmenn fyrirtækisins borið því sama við, en verið sakfelldir.

„Þetta eru mjög sakleysisleg atriði samanborið við ákæruefnin í þessu máli,“ sagði Sigurður Tómas um þau ákæruefni sem sakfellt var fyrir í Hafskipsmálinu.

Sigurður Tómas sagði stjórnendur Baugs hafa brugðist þeim skyldum sem þeir höfðu sem stjórnendur fyrirtækis á markaði, bæði gagnvart hluthöfum og verðbréfamarkaðinum í heild. Brotin snúist um háar upphæðir og þeim hafi verið leynt með skipulegum hætti. Allt eigi þetta að leiða til refsihækkunar.

Skýringar tveggja ákærðu í málinu, þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, hafa tekið margvíslegum breytingum á meðan á rekstri málsins hefur staðið, að mati Sigurðar Tómasar. Hann sagði hins vegar framburð Jóns Geralds Sullenbergers, sem ákærður er í einum ákærulið, hafa haldist óbreyttan frá því hann bar vitni fyrst hjá lögreglu þar til hann gaf skýrslu fyrir dómi.

BAUGS MÁLIÐ

Jón Gerald hefur í raun játað á sig það brot sem hann er ákærður fyrir, sagði Sigurður Tómas. Jón Gerald er ákærður fyrir að hafa aðstoðað Jón Ásgeir og Tryggva við að rangfæra bókhald Baugs með því að útbúa tilhæfulausan kreditreikning.

Sigurður Tómas sagði það fullsannað að þótt Jón Gerald hefði einn verið skráður eigandi samtals þriggja skemmtibáta á Flórída hafi þeir Jón Ásgeir og Jóhannes Jónsson faðir hans átt hlut í bátunum í gegnum Fjárfestingafélagið Gaum, fjölskyldufyrirtæki þeirra. Mánaðarlegar greiðslur frá Baugi til Jóns Geralds, sem ákæruvaldið segir fjárdrátt til að fjármagna hlut Gaums í bátnum Thee Viking, hafi augljóslega verið vegna bátsins en ekki styrkur Baugs til Jóns Geralds eins og Jón Ásgeir og Tryggvi hafa haldið fram.

brjann@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MÖPPUFLÓÐ** Gríðarlegt skipulag þarf til að fjalla markvisst um svo umfangsmikið mál fyrir dómi og hafa bæði Sigurður Tómas Magnússon og verjendur ákærðu dreift möppum með þeim gögnum sem þeir ætluðu að ræða hverju sinni að morgni dags.

## ORÐRÉTT



*„Í öllum löndum heims þar sem verðbréfamarkaður þrífst væri þetta litið gríðarlega alvarlegum augum.“*
Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, sagði að með því að færa kreditreikning frá Nordica og kredityfirlýsingu frá SMS í Færeyjum hafi forsvarsmenn Baugs framið alvarleg brot.



*„Þá ætlar dómurinn að fá sér einn gráan, kaffibolla það er að segja.“*
Ýmsir frasar ætla að verða lífsseigir í réttarsalnum, og með því að kalla til kaffipásu með þessum orðum vitnaði Arngrímur Ísberg dómsformaður í tölvupóst frá Tryggva Jónssyni þar sem hann segist skulda Jóni Gerald Sullenberger einn gráan fyrir að útbúa kreditreikninginn fræga.



*„Í hvert skipti þetta sumar sem Tryggvi settist upp á sláttudráttarvélina hefði hann átt að muna að hann var ekki búinn að greiða fyrir hana.“*
Sigurður Tómas sagði Tryggva Jónsson enga afsökun hafa fyrir því að muna ekki eftir því að greiða sjálfur fyrir sláttudráttarvél, en hann er ákærður fyrir fjárdrátt með því að hafa látið Baug greiða dráttarvélina.



*„Guð minn almáttugur, ekki segja þetta.“*
Gesti Jónssyni, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, þótti sækjandinn fara langt yfir strikið þegar hann gagnrýndi skýringarmyndir sem Tryggvi Jónsson teiknaði í réttarsal vegna viðskipta með bréf í Arcadia.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Verjendur fá nú orðið í réttarsalnum eftir tveggja daga ræðu sækjanda. Gestur Jónsson ríður á vaðið, en hann og Jakob R. Möller munu skipta deginum á milli sín, og tala á víxl um mismunandi ákæruliði.


LAGADEILD



GLÆSILEGUR DÓMSALUR TEKINN Í NOTKUN Í LÖGBERGI, HÚSI LAGADEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lagadeild þakkar eftirtöldum innilega fyrir þeirra framlag: Laganemunum Einari Björgvini Sigurbergssyni og Jóhannesi Eiríkssyni, framkvæmdastjórum Úlfljóts, tímarits laganema, sem áttu frumkvæði að framkvæmdum við salinn og stóðu fyrir því að safna styrkjum; Landsbanka Íslands, Essó, Hollvinafélagi lagadeildar og Dómsmálaráðuneytinu, sem veittu styrki til innréttinga og framkvæmda, og framkvæmdaaðilum á vegum Háskóla Íslands.

Lagadeild Háskóla Íslands hvetur alla hollvini, velunnara og afmælisárganga til að mæta í Lögberg í dag, miðvikudaginn 28. mars milli kl. 17 og 19 og fagna merkilegum tímamótum í sögu deildarinnar.

Hr. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra flytur stutt ávarp í tilefni dagsins.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 36934 03/07

Atkvæðagreiðsla á laugardag:

## Hvattir til að greiða atkvæði

**HAFNARFJÖRÐUR** Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar samþykkti í gærmorgun áskorun þar sem Hafnfirðingar eru hvattir til að nýta sér kosningarétt sinn í atkvæðagreiðslu um stækkun álversins í Straumsvík og greiða atkvæði á laugardaginn kemur.

„Í fyrsta skipti í sögu Hafnarfjarðarbæjar fer fram almenn kosning á meðal íbúa um skipulagsmál. Með kosningunni hafa íbúar Hafnarfjarðar einstakt tækifæri til að hafa áhrif með lýðræðislegum hætti á ásýnd og þróun bæjarins,“ segir meðal annars í áskoruninni.

- ghs

Heimsókn frá Svíþjóð:

## Reinfeldt hittir Geir H. Haarde

**SVÍÞJÓÐ** Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, kemur í opinbera heimsókn til Íslands mánudaginn 2. apríl í boði Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Reinfeldt mun eiga fund með forsætisráðherra og svo munu þeir snæða hádegisverð saman.


FREDRIK REINFELDT

Búist er við að efnahagsmál verði fyrst og fremst til umræðu hjá forsætisráðherrunum tveimur. Eftir fundinn með Geir H. Haarde mun Reinfeldt hitta íslenska kaupsýslumenn í Viðskiptaráði Íslands. Hann flýgur aftur heim til Svíþjóðar á mánudagskvöldið.

- ghs














Við seljum rafmagn.

orkusalan.is

orkusalan

SPENNANDI SAMBAND


Frjálslyndir í Suðurkjördæmi:

## Grétar Mar leiðir listann

**STJÓRNMÁL** Grétar Mar Jónsson, skipstjóri og varaþingmaður, mun leiða lista Frjálslynda flokksins í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar í vor. Þetta var kynnt á fundi í Fræðasetrinu í Sandgerði í gær.

Grétar Mar var á sínum tíma forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins. Hann hefur einu sinni tekið sæti á þingi fyrir Gunnar Örn Örlygsson.

Annað sætið skipar Óskar Þór Karlsson, fiskverkandi í Reykjanesbæ, og það þriðja Hanna Birna Jóhannsdóttir, stuðningsfulltrúi í Vestmannaeyjum. - sh



GRÉTAR MAR JÓNSSON

Farfuglar boða sumarkomu og hækkandi sól:

# Sást til lóunnar á Höfn og í Kópavogi

**NÁTTÚRA** Fyrstu heiðlóur þetta vorið sáust við Einarslund á Höfn í Hornafirði í gærmorgun. Það var Björn Arnarson, starfsmaður Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, sem sá fuglana á flugi þar sem stöðin hefur aðstöðu til fuglamerkinga. Frá þessu er greint á vefnum fuglar.is.

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, íbúi í Kópavogi, hafði samband við Fréttablaðið í gær. Sagðist hún hafa séð lóuna við Sunnuhlíð, dvalarheimili eldri borgara.

Lóan er stundvís fugl. Í fyrra sáust fyrstu heiðlóur ársins við Ósland á Höfn 25. mars. Á undanförnum árum hafa fyrstu fuglarnir sést á tímabilinu 20.-31. mars og í fjögur skipti 24. mars.

Björn var að líta eftir fuglum þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann segir að farfuglar komi í stórum hópum til landsins þessa dagana. „Núna rétt áðan flaug stór álftafleki hér yfir. Á Kvískerjum í Öræfum eru hundruð ef ekki þúsundir skógarþrasta.“ Grágæs hefur sést ásamt tjaldi sem hefur fjölgað gríðarlega við Höfn að undanförnu, segir Björn.

Fuglaathugunarstöðin hefur verið starfrækt í tvö ár og annast talningar og fuglamerkingar. „Við erum að halda uppi starfi Hálfdáns Björnssonar á Kvískerjum sem vann að rannsóknum á náttúru og sögu Austur-Skaftafellssýslu í rúm 60 ár.“ Björn segir að merkingarnar fari rólega af stað og í gærmorgun voru aðeins merktir ellefu fuglar. Á góðum degi eru merktir 50 til 60 fuglar en metið er 135 merktir fuglar á einum degi. - shá



**VORBOÐI** Heiðlóan kemur síðustu dagana í mars á hverju ári og fjöldi annarra farfugla kemur á svipuðum tíma. MYND/FUGLAR.IS








**THAN SHWE** Leiðtogi herforingjastjórnarinnar á „Degi hersins“ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Herforingjastjórnin í Búrma:

## Hátíðahöld í nýrri höfuðborg

**BÚRMA, AP Yfirmaður herforingjastjórnarinnar í Búrma (Myanmar) hét því í gær að halda hernum sterkum til að tryggja einingu landsins „svo það geti haldið ótrautt áfram á efnahagslegri og pólitískri framfarabraut“.**

**Than Shwe yfirhershöfðingi var eini ræðumaðurinn við hátíðahöld á „Degi hersins“ í nýrri höfuðborg landsins, sem erlendum blaðamönnum var í fyrsta sinn boðið að heimsækja af þessu tilefni. Nýja höfuðborgin, Naypyitaw, hefur verið byggð upp samkvæmt ákvörðun herforingjanna í ruddum frumskógi 460 km norður af gömlu höfuðborginni Rangún (Yangon).** - aa

Kona dæmd til refsingar:

## Faldi pilluglas í leggöngunum

**DÓMSTÓLAR** Ung kona hefur verið dæmd til að greiða 270 þúsund krónur í sekt, auk ökuleyfissviptingar í tvö ár fyrir fíkniefnabrot.

Hún ók bifreið undir áhrifum amfetamíns í september á síðasta ári. Sama dag og það gerðist reyndi hún að smygla inn til fanga á Litla-Hrauni 130 róandi töflum og slatta af amfetamíni í pilluglasi sem hún hafði falið í legöngum sínum.

Auk ofangreindrar refsingar var konunni gert að greiða 187 þúsund krónur í sakarkostnað. Fíkniefnin voru gerð upptæk.

-jss



**JAAP DE HOOP SCHEFFER** Enginn innri ágreiningur um Kosovo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SÞ-áætlunin um Kosovo:

## Einróma stuðningur NATO

**BRUSSEL, AP** Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa náð samstöðu sín í milli og styðja nú allar sem ein áætlun sérlegs erindreka Sameinuðu þjóðanna um framtíð Kosovo, en samkvæmt henni mun héraðið fá sjálfstæði frá Serbíu undir alþjóðlegu eftirliti. Frá þessu greindi Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, í gær.

Áætlun SÞ-erindrekans Marttis Ahtisaari var kynnt fyrir öryggisráði SÞ á mánudag. Í inngangi að áætluninni sagði Ahtisaari að „eina lausnin sem vænleg er til árangurs er að Kosovo fái sjálfstæði, undir alþjóðlegu eftirliti til að byrja með“.

- aa

Ströng umferðarlög í Indlandi:

## Reykingar við akstur bannaðar

**INDLAND, AP** Bannað er að reykja undir stýri í höfuðborg Indlands, Nýju-Delí, samkvæmt úrskurði réttar í borginni. Er þetta talið í fyrsta sinn sem slíkt bann er sett á í heiminum.

Bannið er hluti af aðgerðaáætlun undir yfirskriftinni „Vegir í Nýju-Delí eru hættulegir mannslífum“. Einnig verður bannað að tala í farsíma undir stýri og umferðarsektir hækkaðar.

„Hvað sem dreifir athygli ökumanns er hættulegt. Mannshugurinn getur ekki gert tvo hluti samtímis,“ sagði yfirmaður umferðarmála í borginni.

- sdg






## „ORÐRÉTT“

*Er það rangt?*

**„Okkur þætti eflaust súrt ef gerð yrði Hollywood-stórmynd um sögu Íslands, þar sem Jón Sigurðsson forseti nemur hér land en neyðist til að berjast um yfirráð í landinu við Sturlu Sighvatsson og Vigdísi Finnbogadóttur.“**

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR SKRIFAR UM SÖGUFÖLSUN Í BÍÓMYNDUM.

Morgunblaðið 27. mars

*Heiðarlegur með eindæmum*

**„Mér þótti vænt um að fá siðferðisvottorð í Reykjavíkurbréfinu þar sem nauðsynlegt þótti að gefa í skyn að ég væri hvorki leigupenni né mútuþegi.“**

SIGURÐUR LÍNDAL EKKI PAR SÁTTUR VIÐ REYKJAVÍKURBRÉF MORGUNBLAÐSINS.

Fréttablaðið 27. mars

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HILDUR SVERRISDÓTTIR LAGANEMI

## Píkusögur á hrakhólum

„Það er allt fínt að frétta af mér, bara brjálað að gera,“ segir Hildur Sverrisdóttir, laganemi og fyrrverandi framkvæmdastýra V-dagsins. Hildur er í óðaönn við verkefna- og ritgerðaskil í Háskólanum í Reykjavík og hefur auk þess ekki séð fyrir endann á V-deginum, sem haldið var upp á víða um land helgina 15.-18. mars. Á laugardeginum átti að setja upp Píkusögur á Ísafirði en veðrið setti strik í reikninginn. „Ég og Þórey Vilhjálmsdóttir komum til Ísafjarðar um morguninn en síðar um daginn varð ljóst að listamennirnir sem ætluðu að koma fram yrðu veðurtepptir í Reykjavík. Við Þórey þurftum þá að sníða stakkinn upp á nýtt; Þórey var komin í leikstjórastólinn og ég ætlaði meira að segja að taka að mér að leika í verkinu. En svo kom í ljós að Óshlíðin var líka ófær og þar sem við vissum af mörgum Bolvíkingum sem ætluðu að koma ákváðum við að fresta dagskránni. Píkusögur verða sem sagt settar upp á Ísafirði annað kvöld, fimmtudaginn 29. mars.“



Hildur hafði þó ekki bitið úr nálinni með veðrið þessa helgi; daginn eftir fór hún í bæinn og áleiðis til Selfoss að sjá Píkusögur. „Þá vildi ekki betur til en svo að ég og Þórey festumst á Hellisheiðinni og þurftum að bíða dágóða stund áður en vaskir björgunarsveitarmenn komu okkur til bjargar. En allt reddaðist þetta að lokum,“ segir Hildur, sem barmar sér ekki þrátt fyrir hrakfarirnar. „Stundum þarf maður að fórna sér fyrir málstaðinn,“ segir hún og hlær.

## BARNAMATUR:

### FRÆGASTA „BARNIÐ“

■ Barnið sem prýðir merki Gerber barnamatsins er líklega eitt frægasta „barn“ í heimi. Myndin er af Ann Turner Cook sem var fjögurra mánaða þegar myndin var gerð árið 1928. Í dag er Ann þessi rithöfundur og fyrrverandi enskukennari. Hún verður áttræð á næsta ári. Gerber-fyrirtækið var stofnað í Fremont, í Michiganfylki í Bandaríkjunum, árið 1928. Frú Dorothy Gerber var að brytja og stappa mat fyrir dóttur sína þegar hún fékk hugmyndina að fjöldaframleiddum barnamat. Nokkrum mánuðum síðar varð Gerber barnamaturinn að veruleika og sló í gegn.



## SJÓNARHÓLL

**BREYTT HEGNINGARLÖG UM VÆNDI**

## Erum öll að selja okkur

„Ef fólk vill selja sig þá bara verði því að góðu. Annars hef ég ekki myndað mér fasta skoðun á þessu máli. Ég ber hins vegar vissa virðingu fyrir vændikonum en finn mikið til með kúnnunum. Mér þykja þeir vera það aumkunarverðasta við vændið. Mér líst samt ekkert á mannsal,“ segir Snorri Ásmundsson, listamaður og fyrrum forsetaframbjóðandi. Alþingi samþykkti nýverið breytingu á hegningarlögum sem gera það hvorki refsivert að stunda vændi né kaupa það, svo lengi sem að þriðji aðili hagnist ekki á því. Snorri segir vændi tíðkast allstaðar í þjóðfélaginu og því megi yfirfæra lögmál vændisins á aðra þætti þess.„ Við búum við kapitalisma og kapitalisminn er trúarbrögðin. Hann er drifkrafur í þjóðfélaginu og stýrir því. Þannig að menn gera náttúrulega allt fyrir peninganna. Ég er ekkert hlynntur þessari stöðu, en það er bara ekkert við því að gera. Þetta er staðreyndin sem við búum við. “



**SNORRI ÁSMUNDSSON**
Listamaður



**DÚNDUR TÓNLEIKAR** Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands léku ásamt nemendum 6. bekkjar Selásskóla á tónleikum í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


# VIÐ ERUM BÚIN AÐ SKRIFA UNDIR

## AF ÞVÍ AÐ:



*„Ég vil búa í landi þar sem arðsemi og samkeppni ráða því hvaða atvinnuvegir byggjast upp.“*

*Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP*

*„Ég vil ekki sitja hjá þegar náttúruverðmætum er fórnað fyrir fleiri virkjanir í þágu stóriðju. Okkur gefast aðrir og betri kostir en álver, virkjum fleira en vatn!“*

*Guðrún Agnarsdóttir, læknir*





*„Ég vil að börnin mín og barnabörn fái að njóta þess að búa í krafmiklu og stórkostlegu landi. Landi sem er fyrirmynd framsýnna þjóða.“*

*Birna Helgadóttir, líffræðingur*

*„Ábyrg þjóð í auðugu landi - fyrir augliti Guðs.“*

*Sr. Örn Bárður Jónsson, prestur*



SKRIFAÐU UNDIR

**SÁTTMÁLA UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS**

OG GERÐU FRAMBJÓÐENDUR OG ÞINGMENN GRÆNA INNI Á **FRAMTIDARLANDID.IS**

eða sendu sms-ið „framtid [kennitala]“ í númerið 1900 (kostar 19 kr.)

**FJÖLDINN SKIPTIR MÁLI NÚNA**


# Kynslóðir mætast í tónlistinni

**Nemendur í 6. bekk Selásskóla lögðust á eitt með félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands á dögunum og sömdu nýtt tónverk sem þeir fluttu við góðar undirtektir í sal skólans síðastliðinn föstudag.**

Sumir nemendanna höfðu varla snert á hljóðfæri fyrr en víluðu þó ekki fyrir sér að flytja kortersslangt tónverk á tónleikunu. Þetta er verkefni sem er liður í fræðsludagskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar sem miðar að því að færa tónlistina út í skólana og fá nemendur til að taka þátt í að skapa, spila og koma fram.

Þórhildur Kristinsdóttir lék á alt-tréspil í fyrrgreindu verki og stóð sig með stakri prýði. Hún fór ásamt fleiri nemendum á tónleika Sinfóníunnar síðastliðinn fimmtudag og segir þá reynslu hafa verið alveg ágæta. „Tónlistin var mjög flott en ég hef ekki farið á svona tónleika áður. Við fengum að vita alls konar hluti um hljóðfærin og hvernig hljómsveitin stillir sér upp og spilar.“ Þórhildur útskýrir að nýja tónverkið hafi byrjað sem smábútur af hinu valinkunna lagi „Singing in the Rain“ en síðan hafi tónsmiðirnir bætt við nýjum stefjum og búið til texta. „Textinn fjallar um það hvernig maður leysir vandamál,“ útskýrir hljóðfæraleikarinn ungi en Þórhildur er ekki með öllu ókunnug klassískri tónlist því hún hefur lært á píanó í nokkur ár.

Tveir tónlistarkennarar höfðu veg og vanda af verkefninu, þær Þórdís Heiða Kristjánsdóttir og Hildur Guðný Þórhallsdóttir, en Brjánn Ingason, Ari Vilhjálmsson, Árni Áskelsson og Martin Frewer hljóðfæraleikarar í Sinfóníunni lögðu gjörva hönd á plóg og hjálpuðu nemendum að ná tökum á einstaka hljóðfærum og leiðbeindu við spilamennsku. Þórhildur kveðst halda að samnemendur sínir hafi haft mjög gaman af verkefninu og lært heilmikið af því.



**EINBEITING Í GANGI** Slagverksleikararnir þurftu að gæta sín á að slá réttan takt.

Þetta er í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á í fræðslustarfi sveitarinnar en þar sem vel tókst til með framkvæmdina er viðbúið að ný tónverk fái að hljóma í fleiri kennslustofum í framtíðinni.

kristrun@frettabladid.is



**BLÓMATÍNSLA** Taívönsk kona týnir blóm stofuköllu á akri skammt frá borginni Taípei. Yfirvöld í Taípei hafa hrundið af stað kynningarherferð fyrir stofuköllu. NORDICPHOTOS/AFP

# Barnaspítali Hringsins fær gjafafé afhent

Barnaspítali Hringsins fékk á síðasta ári 300 milljónir króna að gjöf til styrktar reksturs hágæslueiningar fyrir börn.

Gefendur eru Jóhannes Jónsson kaupmaður og börn hans, Kristín Jóhannesdóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson. Á dögunum var spítalanum afhentur annar hluti gjafafjársins.

Gjafaféð hefur verið notað til kaupa á tækjabúnaði og þjálfunar starfsfólks til starfa við hágæslueininguna. Þannig er unnið að uppbyggingu og skipulagi slíkrar einingar á spítalanum.

Greinileg þörf er fyrir þessa þjónustu á Barnaspítala Hringsins en undanfarna mánuði hafa tíu börn verið vistuð á hágæslu nokkra daga í senn. - þo




GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453




Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift.
Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

**Kaupþing vex með þér**

KAUPÞING

*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.



## Heldurðu virkilega að þú græðir á útsölu á jólaskrauti á aðal sölutíma þess?

Sífellt verður algengara að viku eftir að jólaskrautið kemur í hillurnar er farið að selja það með risa afsláttum og tilboðum sem standa til jóla. En er tilboðið jafn gott og það lítur út fyrir að vera?
Múskó-væðing viðskiptalífsins fer illa með neytendur.

**Skoðaðu málið á www.musko.is**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## Svona erum við

> Meðalaldur kvenna við fæðingu frumburðar:




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** EVRÓPUSAMBANDIÐ (ESB)

# *Sjálfviljugt samstarf lýðræðisríkja*

Þess er minnst víða í Evrópu þessa dagana að fimmtíu ár eru liðin síðan Evrópusambandið var stofnað með Rómarsáttmálanum 1957. Sáttmálinn kveður á um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu.

**Hvað er Evrópusambandið?**
Evrópusambandið er sjálfviljugt samstarf fullvalda lýðræðisríkja sem hafa það að markmiði að standa vörð um lýðræði, mannréttindi og frelsi einstaklingsins til orðs og athafna. Efnahagssamvinna hefur frá upphafi verið kjarni Evrópusamstarfsins sem byggist á opnu markaðshagkerfi með félagslegri vídd. Samstarfið er hins vegar í stöðugri þróun hvað varðar form og inntak og í dag nær það til fjölmargra sviða svo sem umhverfismála, félagsmála og rannsókna- og tækniþróunar.

**Hvað eru mörg lönd í ESB?**
Í upphafi samstarfsins voru aðildarríkin sex talsins en eru nú yfirþjóðleg samtök 27 Evrópuríkja með höfuðstöðvar í Brussel. Sambandið var stofnað í núverandi mynd með undirritun Samnings um Evrópusambandið, sem þekktur er sem Maastricht-samningurinn, hinn 7. febrúar 1992. Stór hluti af starfsemi sambandsins hafði þó áður farið fram innan stofnana sem rekja sögu sína aftur til 6. áratugar 20. aldar.



**Hvernig er skipulag ESB?**
Stofnanir og lagareglur Evrópusambandsins eru fjölmargar og hlutverk þeirra skarast oft. Á seinni árum hefur verið hreyfing í þá átt að sameina og einfalda samningana og er Stjórnarskrá Evrópusambandsins dæmi um það. Oft er talað um þrjár stoðir ESB en þær eru: 1. Evrópubandalagið. Áður en stofnun Evrópusambandsins var lýst yfir var nafnið Evrópubandalagið notað yfir þau lönd sem þá voru þátttakendur í samstarfinu. Evrópubandalagið er enn þá til en nú sem fyrsta stoð ESB. 2. Sameiginleg utanríkis- og öryggisstefna. Samvinna á sviði utanríkismála sem hófst árið 1970. 3. Lögreglusamvinna og lagaleg samvinna í refsimálum. Aðildarríki EB hafa haft samvinnu um svokölluð lagaleg og innri málefni allt frá árdögum bandalagsins.

**SPURT & SVARAÐ**
**SKORTUR Á VERKFRÆÐINGUM**



LOGI KRISTJÁNSSON
Framkvæmdastjóri Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands.

## *Fjölbreyttir möguleikar*

Skortur er á verkfræðingum á íslenskum atvinnumarkaði. Eftirspurnin er ekki aðeins hjá verkfræðistofum heldur hafa fjármálafyrirtæki og sjúkrahús aukna þörf fyrir verkfræðinga. Logi Kristjánsson er framkvæmdastjóri Tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélags Íslands.

**Hversu marga verkfræðinga vantar út í atvinnulífið á Íslandi?**
Ég geri mér ekki nákvæmlega grein fyrir því en þeir eru þó nokkrir. Skortinn er einfaldast að sjá með því að fara yfir atvinnuauglýsingar. Eftirspurnin er gríðarleg.

**Hvers vegna er eftirspurnin svona mikil?**
Við höfum staðið hér í margfalt meiri framkvæmdum en nokkru sinni áður. Það er sprengja í húsbyggingum, virkjanaframkvæmdirnar hafa einnig kallað eftir miklum mannafla og svo hafa fjármálafyrirtæki áttað sig á því hvað fólk með verkfræðimenntun nýtist vel. Það hefur verið slakað svo á stærðfræði í mörgum öðrum greinum. En eftir því sem tæknivæðingin verður meiri verður þörfin fyrir stærðfræðimenntun meiri.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

# Þrjár þyrlugerðir til skoðunar

**Nú er ár liðið síðan tilkynnt var um einhliða ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að færa orrustuþotur og þyrlur frá Keflavíkurflugvelli á næstu sex mánuðum. Þá var strax ljóst að nauðsynlegt yrði að efla þyrlusveit Landhelgisgæslu Íslands til að taka við því björgunarþjónustuhlutverki sem þyrlusveit varnarliðsins hafði sinnt hérlendis um áratuga skeið.**

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, skipaði í mars 2006 þriggja manna starfshóp til að útfæra hugmyndir um hvernig yrði best staðið að því að efla þyrlusveit Landhelgisgæslu Íslands (LHG). Starfið leiddi Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, í samráði við Georg Lárusson, forstjóra LHG, og samstarfsmenn hans. Leifur Magnússon verkfræðingur tók einnig að sér ráðgjafarstörf fyrir starfshópinn um þá þætti sem lúta að vali á þyrlum.

### Bráðabirgðalausn og framtíðin

Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, kynnti á ríkisstjórnarfundi 18. apríl tillögu um bráðabirgðalausn um eflingu þyrlusveitarinnar. Leigðar skyldu til landsins tvær þyrlur af sambærilegri gerð og voru þegar í rekstri og starfsfólki LHG yrði fjölgað til að halda úti tveimur þyrluvöktum allan sólarhringinn allan ársins hring. Tillagan miðaði að því, að ekki drægi úr þyrlubjörgunargetu hér við land við brotthvarf þyrlna varnarliðsins.

Þremur mánuðum síðar kynnti dómsmálaráðuneytið hugmyndir að framtíðarskipulagi þyrlubjörgunarþjónustu hérlendis, byggt á annarri skýrslu nefndarinnar. Í stuttu máli var megintillagan að með útboði yrði leitað eftir kaupum á þremur nýjum, stórum, langdrægum björgunarþyrlum, en auk þess verði minni þyrla áfram í rekstri.

### Staðan í dag

Ári síðar er staða flugdeildar LHG sú að flugflotinn samanstendur af fjórum þyrlum og einni flugvél. Tvær Super Puma-þyrlur, TF-LIF og leiguþyrlan LN-OBX eða „Steinríkur", tvær Dauphin-vélar, TF-SIF og leiguþyrlan TF-EIR. Í vor mun ein Super Puma í viðbót bætast í flotann en væntanlega mun þá „Steinríki" verða skilað.

Frá því að ákvörðun um tvöföldun þyrluvakta var tekin hefur verið ráðinn flugrekstrarstjóri auk þess sem ráðnir hafa verið fimm flugmenn, fjórir stýrimenn/sigmenn, fjórir flugvirkjar/spilmenn. Einnig hefur verið ráðið starfsfólk sem sinnir flugvernd, gerð áhafnaskrár og fleira.

### Samstarf við Norðmenn

Starfshópurinn mælti með því frá upphafi að rætt yrði við norsk stjórnvöld um samstarf við þyrlukaup og unnið yrði að nánu samstarfi við þjóðir við Norður-Atlantshaf um samvinnu í leit og björgun í hafinu, þar á meðal með samnýtingu á þyrlukosti. Fulltrúar norskra og íslenskra stjórnvalda hafa síðan fundað tvisvar um hugsanlegt samstarf á sviði þyrlubjörgunarmála. Bæði var fjallað um kaup á þyrlum og um almennt samstarf á sviði leitar- og björgunarmála.

Norðmenn ætla að endurnýja þyrluflota sinn á næstu árum og skipta út tólf björgunarþyrlum sem þar hafa þjónað í 35 ár. Norska ríkisstjórnin birti tilkynningu 1. febrúar 2007 þar sem tekið er fram að efna skyldi til opins útboðs vegna kaupa ríkisins en fallið hafi verið frá nýtingu umsamins kaupréttar á herþyrlutegund sem koma átti í stað núverandi þyrla þeirra. Má ætla að þessi ákvörðun stórauki líkur á því að Íslendingar taki þátt í útboði með norskum stjórnvöldum. Það ætti að skila miklum ávinningi eins og sannaðist í tilfelli Dana sem náðu mjög hagstæðum samningum með útboði.

### Framtíðarþyrlurnar

Í fyrirhuguðum kaupum á nýjum björgunarþyrlum virðast íslensk stjórnvöld nú eiga tvo kosti. Í fyrsta lagi að Ísland fari sínar eigin leiðir, sem gæti stjórnast af því að Norðmenn kaupi of stóra þyrlu fyrir hefðbundin verkefni LHG. Sérútboð Íslands á þremur nýjum björgunarþyrlum þyrfti þá að miða við ítarlega tæknilega kröfulýsingu, sem hér þyrfti að semja – og myndi þá væntanlega leiða til þess að samkeppnin yrði fyrst og fremst milli núverandi gerða af Sikorsky S-92 og Eurocopter EC225.

Hinn kosturinn er að stefna áfram að nánu samstarfi Íslands og Noregs í slíkum kaupum, sem gæti leitt til hagstæðari lausna fyrir bæði ríkin. Sameiginlegt alþjóðlegt útboð myndi þá miða við útboðsskilmála norskra stjórnvalda og einkum stæði þá valið á milli fyrirhugaðra þróaðri gerða AgustaWestland EH101 og Sikorsky S-92.

### Samstarf er hagfellt

Ýmsar ytri aðstæður, svo sem erfið veðurskilyrði og hnattstaða, eru Íslandi og Noregi sameiginlegar. Bæði ríkin bera einnig ábyrgð á mjög stórum leitar- og björgunarsvæðum á Norður-Atlantshafi. Þessi rök vega þungt og verða sennilega til þess að íslensk stjórnvöld verða samferða Norðmönnum við kaup á þyrlum. Með því má spara umtalsvert fjármagn og tryggja öflugan bandamann í uppbyggingu björgunarþjónustu hérlendis til næstu áratuga.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

## FRAMTÍÐARÁSÝND ÞYRLUFLOTANS

Árið 2005 gaf norska dómsmálaráðuneytið út ítarlega kröfulýsingu þar sem er að finna ýmsar „skyldukröfur", sem nýjar björgunarþyrlur verða að fullnægja til að geta komið til álita. Meðal þeirra er að geta flogið 240 sjómílur á haf út, bjargað þar 25 manns um borð, flogið til upphafsstaðar, og átt þar varaeldsneyti til 30 mínútna flugs. Þar er einnig birtur fjöldi „æskilegra krafna", og meðal þeirra er að geta flogið 300 sjómílur á haf út og bjargað 25 manns.

Þær fjórar þyrlugerðir, sem fulltrúar Noregs fjölluðu fyrst og fremst um á fundum með íslenskum stjórnvöldum, voru AgustaWestland EH101, Eurocopter EC225, NH Industries NH90 og Sikorsky S-92. Tvær gerðir hafa afgerandi yfirburði, þ.e. fyrirhugaðar þróaðar gerðir af AgustaWestland EH101 og Sikorsky S-92.

Þeir þrír þyrluframleiðendur, sem helst koma til álita, hafa á undanförnum níu mánuðum allir sent fulltrúa sína til Reykjavíkur til að kynna björgunarþyrlur sínar. Eurocopter var hér 7. júní 2006, að kynna EC225. AgustaWestland kynnti EH101 á fundi 28. nóvember 2006, og Sikorsky kynnti S-92 þyrluna hér á landi 6. febrúar 2007.



EUROCOPTER



AUGUSTAWESTLAND EH101



SIKORSKY S-92

Verið velkomin í upplýsingamiðstöðina

Verið velkomin í upplýsingamiðstöð álversins í Firði og kynnið ykkur rök fyrir stækkun álversins í Straumsvík og hvernig hún gerir gott álver ennþá betra.

Upplýsingamiðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 14:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 11:00 – 16:00.

straumsvik.is

ALCAN BETRA ÁLVER

Rannsóknir á tvíburum:

# Hálf-eineggja og tvíkynja

Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa upplýst um heimsins eina þekkta tilfelli „hálf-eineggja“ tvíbura, sem þannig eru til komnir að tvær sæðisfrumur frjóvguðu eitt egg sem síðan varð að tveimur fóstrum.

Í vísindaritinu Nature er greint frá því, að tvíburarnir séu þannig með nákvæmlega sama erfðaefnið frá móðurinni en aðeins til hálfs sama erfðaefni frá föðurnum.

Í um eitt prósent tilvika frjóvga tvær sæðisfrumur eitt egg, en flest fóstur sem verða til þannig lifa ekki af.

Tvíburarnir sem um ræðir voru getnir með náttúrulegum hætti. Að eitthvað óvenjulegt væri við þá uppgötvaðist bara í framhaldi af því að annar þeirra greindist tvíkynja, það er með vísi að bæði kven- og karlkynfærum. Hitt barnið er alveg karlkyns, af líkamseinkennum að dæma. En genapróf sýndi að báðir tvíburarnir eru genatæknilega blandaðir, það er bæði með frumur með kvenkyns X-litningum og karlkyns Y-litningum. - aa



**FÓSTURVÍSAR** Tvíburarnir eru komnir úr einu eggi sem tvær sæðisfrumur frjóvguðu.

# Eitruð risakarta slær met

Stærsta karta sem um getur fannst á dögunum nærri Darwin í Norður-Ástralíu. Hún mældist yfir 20 cm að lengd – 40 cm með fætur útteygða – og nærri eitt kíló að þyngd.

Risakörtur af þessu tagi eru eitraðar og mikil plága á þessum slóðum. Yfirvöld hafa hvatt fólk til að veiða þær hvar sem til þeirra næst. Þær voru upprunalega fluttar til Queensland-héraðs í Norður-Ástralíu frá Hawaii á fjórða áratugnum, í því skyni að hamla gegn útbreiðslu ágengrar bjöllutegundar sem gerði ræktendum lífið leitt. - aa



**TOADZILLA** Risakartan hefur verið kölluð Toadzilla í áströlskum fjölmiðlum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


# Aðalfundur Actavis Group hf.

## 4. apríl 2007 kl. 12.00

**Aðalfundur Actavis Group hf. verður haldinn miðvikudaginn 4. apríl 2007 á Nordica Hotel að Suðurlandsbraut 2 og hefst fundurinn kl. 12.00.**

***Á dagskrá fundarins er:***

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir síðastliðið starfsár lagður fram til staðfestingar.*
3. *Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.*
4. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.*
5. *Stjórnarkjör.*
6. *Kjör endurskoðenda.*
7. *Tillaga um starfskjarastefnu.*
8. *Tillaga um heimild til handa stjórn til kaupa á eigin hlutum í félaginu.*
9. *Tillögur um nýjar samþykktir þar sem helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:*
   a. *Ákvæði í 4. gr. um rafræna þátttöku í hluthafafundum og rafræna hluthafafundi.*
   b. *Ákvæði í grein 4.13 um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu og um heimild til handa stjórn til kaupa á eigin hlutum í félaginu.*
   c. *Ákvæði í grein 5.1 um að auk 5 stjórnarmanna skuli á aðalfundi kjósa allt að 3 varamenn í stjórn félagsins.*
   d. *Ákvæði í greinum 5.2-5.4 um upplýsingar um framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.*
   e. *Í 14. gr. er stjórn félagsins veitt ný heimild til hækkunar hlutafjár félagsins um allt að 100 milljónir króna að nafnverði. Skulu hinir nýju hlutir nýttir til að efna skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem kunna að verða gerðir við starfsmenn á næstu árum. Gildir forgönguréttur hluthafa ekki um hækkun hlutafjár samkvæmt heimild þessari.*

   *Að öðru leyti eru efnisbreytingar minniháttar og varða eingöngu endurröðun greina og breytingar á orðalagi samþykkta.*
10. *Önnur mál.*

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins að Dalshrauni 1, Hafnarfirði, hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.actavis.com.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 11.00 á fundarstað.**

Reykjavík, 27. mars 2007,
stjórn Actavis Group hf.

**Nánari upplýsingar veitir Halldór Kristmannsson í síma 535 2300 og í netfanginu hkristmannsson@actavis.com.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8865



actavis

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Hvernig ætla flokkarnir að bregðast við áhuga kjósenda á skattamálum?

# Humar eða fiskibollur úr dós

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ein meginátakalína stjórnmálanna hefur löngum hverfst um viðhorf fólks til skattheimtu. Þeir sem vilja lækka skatta liggja gjarnan undir ámæli um að vilja bæta hag hinna ríku en vera slétt sama um smælingja samfélagsins, og öfugt með hina sem eru fylgjandi háum sköttum.

Rökin gegn lækkun skatta eru í grófum dráttum annars vegar þau að hinir ríku hagnast í krónum talið mun meira á skattalækkunum en hinir efnaminni og hins vegar að lágir skattar draga úr tekjujöfnunaráhrifum skattkerfsins. Skattheimta á sem sagt að vera ein leið til að auka jöfnuð og réttlæti í samfélaginu. Verkalýðshreyfingin, með ASÍ í fararbroddi, hefur lagt ríka áherslu á þetta sjónarmið.

Nú bar hins vegar svo við að þegar virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður um síðustu mánaðamót mótmælti enginn. Þvert á móti var skattalækkununum fagnað um allar grundir, þar á meðal af ASÍ í sérstakri ályktun.

Óréttlætið sem felst í þessari skattalækkun er þó augljóst því þeir sem geta leyft sér að hafa nautasteik og humar í matinn um hverja helgi græða auðvitað miklu meira en hinir sem þurfa að láta sér duga kjötfars og fiskibollur úr dós frá Ora. Vaskurinn af tíu þúsund króna máltíðinni lækkaði um um það bil 700 krónur en af tvö þúsund króna máltíðinni lækkaði hann bara um 140 krónur. Sá efnameiri fær sem sagt fimm sinnum meiri skattalækkun í sinn hlut. Þetta nær ekki nokkurri átt. Eða hvað? Ef vaskurinn hefði verið óbreyttur hefði jú enginn grætt.

Auðvitað er mergur málsins og hin ófrávíkjanlega staðreynd sú, að allir sem borga skatta græða þegar skattar eru lækkaðir.

Krafan um skattalækkun ætti því að vera á oddinum hjá kjósendum í vor. Og samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins frá því um helgina eru kjósendur einmitt alláhugasamir um skattamál. Meðal annars áhugasamari en um umhverfismál, sem fáir hefðu væntanlega trúað að ókönnuðu máli. Hvernig flokkarnir bregðast við þessum áhuga verður spennandi að sjá.

Efst á listanum, yfir þau mál sem Fréttablaðið spurði um, trónuðu þó velferðarmál. Sem vekur aftur upp þá spurningu hvort fari saman í ríkisrekstri að lækka skatta og hlúa á sama tíma að velferðarmálunum? Svarið við því er að ef eitthvað er að marka reynslu okkar Íslendinga, sem og annarra þjóða, þá hleypa skattalækkanir auknum krafti í athafnalífið með tilheyrandi meiri tekjumyndun í samfélaginu í heild. Fyrir vikið breikka skattstofnarnir og ríkið fær auknar tekjur til að standa undir útgjöldum sínum.

Þeir flokkar sem nú eru í ríkisstjórn lofuðu í stjórnarsáttmála sínum fjögurra prósenta lækkun á tekjuskattshlutfallinu á kjörtímabilinu. Það loforð var því miður ekki efnt að fullu því niðurstaðan varð þriggja prósenta lækkun. Engin ástæða er þó til að láta þar staðar numið.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skipst á uppskriftum

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar, hefur í fjölmiðlum afneitað sögu sem fyrst kom fram á heimasíðu Péturs Gunnarssonar, um að Steingrímur og Geir H. Haarde hefðu eitthvað verið að hittast í síðustu viku. Ekki er alveg ljóst um hvað fundurinn á að hafa snúist, hvort þeir hafi verið að ræða um blak, skiptast á uppskriftum eða undirbúa stjórnarsamstarf. Það er þó ekki vitað til þess að blakmót Alþingis standi fyrir dyrum.



### Ölstofan eða ekki Ölstofan

Pétur ber fyrir sig góðum heimildum fyrir þessum fundi og segir starfsmann Steingríms hafa verið á Ölstofunni að blaðra um slíkan fund um nýliðna helgi. Þó að fjöldi blaðamanna sæki þann stað heim að jafnaði,og þá sérstaklega um helgar, hefur enginn þeirra stokkið fram í sviðsljósið til að staðfesta þessa frásögn Péturs, eða sagt frá því hvaða starfsmaður Steingríms þetta var.

Kannski var það eitthvað viðkvæmt að það fréttist að barinn sem um ræðir var Ölstofan, því Pétur skipti um fyrirsögn á þeirri færslu sem Ölstofan kom fyrir. Fyrst hét færslan einfaldlega Ölstofan, en heitir nú „Að gefnu tilefni“. Ætli síðari nafngiftin hæfi ekki bara betur.

### Er hlustað á kjósendur?

Hafi flokksformennirnir tveir verið að hittast og ræða mögulegt stjórnarsamstarf, er það væntanlega ekki vænlegast til vinnings að auglýsa slíka stjórn fyrirfram. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins, sem birt var í gær, segjast tæp 19 prósent svarenda vilja slíka stjórn í vor. Ef aðeins er litið til kjósenda Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar er þetta draumaríkisstjórn enn færri. 17 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokk vilja samstarf við Steingrím. 16 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa vinstri græna vilja samstarf við Geir. Þeir félagar hafa því væntanlega ýmislegt að útskýra fyrir kjósendum sínum, endi þeir saman í sæng eftir 12. maí.



svanborg@frettabladid.is

# Jafnréttismál í þagnargildi?



ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR
Í DAG | Íslandshreyfingin

Það olli mér nokkrum heilabrotum þegar framboð Íslandshreyfingarinnar var kynnt í síðustu viku að eitt helsta mál samtímans, jafnrétti og kvenfrelsi, var ekki nefnt. Meginmarkmið hreyfingarinnar „umhverfi, nýsköpun, velferð og aukið lýðræði“ eru afar þörf og tímabær. En öll þessi mál hafa kynjavídd og með kvennabaráttukonuna Margréti Sverrisdóttur í fararbroddi vaknar spurningin hvort framsetning hafi verið meðvituð eða óméðvituð.

Það er þekkt að konur hafa lagt grunn að velferðarkerfum nútímans með góðgerðastarfsemi og ólaunaðri samfélagsþjónustu. Hérlendis áttu konur drjúgan þátt í stofnun Landspítalans með sjóði sem stóð undir þriðjungi stofnkostnaðar þegar spítalinn var opnaður árið 1926. Konur stofnuðu hjúkrunarfélagið Líkn árið 1915, sem síðar lagði grunn að þjónustu Heilsuverndarstöðvarinnar. Velferðarmál komust ekki á dagskrá stjórnmálanna fyrr en með þátttöku kvenna. Í hugum frumherjanna okkar hér heima voru velferðar- og lýðræðismál samofin. Fyrir Bríeti Bjarnhéðinsdóttur var pólitískt lýðræði ekki bara að fá að vera með, hinn markvissi tilgangur stjórnmálaþátttöku hennar var að bæta líf og kjör efnaminna fólks, kvenna og barna og þess vegna beitti hún sér í umbóta- og velferðarmálum. Enn hvíla velferðarmálin á konum hvert í heiminum sem litið er, og þar sem velferðarkerfin eru víða í hættu er þetta mikilvægt kynjamál – ekki síst á Íslandi.

Nýsköpun og umhverfismál hafa líka kynjavídd, þótt tengingin sé ekki jafn augljós. Færri konur en karlar eru meðal frumkvöðla og þeim fer fækkandi. Konur hafa minni aðgang að fjármagni til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar en karlar og fleiri hindranir eru í vegi þeirra. Þá hafa umhverfismálin margvíslega kynjavídd. Reynsla frá þróunarlöndunum hefur sýnt að þátttaka kvenna í stefnumótun og ákvarðanatöku er nauðsynleg forsenda sjálfbærrar þróunar því iðulega eru það konur sem nýta landið og afurðir þess. Í fræðunum hefur umhverfisvitund verið tengd út frá lífsgildum, þekkingu, viðhorfum og atferli í umhverfismálum. Þar mælast konur að jafnaði grænni en karlar. En kyn er ekki eina áhrifabreytan því yngri mælast grænni en eldri, vinstrisinnaðir grænni en hægrisinnaðir og loks eykst umhverfisvitund með aukinni menntun, og allar spila þessar breytur saman. Nú getur auðvitað vel verið að nýja hreyfingin ætli sér að flétta kynja- og jafnréttissjónarmið saman við stefnumótun í öllum þessum málaflokkum. Ef sú er reyndin hefði samt verið mun flottara að segja það strax í byrjun.

Annað sem olli mér heilabrotum var að Margrét, með margfalt meiri pólitíska reynslu en Ómar Ragnarsson, skyldi verða varaformaður en ekki formaður. Það var eiginlega of fyrirsjáanlegt til að vera satt. Ósjálfrátt rifjast upp 30 ára saga kvenna á varaformannsbekknum í íslenskri pólitík. Fjölmargar konur hafa verið varaformenn félagshyggjuflokkanna. Reyndar var það lengi reglan fremur en undantekningin að konur væru þar varaformenn, enda voru þessi embætti sjaldnast tengd þingmennsku. Það sama gilti ekki um hina flokkana. Þrátt fyrir metnað kvenna í Framsóknarflokknum og nokkrar tilraunir hefur þeim ekki tekist að hnekkja karlahefðinni í formanns- og varaformannsembættinu. Og fyrst árið 2005 brutu sjálfstæðiskonur varaformannsmúrinn. En þá má ekki gleyma því að í þessum tveimur flokkum hefur varaformannsembætti verið þungavigtarembætti, tengt bæði þingmennsku og ráðherraembætti, þannig að eftir meiri völdum er að slægjast.

Hlutskipti kvenformanna í stjórnmálaflokkum er líka umhugsunarvert og minnir mig oft á rannsóknir Berglindar Rósar Magnúsdóttur menntunarfræðings um hvernig leiðtogaímyndin virðist samofin hugmyndum um karlmennsku (2003). Hugmyndir um leiðtogahæfni, verðleika, greind og virðingu eru kynbundnar strax hjá 15 ára krökkum, segir Berglind. Það birtist í því að jafnt strákar sem stelpur velja sér stráka sem leiðtoga. Þær stelpur sem virkastar eru og hafa sig mest í frammi fá neikvæð viðbrögð og halda aftur af sér af ótta við að vera stimplaðar „athyglissjúkar, frekar, háværar og vondar stelpur“. Það sem skilgreint er sem mikilvæg þekking og hæfni er tengt strákum. Þær stelpur sem vilja völd og tengja sig karlmannlegri orðræðu ná hins vegar ekki að nýta sér það til vinsælda og valda í sama mæli og strákar. Þegar Hallgrímur Helgason skrifaði grein hér í blaðinu um einelti (reyndar kvenelti) gagnvart núverandi formanni Samfylkingarinnar (19/2), ja, þá var hreinlega eins og hann hafi lesið það sem fræðin segja um þetta. Í þessu ljósi er kannski ekki nema von að margar konur setji sjálfar sig í annað sæti og einhvern annan í fyrsta, þeim er kannski hollast að gera það? Getur verið að þögnin um jafnréttis- og kynjamálin í kynningu Íslandshreyfingarinnar hafi þrátt fyrir allt verið meðvituð ákvörðun?

# Hvernig á að borga fyrir heilbrigðisþjónustuna?

UMRÆÐAN
Heilbrigðisþjónusta



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Á Íslandi er víðtæk sátt um að hafa góða heilbrigðisþjónustu. Stjórnmálamenn greinir hins vegar á um hvernig eigi að greiða fyrir hana. Sumir vilja láta borga með almennum sköttum, aðrir vilja að notandinn borgi beint og milliliðalaust. Hvað heilbrigðisþjónustuna áhrærir myndu milliliðalausar greiðslur þýða að við greiddum læknum og heilbrigðisstofnunum þegar við verðum veik.

Þetta hefur verið að færast í vöxt hér á landi. Að vísu er til millileið. Fólk gæti keypt sér tryggingu fyrir sjúkdómum og áföllum. Einnig þetta er að færast í vöxt. Sá galli er á slíku kerfi að tryggingafyrirtækin mismuna viðskiptavinum sínum á þann veg að einstaklingum sem líklegir eru til að veikjast (til dæmis vegna erfða) er seld trygging hærra verði en hinum sem eru heilsuhraustir og líklegir til að halda heilsu. Einstaklingsbundið tryggingakerfi mismunar þannig fólki. Sá sem hætt er við að þurfi á umönnun og lækningu að halda stendur lakar að vígi en hinn hrausti! Spurningin verður þá siðferðileg. Viljum við kerfi sem mismunar fólki? Þessari spurningu þurfa stjórnmálamenn að svara.

Fyrir okkar leyti höfum við í Vinstrihreyfingunni - grænu framboði svarað henni. Við viljum samtryggingarkerfi sem ekki mismunar. Og hvað varðar greiðslumátann þá viljum við láta greiða fyrir heilbrigðiskerfið með sköttum en ekki komugjöldum og öðrum sjúklingasköttum. Með öðrum orðum, við viljum borga á meðan við erum heilbrigð og vinnufær í stað þess að bíða þangað til við erum orðin veik og ef til vill óvinnufær.

Nýleg könnun á vegum Háskóla Íslands, Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar bendir til að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar sé sama sinnis. En hvað vilja aðrir stjórnmálaflokkar? Kjósendur eiga heimtingu á að þeir svari þessari spurningu skýrt.

*Höfundur er þingmaður vinstri grænna.*




## SCUMIE HEIÐRAÐUR

Michael Schumacher fær beygju nefnda eftir sér á Nurburg kappakstursbrautinni. Á sama tíma fékk Alonso súkkulaðibíl.

BÍLAR 3



## MASTERSNÁM

Brynhildur Sveinsdóttir nemur hagnýta menningarmiðlun við HÍ. Námið fór á mastersstig síðasta haust. Hún er í fyrsta hópnum.

NÁM 4



## ALLT HITT

**[ NÁM BÍLAR FERÐIR ]**

**Háskóli** Íslands hefur opnað fyrir umsóknir fyrir skólaárið 2007/2008. Allar helstu upplýsingar um námið sem er í boði er að finna hjá námsráðgjöfum Háskólans. www.hi.is

**Bílgreinasambandið** er með yfirlit yfir þjónustu sem bílaverkstæði, réttingaverkstæði, málningarverkstæði, varahlutasalar, smurstöðvar, hjólbarðaverkstæði og ryðvarnarstöðvar, sem eru aðilar að BGS, bjóða upp á. www.bgs.is

**Páskarnir** eru góðir fyrir ferðaglaða. Þeir semv ilja stinga af án mikils fyrirvara geta kíkt á www.hotelvefurinn.net.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 28. mars, 87. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.01 | 13.33 | 20.06 |
| Akureyri | 6.44 | 13.18 | 19.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



# Vallarlaust fótboltafélag

***Ólafur Þór Ólason rekur Músík og mótor, félagsmiðstöð fyrir unglinga sem hafa áhuga á tónlist og mótorsporti.***

Fyrir ellefu árum var Ólafur Þór Ólason beðinn um að taka að sér rekstur félagsmiðstöðvar fyrir unglinga með áhuga á mótorsporti og tónlist. Hafnarfjarðarbær stóð á bak við verkefnið og úr því varð Músík og mótor til, félagsmiðstöð sem á sér engan sinn líka að mati Ólafs.

„Þetta er einstök félagsmiðstöð,“ segir Ólafur, sem hefur gegnt hlutverki forstöðumanns frá stofnun Músíkur og mótors. „Starfsemin er tvískipt. Annars vegar æfingahúsnæði sem rúmar allt að fimmtán hljómsveitir. Hins vegar verkstæði og pláss fyrir krakka sem hafa áhuga á mótorsporti, mótorkrossi, BMX-freestyle og öðrum jaðaríþróttum. Hingað mæta hressir krakkar á aldursbilinu þrettán til tuttugu og tveggja ára og áhugamálið brúar ósjálfrátt aldursmuninn þarna.“

Krakkarnir hafa aðgang að húsnæðinu alla virka daga og þeir sem eru á kafi í mótorsporti geta æft sig á Álfsnesi, á Hellisheiði og í Grindavík. „Þetta er í takt við það sem ég hef alltaf sagt, það er að segja að við séum eins og fótboltalið sem á bara búningsklefa og engan völl til að æfa sig á. Við förum annað til þess.“ Ólafur bætir við að yngstu krakkarnir fari þá yfirleitt í fylgd foreldra sinna, sem séu virkir í starfseminni.

Músík og mótor var upphaflega tilraunaverkefni en vegna þess hve vel tókst til var ákveðið að halda starfseminni áfram. „Þetta var hugsað sem vettvangur fyrir krakka sem fannst þeir ekki eiga heima í öðrum félagsmiðstöðvum,“ útskýrir Ólafur. „Undirtektirnar voru frábærar og starfið hefur skilað góðum árangri, sem sést á því að sumir krakkanna hafa vanið komur sínar hingað um árabil. Starfsmennirnir hafa hálfpartinn alist upp hérna og þeir munu taka við af mér þegar ég hætti.“

*framhald á næstu síðu.*

Ólafur Þór Ólason tók þátt í að sníða starfsemi að þörfum unglinga sem fannst þeir ekki eiga heima á venjulegum félagsmiðstöðvum. Útkoman varð Músík og mótor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Tilboð dagsins!

**Fiskibollur í sætri Chilisósu á aðeins**

**890.- kr./kg.**

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir

Búðakór 1 / Hamraborg 14a / Skipholti 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60 / fiskisaga.is



**Skýrsla um umferðaslys** fyrir árið 2006 er komin út hjá Umferðastofu. Nánari upplýsingar www.us.is eða www.samgonguraduneyti.is




















Á verkstæðinu er ekki slegið slöku við frekar en fyrri daginn.

# Barðar húðir, brenndir hjólbarðar og brotnir stimplar

***Félagsmiðstöðin Músík og mótor er sniðin að þörfum unglinga með áhuga fyrir tónlist og mótorsporti.***

Músík og mótor er engan veginn venjuleg félagsmiðstöð. Þetta kemur bersýnilega í ljós þegar gengið er inn um dyrnar á Dalshrauni 22 í Hafnarfirði. Strákar á ýmsum aldri eru önnum kafnir við að gera við krossara og sumir svo niðursokknir við iðju sína, að þeir veita því enga eftirtekt þegar ljósmyndara ber að garði.

Brúnn og vinalegur hundur sperrir eyrun og snusar í áttina að aðkomumanni, en leggst síðan letilega fram á loppurnur og lygnir aftur augunum, við fætur eiganda síns. Hann lætur ekki trufla sig þótt hávær tónlist berist úr næsta herbergi. Hljómsveitaræfing stendur yfir og einn meðlima ber húðir af öllum lífs og sálar kröftum.

Svona er hefðbundinn dagur í Músík og mótor þar sem stór hópur krakka á aldrinum þrettán til tuttugu og tveggja ára kemur reglulega saman til að sinna helstu áhugamálum sínum, tónlist og mótorsporti. Krakkarnir læra þó margt fleira nytsamlegt, meðal annars að axla ábyrgð. Þegar þeim hefur tekist að ávinna sér traust starfsmanna, fá þeir lykla að húsinu og þá er hægt að koma við hvenær sem er til að fá útrás fyrir áhugamálin.

*roald@frettabladid.is*



Húsnæðið er opið frá klukkan tíu á morgnana til hálf tólf á kvöldin.



Þessi hvutti lét fara vel um sig á verkstæðinu.



Að sögn forstöðumannsins Ólafs Þórs Ólasonar eru tíu herbergi undir hljómsveitaæfingar og kemst ein fyrir í hverju þeirra.







# Porsche kaupir Volkswagen

***Porsche græddi grimmt á síðasta ári þrátt fyrir minni framleiðslu og sölu. Nú á að nota gróðann til að kaupa stærri hlut í Volkswagen.***

Árið 2005 var afskaplega gott ár hjá Porsche. 2006 var enn betra, og 2007 virðist ætla að verða algjört metár. Hagnaður fyrsta fjórðungs fjárhagsársins nú er tæpum 700 prósentum meiri en hagnaður síðasta árs, fór upp í 105 milljarða úr 15 milljörðum. Á síðasta fjárhagsári hagnaðist Porsche um 193 milljarða, og að öllum líkindum verður það met margslegið í ár.



Volkswagen er gríðarstórt fyrirtæki, enda á það bílamerki eins og Audi, Skoda, Seat, Lotus, og Bugatti.

Til að setja þessar tölur í samhengi þá hljóða fjárlög íslenska ríkisins 2007 upp á um 300 milljarða króna.

Það ótrúlegasta við þetta allt er að bæði framleiðsla og sala hefur dregist saman milli ára hjá Porsche. Leyndarmálið bak við velgengnina, sem hefur gert fyrirtækið helmingi verðmeira en það var fyrir einu og hálfu ári, er eignarhlutur þess í Volkswagen.

Porsche á 27,3 prósent í Volkswagen og heyrst hefur að stjórn Porsche hafi samþykkt að stækka hlutinn upp í 31 prósent. Gangi þetta eftir mun Porsche eiga Volkswagen, en lögum samkvæmt gerist það þegar eignarhluturinn fer upp fyrir 30 prósent.

Saga Porsche hefur alltaf verið samtvinnuð sögu Volkswagen, og má nefna að það var stofnandi Porshce, Ferdinand Porsche, sem hannaði VW-bjölluna. Porshce hefur hins vegar alltaf verið litli bróðirinn, en nú virðist peðið vera komið í þá stöðu að gefa kónginum skipanir. *-tg*



Porsche hefur grætt óheyrilegar fjárhæðir upp á síðkastið.

# Hyundai QarmaQ blendingur

***Blendingsbílar eru töfraorðið í bílaiðnaðinum í dag. Hyundai QarmaQ er einn slíkur.***

Það sem er hvað merkilegast við hugmyndabílinn Hyundai QarmaQ er efnisnotkun. Sérþróuð og sérunnin plastefni koma að verulegu leyti í stað hefðbundins stáls, áls og glers, og gerir það bílinn bæði mjög léttan og nánast endurvinnanlegan í heild sinni.

Annar kostur sem fylgir sérstæðu efnisvali snýr að öryggismálum. Á framhlið QarmaQ er teygjanlegt plastefni sem dregur úr líkum á alvarlegum áverkum gagnvart gangandi vegfarendum.

Eins og blendingsbílar geta verið þægilegir eru nafngiftir þeirra það ekki. Qashqai og QarmaQ eru fullkomin dæmi og er ljóst að Austurlandabúarnir eru á allt öðrum stað en Evrópubúar með þristana sína og E-klassa. *-tg*



# Schumacher fær sína S-beygju

***Ákveðið hefur verið að nefna S-beygju á Nurburg kappakstursbrautinni eftir Michael Schumacher.***

Þótt hann sé hættur að keppa er Michael Schumacher hvergi nærri gleymdur. Honum hefur nú verið sá heiður sýndur að S-beygja á Nurburg-kappakstursbrautinni verður endurskírð í höfuðið á honum.

Beygjan mun hljóta nafnið „Scumacher-S“ en hún hét áður Audi-S. Nafnbreytingin verður gerð opinber fyrir Formúlukappaksturinn í Nurburg 22. júlí, en það er vel við hæfi því enginn maður hefur sigrað kappaksturinn í Nurburg jafn oft og Schumacher, eða fimm sinnum alls.

Schumacher var allan sinn feril umdeildur, en enginn getur þrætt fyrir að hann er einn allra besti ökuþór sögunnar og vel að heiðrinum kominn. *-tg*



Schumacher vann Nurburg-kappaksturinn fimm sinnum, árið 1995, 2000, 2001, 2004 og 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Clarkson fer hvergi

VANGAVELTUR UM AÐ TOP GEAR-ÞÆTTIRNIR VERÐI LAGÐIR NIÐUR ERU ÚR LAUSU LOFTI GRIPNAR.



Jeremy Clarkson er ekki að hætta í Top Gear. Þótt hann sé eitthvað pirraður og nenni ekki að koma fram í sérstökum sumarþætti er hann hvergi nærri hættur. Þetta áréttaði hann í pistli sínum í Sunday Times síðasta sunnudag.

Þetta eru gleðifréttir fyrir flesta sem einhvern áhuga hafa á bílum og alla hina sem líka horfa á Top Gear. Þátturinn yrði ekki sá sami ef þybbni Bretinn, haltrandi hamsturinn og herra Hægfara væru ekki á svæðinu.



Súkkulaðibíll Brotons vegur 120 kílógrömm.

## Sykursætur heiður

AÐDÁANDI FORMÚLUNNAR BJÓ TIL 120 KÍLÓGRAMMA SÚKKULAÐIBÍL TIL HEIÐURS FERNANDO ALONSO.

Formúlan er komin á fullt og aðdáendurnir líka. Á meðan fyrrverandi heimsmeistarinn Michael Schumacher fær beygju á Nurburg nefnda eftir sér hlýtur núverandi heimsmeistarinn Fernando Alonso annan og öllu sætari heiður. Spænski matreiðslumeistarinn Fidel Rico Brotons hefur búið til 2,2 metra langa eftirlíkingu af keppnisbíl McLaren-Mercedes MP4/22, þeim sem Alonso keyrir á núna. Bíllinn er ekki úr áli, stáli, eða koltrefjum, heldur 120 kílóum af súkkulaði.

Alonso er orðinn þjóðhetja á Spáni og með súkkulaðibílnum vill Brotons hvetja Alonso áfram í keppninni um þriðja heimsmeistaratitilinn í röð.

Brotons er ekki ókunnur stórum súkkulaðihlutum en hans er meðal annars getið í heimsmetabók Guinness fyrir stærsta Saginosa veraldar, en Saginosa er hefðbundinn eftirréttur í heimaborg Brotons, Ibi í Valencia.


PÁSKATILBOÐ

gildir til 4. apríl

Ummæli viðskiptavina:
„Öruggasta stóra dekkið sem ég hef notað“
„Besta hálkudekkið“
„Hljóðlátara en allt sem ég hef prófað“
„Bíllinn minn eyðir 2-3 lítrum minna af bensíni á hverja 100 km“



AT405 RADIAL er dekk fyrir jeppamenn sem hafa gaman af því að komast auðveldlega þangað sem aðrir komast rétt svo eða ekki.

39.900 kr.

Sjáið AT405 dekk eftir 50.000 km akstur á www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0023 KC

**Menntamálaráðuneytið** auglýsir eftir umsóknum fyrir enskan menntaskóla í Noregi á vegum Rauða krossins. Ungmennin eiga að vera á aldrinum 16-19 ára. Kennslan fer fram á ensku. www.menntamalaraduneyti.is



## Ert þú að komast yfir lesefnið?

"Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig!"
**Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.**
"Loksins sé ég fram á að geta klárað bækur fyrir próf."
**Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.**
"Námskeiðið hvetur mann áfram. Eykur sjálfstraust. Eykur áhuga á námi."
**Rakel Þorleifsdóttir, 26 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, krefjandi, skemmtilegt, góð þjónusta.

**Fermingargjöf með æviábyrgð – uppl. á www.h.is**
**6 vikna námskeið hefst 17. apríl (20 - 22)**
**3 vikna hraðnámskeið hefst 13. apríl (17-20)**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



Brynhildur er mjög ánægð með námið, kennarana og kennsluna í hagnýtu menningarmiðluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Metnaðarfullir kennarar í nýju mastersnámi í HÍ

***Hagnýt menningarmiðlun er tiltölulega nýtt nám í Háskóla Íslands en byrjað var að kenna hana í haust. Brynhildur Sveinsdóttir er í fyrsta hópnum og er mjög ánægð með námið.***

Hagnýt menningarmiðlun er fjörutíu og fimm eininga nám á mastersstigi en Brynhildur hafði áður lokið BA-prófi í þjóðfræði. „Mér fannst þetta nám mjög áhugavert og spennandi kostur fyrir þjóðfræðing að afla sér víðtækrar þekkingar á öllum þessum miðlunarleiðum,“ segir hún.

Brynhildur segist vera mjög ánægð með námið, kennarana og kennsluna í hagnýtu menningarmiðluninni. „Þó að þetta sé fyrsta árið sem þetta nám er keyrt er greinilega búið að leggja gífurlega mikla vinnu í það. Þeir kennarar sem hafa kennt okkur eru allir mjög færir, hver á sínu sviði, og hafa mikinn metnað en það er reyndar nokkuð sem mér finnst ég finna almennt hjá kennurum í Háskóla Íslands.“

Námskeiðin í hagnýtu menningarmiðluninni eru líka mjög fjölbreytt að sögn Brynhildar. „Ég hef til dæmis tekið mjög skemmtilegt námskeið sem heitir miðlunarleiðir og annað þar sem var farið í framsetningu efnis á sýningum. Svo er í raun miklu meira í boði en ég er búin að taka eða á eftir að taka. Það er hægt að fara út í að búa til útvarpsþætti, sjónvarpsþætti eða kvikmyndir og bara hvað sem er þó að ég hafi meira verið í því að skrifa. Spurningin er bara hvar þitt áhugasvið liggur,“ segir hún.

Hægt er að ljúka náminu á einu ári og Brynhildur hefur hugsað sér að gera það. „Ég ætla að klára lokaverkefnið í sumar en er ekki alveg ákveðin í því hvað það verður. Núna er ég að að fara vinna í stóru verkefni ásamt dóttur minni sem er í náminu líka en það er kennsluefni fyrir grunnskólana sem við vinnum fyrir Norska húsið í Stykkishólmi.“

Brynhildur segir að henni finnist mjög sérstakt en skemmtilegt að vera með dóttur sinni í námi og að þær vinni vel saman. „Við komum að þessu úr svolítið ólíkum áttum því hún er íslenskukennari. Allir nemendurnir eru reyndar úr ólíkum áttum því í hópnum er fólk á öllum aldri og úr öllum stéttum. Þarna eru þjóðfræðingar, sagnfræðingar, listamenn, kennarar, fólk úr ferðageiranum og bara alls konar fólk. Næsta vetur veit ég svo að kemur enn fjölbreyttari hópur inn.“

Að þessu námi loknu býst Brynhildur alveg eins við að halda áfram í skóla og læra eitthvað meira. „Í framtíðinni stefni ég samt á að vinna við einhvers konar miðlun í sambandi við söfn og safnakennslu þannig að ég geti bæði notað það sem ég er að læra í hagnýtu menningarmiðluninni og það sem ég var búin að læra í þjóðfræðinni.“

*emilia@frettabladid.is*



UNIVERSITY COLLEGE
VITUS BERING DENMARK

## NÁM Í DANMÖRKU

***Hjá VITUS BERING í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun.***

***Í boði er:***

**Á ensku og dönsku**

- Byggingafræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði

**Á ensku**

- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði

**Á dönsku**

- Véltækni
- Véltæknifræði
- Landmælingar
- Tölvutæknifræði
- Aðgangsnámskeið
- Byggingatæknifræði

Fulltrúar skólans, Jørgen Rasmussen og Johan Eli Ellendersen verða á Íslandi (Hótel Plaza) frá 23.mars til 30.mars. Þeir sem hafa áhuga geta haft samband, hringið í síma 5901400, leggið inn skilaboð og við munum hringja tilbaka, eða hringið beint í Johan í síma 8458715.

UNIVERSITY COLLEGE -
VITUS BERING DENMARK
CHR. M. ØSTERGAARDS VEJ 4
DK-8700 HORSENS
TEL. +45 7625 5000
FAX: +45 7625 5100
EMAIL: UC@VITUSBERING.DK.

**www.vitusbering.dk/uc**

# Hugvísindadeildin á huggulegu nótunum

***Kynning á framhaldsnámi í hugvísindadeild HÍ verður síðdegis í dag, 28. mars, milli klukkan 16 og 18 í hátíðasal háskólans.***

„Hugvísindadeildin er heillandi heimur og þar er margt spennandi að gerast,“ segir Guðrún Birgisdóttir, alþjóða- og kynningarfulltrúi hugvísindadeildarinnar spurð um kynningardaginn. „Við munum hafa þetta á huggulegu nótunum. Bjóðum gestum okkar að setjast niður með kaffi og konfekt um leið og spjallað er um þær fjölmörgu leiðir sem bjóðast í framhaldsnáminu. Þarna verða kennarar úr hverri grein og nemendur sem munu upplýsa fólk um námið á persónulegum nótum.“

Guðrún segir boðið upp á M.A.-nám, M.Paed.-nám fyrir kennara og doktorsnám innan deildarinnar og segir möguleikunum alltaf að fjölga. „Það er mikil nýsköpun í gangi og greinar bætast við á hverju ári. Nú er til dæmis hægt að stunda hagnýtt meistaranám þar sem áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið,“ bendir hún á. Nefnir sem dæmi hagnýta ritstjórn og útgáfustörf og umhverfis- og náttúrusiðfræði. Hún segir mikla grósku í alþjóðlegu samstarfi og telur áhugavert fyrir nemendur að fara jafnvel eitt eða tvö misseri í skiptinám í erlenda háskóla ef aðstæður þeirra leyfi. „Hugvísindadeildin er í samstarfi við virta erlenda háskóla úti um allan heim,“ segir hún og bætir við. „Við vonum að kynningin kveiki í fólki og það fyllist löngun til að láta þann draum rætast að skella sér í frekara nám.“

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni www.hug.hi.is *- gun*



„Við vonum að fólk fyllist löngun til að láta drauminn um frekara nám rætast,“ segir Guðrún Birgisdóttir, alþjóða- og kynningarfulltrúi hugvísindadeildar HÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





**Gjaldeyristekjur** af ferðaþjónustu á árinu 2006 voru 47 milljarðar. Tekjuaukinn miðað við óbreytt ástand væri því 180-230 milljarðar á næstu 10 árum. Hér er eingöngu verið að tala um tekjur sem skila sér inn vegna erlendra ferðamanna hér á landi. www.ferdamalastofa.is



Erna, Dagrún og Alfreð fá sér hressingu fyrir utan tjaldið í Reykjarfirði nyrðri á Ströndum. Geirólfsnúpur í baksýn. MYND/SÆMUNDUR

# Ganga um Drangaskörð hápunktur ferðarinnar

***Hjónin Sæmundur Alfreðsson skrifstofustjóri og Erna Jóna Arnþórsdóttir sjúkraþjálfari eru mikið útivistar- og göngufólk. Klyfjuð viðlegubúnaði tróðu þau grónar götur nyrst í Strandasýslu fyrir nokkrum árum ásamt börnum sínum, Dagrúnu og Alfreð Gunnari.***

„Gönguferðir um óbyggðir Íslands hafa veitt okkur mikla ánægju. Ýmist höfum við farið á eigin vegum eða í skipulögðum ferðum og helst viljum við fara um svæði sem við höfum ekki heimsótt áður,“ byrjar Sæmundur þegar hann er rukkaður um ferðasögu. Síðan hefst frásögn hans af gönguferð fjölskyldunnar um fáfarnar slóðir milli Reykjarfjarðar nyrðri og Ingólfsfjarðar á Ströndum. „Við gengum um eyðibyggðir að mestu, gamlar götur meðfram ströndinni. Hittum aldinn bónda á Dröngum að flá seli á bryggjunni og nutum þess að fylgjast með dýralífinu. Við sáum seli í návígi og mikið af sjófugli, en minna af mófuglum. Eitt greni gengum við fram á með yrðlingum og tófan stóð vörð.

En ferðin hófst með siglingu frá Norðurfirði til Reykjarfjarðar nyrðri. Þegar þangað var komið voru fram undan fjórar dagleiðir, með allt á bakinu, til Ingólfsfjarðar. Á fyrsta göngudegi fórum við yfir Reykjarfjarðarós, sem getur verið vatnsmikill og því varasamur. Við fórum um Skjaldarbjarnarvík þar sem mikið var af rekaviði og margar bæjarústir og tóftir af verbúðum. Þar er Hallvarðsleiði, þar sem grafinn er Hallvarður, sonur hins fjölkunna Halls frá Horni, en gott þykir að heita á hann. Næturstað höfðum við í Bjarnarfirði.

Næsti göngudagur hófst á því að vaða yfir Bjarnarfjarðará. Í hönd fór löng en skemmtileg ganga með viðkomu á bænum Dröngum. Hápunkturinn var þó Drangaskörð. Að fara yfir þau verður okkur öllum eftirminnilegt, ekki síst börnum okkar sem þá voru 13 og 15 ára. Handan Drangaskarða er Drangavík. Bæjarstæðið í Drangavík er einstaklega fallegt með útsýni til Drangaskarða. Eins og svo oft áður á þessari leið varð okkur hugsað til þeirrar lífsbaráttu sem háð var hér um slóðir. Drangavík fór í eyði 1947 og er húsið nú að falli komið. Síðasti ábúandi var Guðmundur Guðbrandsson frá Veiðileysu í Árneshreppi og afabróðir þess sem hér segir frá.

Á þriðja göngudegi liggur leiðin fyrir Eyvindarfjörð, sem er hrjóstrugur mjög og því var hið fjölbreytta dýralíf sem mætti okkur í Ófeigsfirði þeim mun áhrifameira. Þar voru sjófuglar, vaðfuglar, andfuglar og ránfuglar. Lokaáfanginn var genginn í þoku upp úr Ófeigsfirði yfir Brekkuskarð og niður afar bratta Ingólfsfjarðarbrekku þar sem vel mótar fyrir hestavegi sem liggur þar í krákustígum.“

gun@frettabladid.is



Drangaskörðin eru tilkomumikil en dálítið erfið yfirferðar.



Við Eyvindarfjarðará.



Sæmundur, Alfreð og Dagrún í nestistíma á Ströndum.

# Slappað af fyrir flug

***Seinkun á flugi er kannski það leiðinlegasta sem hægt er að lenda í á ferðalagi. Þá er tilvalið að skella sér í nudd á flugvellinum og láta streituna líða úr sér.***

Á Heathrow-flugvellinum við London, Englandi er hægt að skella sér í ræktina og fara í nudd. Einnig geta menn látið raka sig eftir kúnstarinnar reglum. Hjá The Rejuve „Wellbeing Club“ er bæði hægt að kaupa dagskort og lengri áskrift. Dagskortið kostar 47 evrur.

www.rejuve.info
www.heathrowairport.com

Aðrir flugvellir sem bjóða upp á nudd, snyrtingu og spa:

**Zürich-flugvöllurinn í Sviss**
www.relax4u.ch
www.zurich-airport.com
**Changi-flugvöllurinn í Singapúr**
www.plaza-ppl.com
www.changiairport.com
**Schiphol-flugvöllurinn í Amsterdam, Hollandi**
www.backtolife.nl
www.shiphol.com



KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
SVALBARÐSSTRÖND AKUREYRI • TEL. 462 4500
VISSIR ÞÚ?
AÐ SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI ER AÐEINS
- 10 MÍN. FRÁ AKUREYRI
- 20 MÍN. FRÁ LENGSTU SKÍÐABREKKU LANDSINS Í KALDBAK
- 45 MÍN. FRÁ BAÐFÉLAGINU Í MÝVATNSSVEIT
- 15 MÍN. FRÁ HLÍÐARFJALLI



SKOÐAÐU TILBOÐIN Á WWW.COUNTRYHOTEL.IS
GEIMSTOFAN

# ÞJÓNUSTA

## Barnagæsla

Tek að mér að passa börn á daginn, er með góða aðstöðu. Uppl. í s. 699 3442.

## Hreingerningar




Öll almenn ræstingarþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sími 862 6778 & 868 5599. hreingerningar.is




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn




Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

**Hreint tilboð**
Alhliða þrif - Teppahreinsanir,- Þrif á gluggum, veggjum, gólfi og lofti. Gerum föst verðtilboð. S. 696 2217.

## Ræstingar

Láttu íslensku systurnar sjá um þrifin. Hraðar hendur og snöggar fætur. S. 893 0571.

## Garðyrkja










Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar sem og að fá tilboð í garðslátt og önnur verkefni sumarsins. Húsfélög, einstaklingar og fyrirtæki, verið velkomin í hóp ánægðra viðskiptavina frá 1988! Garðar Best s. 698 9334.

Tek að mér að slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Sólpallar, grindverk, stoðveggir. Gerum föst verðtilb. eða tímav. Erum að raða inn fyrir sumarið. Uppl. s. 861 3040 „SÓL Á PALLI„.

Trjáklippingar, kurlun og bílastæðasópun. Uppl í s. 865 5613.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

## Fjármál

Framtalsþjónusta. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 663 4141.

## Ráðgjöf

**Fjárhagsaðstoð**
Samningar um vanskilaskuldir, endurfjármögnun íbúðarlána. S. 695 0841.

## Málarar




**Vantar þig málara?**
Alhliða málningarþjónusta. Inni og útimálun. Fáðu tilboð tímanlega fyrir sumarið. Uppl. í s. 821 1333, Hallgrímur.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóða flutn., píanó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Húsaviðhald

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Parket og flísalagnir**
Getum bætt við okkur parket og flísalögnum. Uppl. í s. 892 9803, milli 10-18.

## Stífluþjónusta







## Spádómar













**Spennandi tími fram undan?**
**Spákonan Yrsa Björg í beinu sambandi. Símaspá, draumaráðningar, heilun.**
**S. 908 6414 (199 mín.). Visa/ Euro s. 553 5395 (160 mín.)**
**Símatími 10-24. Hringdu núna!**



Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Laufey s. 823 7181**
Símaspá. Bein miðlun, fyrirbænir, tarot. Er við frá 20-01 eftir miðnætti. Visa/ master.

## Trésmíði

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum mótauppslætti og fleiru. Geri tilboð. Uppl. í s. 867 7753.

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

## Iðnaður

Til leigu. Öflugar Rafstöðvar 60-200kva auk vinnustaðagirðinga. DS lausnir ehf - Sími 824 0676.

## Rafvirkjun







## Önnur þjónusta

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum.**
**S. 663 2572.**

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Tréútskurður. Byrjendanámskeið í tréútskurði um helgina í Handverkshúsinu. Skráning og uppl. í 555 1212.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife, skynsamleg næring fyrir alla. Uppl. www.dagamunur.is og í s. 891 8902.

## Nudd

Viltu nudd ? Páskatilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

## Snyrting




# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Leigjum út áklæði á stóla**
Glæsileg stólaáklæði fyrir veisluna, ásamt ýmsum fallegum brúðarvörum. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

## Heimilistæki

**Rainbow Ryksugur Gott verð!**
Til sölu eru notaðar Rainbow ryksugur. Yfirfarnar af umboði. Ábyrgð. Uppl. í s. 567 7773 á daginn og 893 6337 kvöld og helgar.

## Dýrahald

Óska eftir kettling, högna af skógarkyni. Þarf ekki að vera hreinræktaður. 867 2504.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Orlofshús**
Orlofshús á 601 Akureyri, með öllum húsbúnaði til leigu um lengri eða skemmri tíma. S. 897 7613.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Flórída**
Hús til leigu í Ventura hverfinu á Orlando. Tæp 200 fm með bílskúr, 3 svefnherb, 2 böð. Uppl. s. 00 14072070141 eða 00 14072226970.

**Ný standsett íbúð**
3 herbergja, 80 fm íbúð í hverfi 112 Rvk. Stór stofa, stórar svalir, hiti og rafmagn innifalið. Leiga 130 þús. á mán. 3 mán í tryggingu eða bankaábyrgð. Laus frá 1.apríl. Uppl. í s. 694 9117

Glæsileg 3ja herb. 88 fm íbúð, plús þvottah. í Baugakór Kóp. 203. Fallegar innréttingar, gegnheilt parket. Stæði í bílageymslu. Lúxus bað með nuddi o. fl. 130 þ. á mán, 1-2 ár. S. 699 3923 / hsteinsson28@hotmail.com

Hafnarfjörður. Ný 2ja herb. íbúð til leigu við lækjargötu. Laus 1 apríl. Uppl. í s. 862 8638/694 5500.

## Húsnæði óskast

Einstæð snyrtileg kona óskar eftir íbúð á 101 eða 104, ca. 50-60 fm. Greiðslugeta um 50-60 þús./mán. S. 897 8978.

Reglusöm einstæð móðir óskar eftir 2-3ja herb. íbúð sem fyrst. Helst á svæði 101 eða 105. Uppl. í s. 869 8739 e. kl. 18.

35 ára karlmaður óskar eftir herbergi eða stúdíóíbúð í Breiðholti eða Árbæ. S. 856 5890.

## Sumarbústaðir




Sumarbústaðalóðir. Stórar glæsilegar lóðir í kjarrivöxnu landi á suðurlandi. Glæsilegt útsýni og skjólgott. Uppl. www.hrifunes.is / hrifunes@hrifunes.is

**Grímsnes**
Til leigu og eða sölu stórt heilsárshús í Grímsnesi. 4 herb., með heitum potti og grilli. Uppl. í s. 663 4374.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að kaupa 50-90 fm lagerhúsnæði. holar@simnet.is

# TIL SÖLU



## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Employment agency**
**seeks carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**

**Call Joao, tlf. 864-9873**

**Leikskólinn Ösp**
**Vantar að ráða tvo starfsmenn í skilastöðu frá kl. 15.30 - 17.30.**
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.**

**Veitingahúsið Nings - Hlíðarsmára & Suðurlandsbraut**
**Óska eftir að ráða bílstjóra í hlutastarf.**
**Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 & 822 8835 eða á www.nings.is**

Olíudreifing

**Meiraprófsbílstjórar Reyðarfjörður**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Olíudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Störfin standa báðum kynjum til boða.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Már í síma 474 1525 tölvupóstfang austurland@odr.is**

Ruby Tuesday Classic Grill

**Vantar þig vinnu?**
Okkur vantar hresst fólk í sal, kvöld- og helgarvinna. Umsóknir liggja frammi í Skipholti 19. Upplýsingar gefur Haukur í s. 660 1143 & 552 2111.

**Gullnesti, Grafarvogi**
**Óskar eftir rösku starfsfólki virka daga frá kl. 12-18, einnig aukavinna í boði.**
**Uppl. í s. 898 9705, Daði.**

Sólon kaffi & bistro

**Kaffi Sólon**
**Kaffi Sólon vantar að ráða kokka og aðst.menn í eldhús Vinsamlega hafið samband í síma 697 9058 eða sendið póst á solon@solon.is**

Bæjarbakarí

**Starfskraftar óskast**
Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & í s. 555 0480, Sigurður.

**Ertu hress, stundvís og áttu bíl? Langar þig að vinna á stað þar sem gaman er í vinnunni?**
**Ef svo er þá langar okkur að fá þig í vinnu. Vegna mikilla anna þurfum við að bæta við nokkrum sendlum. Við bjóðum uppá sveigjanlegan vinnutíma (engin næturvinna). Starfið hentar bæði stelpum og strákum og passar vel með skóla.**
**Ef þetta er starf sem gæti hentað þér hafðu þá samband við Maríu í síma 534 3460 eða sendu email á justeat@justeat.is**

Björnsbakarí - Vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-50 ára, í nætur-, kvöld- og helgarvinnu. Uppl. gefur Bjarki, s. 893 4273, e. kl 15:00.

Hlaðbær Colas hf. Óskum eftir vönum gröfumanni til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari upplýsingar í síma: 565 2030.

**Sportbarinn Ölver**
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyravörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. virka daga á staðnum eða í s. 533 6220, eftir kl. 9:00 Magnús.

**Sportbarinn Ölver**
Vaktstjóri óskast í sumarafleysingar, verður að vera vanur, getað unnið sjálfstætt og stjórnað öðru fólki. Uppl. gefur Magnús í s. 533 6220 virka daga.

Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabökurum til starfa. Einnig vantar afgreiðslufólk og útkeyrslufólk. Nánari upplýs á Rizzo hraunbæ 121.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560, Guðni.

We are hiring new full-time cleaning staff. If you are 18 years old and above, with a valid driving license, hardworking, honest, trustworthy, of sound mind & body, and ready to work flexible hours, you just might be the person we are looking for. Contact Sherry at tel. nr. 533 5000 and book an appointment for your job interview now.

Lífland/Kornax óskar eftir meiraprófsbílstjóra í dagvinnuakstur innan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirspurnir berist á rosi@lifland.is

Stýrimann og vélstjóra vantar á 140 tonna netabát. Uppl. í s. 852 2593.

Maður óskast í málningavinnu, helst vanur. Uppl. í s. 697 4008.

**Au pair óskast!**
Á suðurland. Uppl í s. 865 5613.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri
Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf :**
**Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan.**
**Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kolsvört 7 ára læða (innikisa) slapp út um glugga við Brúarrás 2 í Árbænum þann 26 mars. Hún er ómerkt og fælin við ókunnuga. Ef einhverjir verða hennar varir, hafið þá endilega samband í síma 694 2698 eða 696 5097.

## Einkamál

18plús.is
XXX samfélag íslendinga á netinu
- birtu eigin myndir -
- skoðaðu myndir annarra -
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## TIL SÖLU



LOGEY EHF
Höfum til sölu bora og snittvörur í miklu úrvali.
Sími 511 2055 fax 511 2056
Vesturvör 7 - Kópavogi
logey@simnet.is
Opið frá 8 - 18




## TILKYNNINGAR

# KÓPAVOGSBÆR

**Tilboð óskast í rekstur mötuneytis Snælandsskóla í Kópavogi**

- Tilboðsgögn eru fyrirliggjandi í afgreiðslu Fræðsluskrifstofu Kópavogs, Fannborg 2, Kópavogi. Tilboð þurfa að berast á sama stað fyrir miðvikudaginn 18. apríl nk. kl 15:00.

Kópavogsbær áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem berst innan tiltekins tíma eða hafna öllum.

Upplýsingar gefur fræðslustjórinn í Kópavogi í síma 570-1623 eða 821-7305.

**Tollkvótar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu.**

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og til reglugerðar nr. 180/2007 um úthlutunina, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á kjöti í 2. kafla tollskrár, upprunnu í ríkjum Evrópubandalagsins fyrir tímabilið 1. mars - 31. desember 2007.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu landbúnaðarráðuneytisins www.landbunadarraduneyti.is

Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 þriðjudaginn 3. apríl 2007.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. mars 2007.

## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingu á Aðalskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

## Kjalarnes, Grundarhverfi

Tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði nýrrar lóðar ásamt aðkomu fyrir hreinstöð fráveitu Grundarhverfis á Kjalarnesi. Lóðin verður ekki afgirt og getur göngu- og hjólreiðarstígur legið um lóðina verði stígur lagður meðfram ströndinni. Enginn fastur starfsmaður verður við stöðina og verður því ekki gert ráð fyrir bílastæðum. Sérstakt lofthreinsikerfi mun vera í byggingunni og gámar munu vera lokaðir með þéttu loki og hvorki stafa frá þeim lykt né óhreinindi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

## Grafarholt - Reynisvatnsás

Lagt er til að skilgreint verði íbúðarsvæði norðan Reynisvatnsvegar, vestan Reynisvatnsáss, á svæði sem nú er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Svæðið er rúmlega 10 ha og á því er gert ráð fyrir íbúðabyggð með þéttleikanum 12-14 íbúðir á ha. Fjöldi íbúða á svæðinu gæti orðið 130 til 150.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 28. mars 2007 til og með 9. maí 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 9. maí 2007.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins fresta, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 28. mars 2007
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Opinn fundur um skipulag á Holtavegi

Hverfisráð Laugardals, í samvinnu við Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar og Íbúasamtök Laugardals, boðar til kynningarfundar **fimmtudaginn 29. mars nk.**

**Fundarefni:** *Áður auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal austur vegna lóðar við Holtaveg sem liggur sunnan við lóð KFUM og K.*

**Fundurinn verður haldinn í Langholtsskóla og hefst kl. 20:00**

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

## BÚSETI

**Búseti hsf boðar til aðalfundar fimmtudaginn þann 12. apríl kl. 17.00 á Grand Hótel.**

**Venjulega aðalfundarstörf**
**Stjórnin**

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

## UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir**

Aðalbraut 55, Raufarhöfn, þingl. eig. Pálína Auðbjörg Valsdóttir, gerðarbeiðandi Gildi -lífeyrissjóður, þriðjudaginn 3. apríl 2007 kl. 12:00.

Duggugerði 10, 670 Kópaskeri, þingl. eig. Guðmundur Árnason, gerðarbeiðandi Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, þriðjudaginn 3. apríl 2007 kl. 11:00.

Víðibakki, 671 Kópaskeri, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Húsavík, þriðjudaginn 3. apríl 2007 kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
27. mars 2007.

**Kópavogsbær**

## Vatnsendahvarf - Atvinnuhúsnæði. Úthlutun á byggingarétti.

**Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:**

Atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum og kjallara:
Tónahvarf (neðan götu) 3, 5, 7 og 9.
Lóðirnar eru frá 5200m2 - 5600m2.

Atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum:
Tónahvarf (ofan götu) 2, 4, 6, 8 og 10.
Lóðirnar eru frá 3800m2 - 5000m2.

Lóðagjöld - Af lóðum greiðast gatnagerðar -og yfirtökugjöld. Yfirtökugjöld vegna lóða nr. 2-10 (jafnar tölur) verði kr. 12.000 pr. m2 lóðar. Yfirtökugjöld vegna lóða nr. 3-9 (oddatölur) verði kr. 14.000 pr. m2 lóðar. Gatnagerðargjöld af húsnæði er 1861 kr. af hverjum rúmmetra húsnæðis.

Framangreind gjöld taka mið af byggingavísitölu sem er 368,2 stig og breytast með henni. Lágmarks gatna -og yfirtökugjöld eru innheimt við úthlutun byggingaréttar.

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar í október 2007.

Úthlutunargögn fást afhent á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, 3 hæð frá kl. 08:00 - 15:30 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 08:00 - 14:00 frá miðvikudeginum 21. mars 2007.

Einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu Kópavogs **www.kopavogur.is**

Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 4. apríl 2007.

Vakin er athygli á að fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2006.
Byggingarétti á lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt aðal -og deiliskipulag.

Bæjarstjórinn í Kópavogi

### ATVINNA

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu
**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

## RAFVIRKJAR

Erum með vana rafvirkja á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

### FASTEIGNIR

**HÚSIÐ FASTEIGNASALA**
*- heilshugar um þinn hag -*

**Suðurlandsbraut 50**
**Bláu húsin v/Faxafen**
**husid@husid.is**
**Sími 513 4300**

| | |
|---|---|
| Vilhjálmur Bjarnason | lögg. fast.sali |
| Helgi H. Jónsson | lögg. fast.sali |
| Guðný Guðmundsdóttir | sölumaður |
| Gunnar Magnússon | sölumaður |
| Hrafnhildur Helgadóttir | sölumaður |
| Kolbeinn Sigurðsson | sölumaður |
| Kristinn Erlendsson | sölumaður |
| Ólafur H. Haraldsson | sölumaður |
| Ólafur M. Sævarsson | sölumaður |
| Vilborg G. Hansen | sölumaður |
| Heimir H. Eðvarðsson | sölumaður |
| Vignir Daðason | sölumaður |
| Yngvi Laxdal | sölumaður |
| Rannveig Sveinsdóttir | móttaka |
| Erla R. Guðmundsdóttir | bókari |
| Ómar Haraldsson | tölvuumsjón/frágangur |
| Ingvaldur Mar Ingvaldsson | framkv.stjóri |

Frum

**Rað- og parhús — Dofraborgir - Rvk.**



Glæsileg hæð í grónu rólegu hverfi. Íbúðin afhendast að innan með múruðum útveggjum og frágengnum loftum, sandspartlað og grunnmálað. Búið er að leggja í gólf og eru þau tilbúin undir gólfefni. Hiti komin í húsið. Vinnuljósarafmagn. Að utan er húsið fullfrágengið og málað, hitalögn og hellur eru við bílskúrinn, lóð að öðru leyti grófjöfnuð. **Verð frá 30 millj.**

**2ja herbergja — Laugarnesvegur - Rvk.**



Sérstök og skemmtileg 2 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi á báðum hæðum í fyrrum verslunarhúsnæði við Laugarnesveg efri hæð 48,1 fm og neðri hæð 39,1 fm alls 87,2 fm. Fjögurra metra lofthæð á efri hæð. Stutt í alla þjónustu. Flott eign á góðum stað. Verð 19,9 millj.

**Stærri íb. og sérhæðir — Kríuhólar - Rvk.**



Rúmgóð og björt endaíbúð á 6 hæð í lyftuhúsi. Húsið klætt að utan á snyrtilegan máta. Stutt í verslun, apótek, skóla, leikskóla, sund og aðra íþróttastarfsemi. Íbúðin er 116,1 fm ásamt 25,4 fm sérstæðum bílskúr. 3 Svefnherbergi, 2 stofur, svalir, hol, eldhús og baðherbergi.
**Verð 23,9 millj.**

**2ja herbergja — Gautland - Rvk.**



Björt og rúmgóð 60,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu 3ja hæða fjölbýli sem er með klædda gafla og er á sérlega góðum stað í Fossvoginum og með góðu útsýni. **Verð 18,8 millj.**

**Stærri íb. og sérhæðir — Laufrimi - Kóp.**



Mjög björt og falleg 4ra herbergja 99,6 fm endaíbúð á jarðhæð með góðu aðgengi, má segja sérhæð þar sem nánast allt er sér og innan íbúðarinnar. Húsið er á rólegum stað þar sem stutt er í Spöngina með allri þeirri verslun og þjónustu sem þar er. Stór og flottur, nýr ca 24 fm trépallur með skjólgirðingu og sameiginleg lóð með leiktækjum fyrir börn í sjónfæri frá íbúðinni. Sérmerkt bílastæði á planinu við hlið hússins. **Verð 25,4 millj.**

## Lindarvað 2-14 Norðlingaholti



- **Nýtt á skrá**
- 127,5 fm 4ra herbergja sérhæðir í tvíbýlishúsum.
- Bílskúr fylgir efri hæðunum.
- Fullbúnar að utan og tilbúnar til innréttingar að innan.
- Hitalagnir í gólfi.
- Að utan er húsið steinað í ljósum lit.
- Lóðin fullbúin.
- Bílaplan og aðkoma hellulögð.

**Einbýli — Keilufell - Rvk**



Gott einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr á fallegri lóð í efra Breiðholti. 4 Svefnherbergi, 2 baðherbergi, rúmgóð stofa og gott eldhús. Stærð 185,2 fm. Stór sólpallur og góð hellulögð verönd ásamt lóð í góðri rækt. Stutt er í helstu þjónustu. Eign sem vel er þess virði að skoða. **Verð 36,9 millj.**

**4 herbergja — Flétturimi - Grafarvogur**



Laus við samning. 86,1 fm íbúð. Eldhús með hvítri innréttingu. Baðherbergið með flísum á gólfi og veggjum, baðkar. Svefnherbergin eru þrjú og eru öll með dúk á gólfi og skápum. Stofa með dúka á gólfi og útgang á hellulagðar svalir með fallegu útsýni. Rúmgott þvottahús er innan íbúðar með dúk á gólfi. Sameign snyrtileg. **Verð 19,8 millj.**

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# FOLD FASTEIGNASALA

**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00 Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

# Traust fasteignaviðskipti!

**Fold-fasteignasala er rótgróin fasteignasala í eigu og undir stjórn Viðars Böðvarsson viðskiptafræðings sem hefur starfað sem löggiltur fasteignasali í 27 ár.**

## Höfum kaupendur að eftirtöldum eignum.
**Í mörgum tilfellum er boðið upp á staðgreiðslu eða langa afhendingu.**

## Einbýli
- Einbýli Vesturbær - Seltjarnarnes verð 80 - 200 millj.
- Einbýli Ásahverfi Garðabær verð 50 - 150 millj.
- Einbýli Grafarvogur verð 60 - 100 millj.
- Einbýli Kópavogur verð 40 - 70 millj.
- Einbýli Fossvogur verð 80 - 150 millj.
- Einbýli Árbær 50 - 80 millj.
- Einbýli Flatir Garðabæ 5 herbergi verð 60 - 100 millj.
- Einbýli Hlíðum, 104 Rvk, 60 - 100 millj.

Frum

## Raðhús, parhús
- Rað-/Parhús Linda eða Smárahverfi 201 Kópavogr verð 40- 70 millj.
- Rað-/Parhús Seljahverfi eða Stekkir 109 Reykjavík verð 40-60 millj.
- Rað-/Parhús Fossvogur 108 Reykjavík 45- 75 millj.

## 2ja - 5 herbergja og hæðir
- Sérhæð Melar eða Hagar 107 Reykjavík verð 35-55 millj.
- 3-4 herb. Heimar/Vogar 104 Reykjavík verð 18 -27 millj.
- Lyftublokk 120-150 fm. Svæði 101-105 verð 30 -60 millj.
- 3-4 herb. Bakkar/Fell verð 15-25 millj
- 2ja herb. Hlíðar, miðborg eða vesturbæ verð 12-20 millj.
- 2ja herb. Fellum eða Bökkum verð 11- 15 millj.
- 4 herb. m/bílskúr í Mosfellsbæ.
- 5 herb. 101 - 110. Gott aðgengi. verð 22 -35 millj.

## Atvinnuhúsnæði
- 100 - 200 fm verslunarhúsnæði svæði 101-108. Verð 20 -40 millj.
- 100 - 400 fm skrifstofuhúsnæði í austurborginni.
- 300 - 500 fm lagerhúsnæði 4 m lofthæð og innkeyrsluhurð.
- 50 - 100 fm iðnaðarhúsnæði ýmsar staðsetningar. Verð 10-25 millj.

**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ SKOÐUM SAMDÆGURS**
**VERÐLEGGJUM EIGNIR YKKUR AÐ KOSTNAÐARLAUSU**

**Sjáðu www.fold.is - eða hafðu samband í síma 552 1400 eða 694 1401**

## VISSIR ÞÚ ...

... að Sir Cliff Richard heitir í raun og veru Harry Rodger Webb og er fæddur 14. október 1940 í Lucknow á Indlandi.

... að hann varð fyrst frægur með hljómsveitinni Shadows sem drottnaði yfir breskri tónlistarsenu á sjötta og sjöunda áratugnum þar til Bítlarnir komu fram á sjónarsviðið.

... að hann hefur starfað í fimm áratugi og hefur náð lagi inn á topp tíu vinsældarlistann í Bretlandi alla áratugina.

... að hann var upphaflega markaðssettur sem bresk útgáfa af söngvaranum Elvis Presley og líkti því eftir honum í klæðaburði. Um tíma var hann meira að segja með sams konar hárgreiðslu og Presley.

... að Richard var líka rokkaður í byrjun en mýktist smám saman og færði sig yfir í poppið. Sinnaskiptin urðu með laginu Living Doll sem gerði Richard að vinsælli poppstjörnu.

... að margir rekja þessa stefnubreytingu til þess að Richard varð mjög trúaður árið 1964 og hafi af þeim sökum viljað mýkja ímynd sína. Á þessum tíma hljóðritaði hann töluvert af trúarlegri tónlist.

... að Richard hljóðritaði stundum plötur án Shadows og að sama skapi gáfu meðlimir hljómsveitarinnar út plötur án liðsinnis söngvarans.

... að fyrsta kvikmyndahlutverk hans var í myndinni Two a Penny frá árinu 1968, þar sem hann lék ungan mann sem lendir í fíkniefnamisferli.

... að lag hans Congratulations hafnaði í öðru sæti í Eurovisionsöngvakeppninni árið 1968 og sló í gegn víðs vegar um heim.

... að Richard fikraði sig aftur í rokkið árið 1976 með plötunni I'm Nearly Famous, sem hafði meðal annars að geyma lagið Devil Woman. Elton John Eric Clapton og Jimmy Page báru I'm Nearly Famous barmmerki til að lýsa yfir ánægju sinni með afturhvarfi átrúnaðargoðsins til rokksins.

... að á áttunda og níunda áratugnum sendi hann frá sér hvern smellinn á fætur öðrum. Plöturnar Stronger (1989), From a Distance (1989) og The Album (1993) náðu allar inn á topp tíu listann í Bretlandi.


ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
:OUTLET
FISKISLÓÐ 75
Ótrúlegt úrval af dömu, herra og barnaskóm á góðu verði
STÆRÐIR 36-41 2.100,-
STÆRÐIR 40-47 4.700
STÆRÐIR 27-29 2.900,-
STÆRÐIR 36-41 2.500,-
OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every



NASA
28.MARS KL 21:00
Dr. Spock, Benny Crespo's Gang, Rass og Innvortis!
Verð: 1200.

GRENSÁSKIRKJA
28.MARS KL 20:00
Diddú, Stefán Hilmarsson og Guðbjörg Magnúsdóttir.
Vox Feminae og Stúlknakór Reykjavíkur
undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.
Verð: 2100.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
29.MARS KL 20:00
Múm, Pétur Ben og Ólöf Arnalds.
Verð 1200.

LJÓSLIFANDI
myspace.com/ljoslifandi
til styrktar Ljósinu, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. www.ljosid.org
Forsala aðgöngumiða hefst 21. mars í 12 tónum og útibúum Glitnis í Kringlunni, Smáralind og Kirkjusandi
GLITNIR
12 Tónar



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Mundu eftir að finna besta verðið!
"Ódýrast hjá Bílkó"
Samkvæmt skoðunarkönnun á vegum ASÍ sem fram fór í október 2006 er ódýrast að láta umfelga hjá Bílkó.
allt að 20% afsl.
Vetrardekk Heilsársdekk Loftbóludekk
olís Smurþjónusta Alþrif Rafgeymar Dekkjaþjónusta
BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegur 34 | Rauð gata | bilko@bilko.is SÍMI 557-9110

HASSO
BÍLALEIGA/CAR-RENTAL
Sími: 555 3330
A-flokkur kr. 2.900
B-flokkur kr 3.500
I-flokkur kr. 5.500
Verð miðast við sólarhring með 100km akstri, skatti og tryggingum
www.hasso.is




**Erum farin að taka á móti umsóknum í allar deildir skólans.
Því fyrr sem þú sækir um, því meiri möguleika áttu á námsvist.
Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og getur verið góður undirbúningur fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

**Umsóknafrestur í grunnám er til 10. júní 2007**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**



**LEIKSKÁLDIÐ EUGENE IONESCO (1912-1994) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Það er ekki svarið sem uppfræðir heldur spurningin.“*

***Leikverk Ionesco bjóða upp á margar spurningar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 28. MARS 1930**

## *Konstantínópel skiptir um nafn*

Á þessum degi árið 1930 var nafni heimsborgarinnar Konstantínópel formlega breytt í Istanbúl. Borgin hlaut nafnið Konstantínópel þegar Konstantínus mikli, keisari Rómaveldis, skírði hana í höfuðið á sér. Hún hafði þó gegnt fleiri nöfnum, og var meðal annars kölluð Stamboul og Deraliye.

Maðurinn sem stóð að breytingunni hét Mustafa Kemal Atatürk og var leiðtogi Tyrkja í sjálfstæðisbaráttu þeirra á fyrri hluta tuttugustu aldar. Atatürk, sem þýðir faðir Tyrklands, lagði mikið upp úr því að brjótast úr fjötrum Ottómana og nútímavæða landið. Þegar Tyrkir öðluðust sjálfstæði árið 1923 lét hann færa höfuðborgina frá þáverandi Konstantínópel til Ankara.

Istanbúl á sér mikla sögu enda liggur hún á mikilvægum stað á mörkum Evrópu og Asíu. Hún var höfuðborg Býsansríkis frá árinu 330 og síðar höfuðborg heimsveldis Ottómana. Vegna legu



sinnar hefur borgin lent í miðju átaka kristinna manna og múslima eins og nafnbreytingin sannar, en arabar á þrettándu öld kölluðu borgina í fyrsta sinn Istanbúl. Margar frægar byggingar í Istanbúl sýna einnig þessa baráttu þar á meðal Ægisif eða Hagia Sophia sem var upphaflega byggð sem kirkja en síðar breytt í mosku.

**MERKISATBURÐIR**

**1875** Gos hefst í Öskju og er það talið eitt mesta öskugos hér á landi. Öskumökkurinn barst yfir Austfirði næsta dag og náði alla leið til Svíþjóðar.

**1881** Tveir menn ganga á ís alla leiðina frá Akureyri til Siglufjarðar.

**1909** Safnahúsið við Hverfisgötu er vígt. Fyrstu árin voru í húsinu Forngripasafnið, Landsbókasafnið, Landsskjalasafnið og Náttúrugripasafnið en í dag hýsir það starfsemi Þjóðmenningarhússins.

**1910** Henri Fabre flýgur sjóflugvél fyrstur manna. Hann tók flugið á vatni nálægt Martigues í Suður-Frakklandi.



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg J. Ingimundardóttir**

frá Efri- Ey,

andaðist föstudaginn 23. mars á dvalarheimilinu á Kirkjubæjarklaustri. Útförin fer fram frá Langholtskirkju í Meðallandi föstudaginn 30. mars kl. 14.

| | |
|---|---|
| **Halla Jónsdóttir** | **Magnús Emilsson** |
| **Sunnefa Jónsdóttir** | **Ólafur Einarsson** |
| **Árni H. Jónsson** | **Guðlaug B. Olsen** |
| **Svavar Jónsson** | **Fjóla Þorvaldsdóttir** |
| **Eygló Jónsdóttir** | **Jón Ingvar Pálsson** |
| **Ómar Jónsson** | **Fanney Jóhannsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, amma, tengdamamma, systir, frænka og mágkona,*

**Lísa Skaftadóttir,**

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 30. mars kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnast Lísu er bent á styrktarreikning 0152-05-267600 kt. 111161-3649.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Ragnar Þór Stefánsson**
**Þórunn Lísa Guðnadóttir** **Örn Gunnþórsson**
**Sindri Þór Arnarsson**
**Ómar Ragnarsson**
**Hafdís Ragnarsdóttir**
**Gunnar Þór Ragnarsson**
**Skafti Ragnarsson.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og virðingu við andlát og útför eiginmanns míns,*

**Jóns Tryggvasonar,**

Ártúnum,

sem fæddur var 28. mars 1917 og lést hinn 7. mars síðastliðinn.

**Sigríður Ólafsdóttir og fjölskyldan.**





Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




**SKIPULEGGJENDUR** Skipuleggjendur styrktartónleikanna, þau Gestur Gunnarsson, Sigríður Soffía Sigurjónsdóttir og Sandra Rún Sigurðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

LJÓSLIFANDI STYRKTARTÓNLEIKAR: MARGRÉTAR JÓNSDÓTTUR MINNST

# Úr kökubasar í þrenna tónleika

Í kvöld og annað kvöld verða haldnir þrennir tónleikar undir yfirskriftinni „Ljóslifandi“ í minningu Margrétar Jónsdóttur sem lést úr krabbameini fyrir rúmu ári, aðeins 24 ára, eftir fimm ára hetjulega baráttu við þennan illvíga sjúkdóm. Ágóðinn mun renna óskiptur til Ljóssins sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Að sögn Gests Gunnarssonar, eins af aðstandendum tónleikanna, hefur undirbúningurinn gengið vel. „Maður hefur samt aldrei snert neitt á einhverju svona áður. Þetta átti fyrst að vera kökubasar en svo varð þetta að þrennum tónleikum,“ segir Gestur. „Það er búið að virkja öll hugsanleg tengslanet og meira að segja krakkar sem maður slóst við í átta ára bekk fóru í málið, ef þeir höfðu réttu samböndin.“



**DR. SPOCK** Hljómsveitin Dr. Spock spilar á tónleikunum á Nasa í kvöld.

Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í Grensáskirkju klukkan 20 í kvöld. Þar koma fram kórarnir Vox Feminae og Stúlknakór Reykjavíkur. Einsöngvarar eru Diddú, Stefán Hilmarsson og Guðbjörg Magnúsdóttir, sem hefur sjálf greinst með krabbamein og er hún einn rúmlega eitt hundrað félaga Ljóssins.

Aðrir tónleikarnir verða einnig í kvöld, á Nasa klukkan 21.00. Þar koma fram Dr. Spock, Benny´s Crespos Gang, Rass og Innvortis. Þriðju tónleikarnir verða í Fríkirkjunni annað kvöld klukkan 20.00. Þar koma fram múm, Pétur Ben og Ólöf Arnalds. Saman munu þau skapa magnaða upplifun í einstöku andrúmslofti Fríkirkjunnar.

Þar sem listamennirnir gefa vinnu sína og Glitnir er fjárhagslegur stuðningsaðili getur ágóðinn runnið óskiptur til Ljóssins, þaðan sem Margrét fékk gífurlegan stuðning á sínum tíma. Markmið Ljóssins er að bæta lífsgæði á erfiðum tímum, styrkja tengsl milli manna, auka traust og aðstoð og draga þannig úr hliðarverkunum sem sjúkdómurinn hefur í för með sér. Nánari upplýsingar um Ljósið og starfsemi þess má finna á www.ljosid.org.

Miðasala á tónleikana fer fram í 12 tónum og útibúum Glitnis í Smáralind, Kringlunni og Kirkjusandi, auk þess sem miðar verða seldir við innganginn. Nánari upplýsingar um Ljóslifandi má nálgast á myspace.com/ljoslifandi.

**freyr@frettabladid.is**

# Heita á Eurovision

Heitið hefur verið allt að tveimur og hálfri milljón króna á hópinn sem tekur þátt í Eurovision-keppninni í Helsinki í vor. Sveinn Rúnar Sigurðsson, höfundur lagsins Ég les í lófa þínum eða Valentine Lost eins og það útleggst á ensku, hefur skrifað undir samstarfssamning við SPRON. Með samningnum verður fyrirtækið bakhjarl Eurovision-hópsins.

Styrktarfyrirkomulagið er grunnstyrkur og auk þess áheit um meiri styrk eftir velgengni í keppninni. Þannig er grunnstyrkurinn 1.500.000 kr., fyrirheit um 500.000 kr. til viðbótar ef lagið kemst áfram upp úr undankeppninni og svo aftur fyrirheit um 500.000 kr. ef lagið toppar árangur Icyhópsins frá 1986 og verður ofar en í 16. sæti í úrslitakeppninni 12. maí.

Auk þess verður efnt til áheita- og verðlaunaleiks á spron.is þar sem heppnir þátttakendur fá í verðlaun ferð fyrir tvo á Eurovision-keppnina. Jafnframt má geta nýrrar heimasíðu Eurovision-hópsins, www.esciceland.com.



**GÓÐUR STYRKUR** Sveinn Rúnar Sigurðsson, til hægri, tekur við styrknum.

**AFMÆLI**

**Harpa Arnardóttir leikkona** er 43 ára.





**Vince Vaughn leikari** er 37 ára.



**Julia Stiles leikkona** er 26 ára.


BDF
Beiersdorf
100% MEIRI ÞYKKT
* í samanburði við tvo af mest seldu möskurum í Evrópu
BESTUR Í PRÓFUN*
MASKARA SEM ÞYKKJA
Staðfest af 120 konum
NÝTT!
Volume impact
• 100% meiri þykkt – strax
• Klessist hvorki né smitar
• Bestur í prófun maskara sem þykkja*
www.NIVEA.com/volumeimpact
Volume impact
NIVEA BEAUTÉ
VOLUME IMPACT BRUSH
BEAUTÉ
NIVEA
BEAUTÉ
*Prófið var framkvæmt í Þýskalandi af Schäfer markaðsrannsóknum.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





## STUÐ MILLI STRÍÐA Af fornum vitmönnum

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** VERÐUR ALDREI LEONARDO DA VINCI



Ef ég hefði verið í menntaskóla á Íslandi hefði ég pottþétt verið skotin í öllu Gettu betur liðinu. Fróðleiksmenn heilla mig, og þar sem ég hef sætt mig við að ég mun seint komast í tölu þeirra, hefði niðurstaðan örugglega orðið ofannefnt skot. Mig dreymdi lengi um að verða nútíma Leonardo da Vinci. Ekki vegna þess að mig langi að krukka í lík í kjallaranum mínum, eða brjóta mig og bramla með því að reyna að fljúga á heimabyggðum flugdrekum, heldur af því að maðurinn vissi hreinlega allt sem þá var hægt að vita um allt. Og ég get ekki annað en ímyndað mér að það sé rosalega gaman að vita allt um allt.

Eftir því sem ég læri meira finnst mér ég hins vegar vita sífellt minna um meira. Eftir sautján ára skólagöngu rámar mig í feiknamörg hugtök, ártöl, nöfn og afrek. Ég get hins vegar yfirleitt ekki komið saman heilli setningu um ofangreind hugtök og fylgifiska þeirra. Ég er með háskólapróf í ensku, en samt er orðabókin á netinu besti vinur minn. Ég fékk á sínum tíma hæstu einkunn fyrir ritgerðina mína um þær stöllur Lýsiströtu, Antígónu og Medeu, en ég man ekki mikið meira úr henni en að þær voru víst allar kvenhetjur í grískum leikritum.

Einn af öllum þeim körlum sem mig rámar í var eflaust kunnugri þeim Lýsiströtu og lagskonum hennar en ég. Sá hét Sókrates, og eitt af því fáa sem ég man úr skólagöngu minni er að hann sagðist ekki vita annað en það að hann vissi ekki neitt. Þó að gleymska mín fari í taugarnar á mér er ég ekki frá því að betra væri að lifa í heiminum ef fleiri fetuðu í fótspor Sókratesar félaga míns. Mér finnst of margir telja sig vita allt um allt. Og ennþá fleiri þora ekki að viðurkenna mistök sín, þegar upp kemst að þeir vissu ekki allt. Í staðinn þræta þeir þangað til að þeir eru bláir í framan. Það fer fátt meira í taugarnar á mér. Of margir telja sig vita allt um allt, og það hlýst fátt gott af því. Það er hið raunverulega óðjurtaseyði.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 1. apríl kl. 14.00 Sun 15. apríl kl. 17.00
Sun 1. apríl kl. 17.00 Sun 22. apríl kl. 14.00
Sun 15. apríl kl. 14.00 Sun 22. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**SÍÐUSTU SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA !**
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17- *Íslenska óperan í samstarfi við Óperukór Hafnarfjarðar*
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**Stóra sviðið kl. 20:00**
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus,** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus,** sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00. Sýningum lýkur í apríl!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld mið. 28/3 **örfá sæti laus,** fim. 29/3 **örfá sæti laus,** fös. 30/3 **örfá sæti laus,** lau. 31/3 **örfá sæti laus,** fim. 12/4 **örfá sæti laus,** fös. 13/4 **örfá sæti laus,** lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 **örfá sæti laus,** lau. 21/4 **nokkur sæti laus,** fim. 26/4, fös. 27/4 **örfá sæti laus. Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**
**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 **uppselt**, sun. 15/4 **örfá sæti laus**, fös. 21/4.
**Kassinn**
**HJÓNABANDSGLÆPIR** eftir Erich-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 **uppselt,** fim. 19/4 **uppselt,** fös. 20/4 **uppselt,** lau. 21/4 **uppselt,** fim. 26/4 **uppselt,** fös. 27/4 **uppselt,** lau. 28/4 **uppselt,** sun. 29/4 **uppselt,** fim. 3/5 **örfá sæti laus,** fös. 4/5 **örfá sæti laus,** lau. 5/5 **örfá sæti laus,** sun. 6/5 **örfá sæti laus.**
**Kúlan**
**MJALLHVÍT** Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR"
DAGUR VONAR

**SÍÐAN SKEIN SÓL**
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900
**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20
Fim 3/5 kl. 20 Síðustu sýningar
**HÖRÐUR TORFA**
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100
**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Mið 4/4 kl. 20 AUKAS. Sun 15/4 kl.20
Þri 17/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
**LADDI 6-TUGUR**
Lau 31/3 kl14 UPPS. Sun 1/4 kl. 20
Þri 3/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl.20 UPPS.
Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 5/4 kl. 17
Fim 5/4 kl.20 UPPS. Lau 14/4 kl. 20
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl.21 UPPS.
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.
**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl.20 UPPS.
Lau 31/3 kl. 20 UPPS. Sun 1/4 kl. 20 UPPS.
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 Sun 29/4 kl. 20
**DAGUR VONAR**
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20
**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Fös 20/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Lau 21/4 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20
Fim 5/4 kl. 20 AUKAS. Lau 14/4 kl. 20
**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.
**KRÓNIKUR DAGS OG NÆTUR**
"Pourquoi pas?" Franskt vor á Íslandi
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Miðaverð 1.500
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Mundu að lífið er lambagras

Sýningin Lífið - notkunarreglur er ævintýri með söngvum sem gerist í skógi þar sem óræð en kunnugleg lögmál gilda. Verkið er lokaverkefni Nemendaleikhússins en í því leika einnig félagar úr Leikfélagi Akureyrar.

Þetta er afar skemmtilega spekingslegt verk sem ber nokkuð sterk höfundareinkenni. Þarna hrynja stærstu spurningar lífsins af vörum áttlausra persóna sem staddar eru í óskilgreindum skógi, þær eru flestar á leiðinni „eitthvað annað og meira" en allar búa þær yfir einhverjum hæfileikum eða sérþekkingu sem þær skýla sér á bak við. Viðfangsefni verksins mætti draga saman í eina spurningu: Hvað er lífið meira en endalaust óöryggi? Persónurnar þrettán eiga í öllum tegundum samskipta, finna hver aðra og týna, sýna skilning, ástúð og grimmd í þessum míkrókosmos af veröldinni. Viðfangsefnið er þetta „óttalega" líf, klassískar forhugmyndir um hvernig það á að vera, hræðslan við misskilning eða það að vera öðruvísi. Ástin og ofbeldið kemur líka við sögu, ásamt fleiri líkamlegum kenndum á borð við svengd.

Verkið er dálítið móralskt á velmeinandi hátt og afhjúpandi líkt og fyrri verk leikskáldsins Þorvalds Þorsteinssonar. Þekktasta leikrit hans er líklegast ...And Björk, of Course. Líkt og það verk er Lífið - notkunarreglur um óskilgreindar ætlanir, tengslaleysi og persónulega vanþekkingu.

Textinn er glaðhlakkalegur og hátimbraður til skiptis. Það er mikill leikur í tungumálinu, sem verður að teljast aðall höfundarins, en leikararnir nýta sér hann óspart. Stundum komst textinn ekki alveg nógu vel til skila eða týndist í atganginum því það gengur jú ýmislegt á í lífinu. Ég skil hins vegar ekki titilinn ennþá og velti enn fyrir mér hvaða reglur er átt við í honum.

Leikstjórinn Kjartan Ragnarsson vinnur úr þessum kræsilega efniviði ásamt sínu fólki og skapar forvitnilega og manneskjulega sýningu sem skilur mikið eftir sig. Hitt er þó að mér fannst galli hversu langan tíma það tók að komast inn í verkið eða skilja í hvaða veröld það gerist.

Í svo lýðræðislega skrifuðu stykki er ekki sanngjarnt að hampa einum um of en ég verð að minnast á Vigni Rafn Valþórsson sem var framúrskarandi skemmtilegur í hlutverki uppfinningastráksins Huga. Það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni. Anna Svava Knútsdóttir var líka heillandi og grátbrosleg sem hreindýrið og samferðakonan Bjalla og dramadrottningin Gola var afar skemmtileg í meðförum Kristínar Þóru Haraldsdóttur. Söngnúmer Bjarna Snæbjörnssonar og fyrrgreindra Önnu, Kristínar og hinnar hæfileikaríku Söru Marti Guðmundsdóttur, líður líka seint úr minni.

Tónlist Megasar er algjört afbragð og textarnir nokkuð lunknir líka. Í það minnsta fylgdi tónlistin manni út í kvöldið og leitaði á mann aftur daginn eftir. Umgjörðin sem tónlistin skapar hefur meira vægi en nokkur leikmynd og leikarar og leikaraefni fara vel með sitt, hvert með sínu nefi þó, sem og hljómsveitin. Þetta er mjög áheyrileg tónlist sem ég vona innilega að rati einhvern tíma á hljómdisk.

Það fer ágætlega um uppfærsluna í Rýminu en plássið býður þó ekki upp á mikið sjónarspil og var full þröngt á köflum. Leikmunir og búningar eru litríkir og skondnir en full bosmamiklir í þrengslunum.

Þetta er sómasýning og fengur að nýju íslensku leikriti og frábærri músík. Frammistaða félaga Nemendaleikhússins gefur líka tilefni til frekari bjartsýni.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



## LEIKLIST

**Lífið - notkunarreglur**

Leikfélag Akureyrar og Nemendaleikhúsið

**Höfundur, leikmynd og búningar**: Þorvaldur Þorsteinsson / **Tónlist**: Megas / **Leikstjórn**: Kjartan Ragnarsson / **Tónlistarstjórn**: Margrét Kristín Blöndal /**Lýsing**: Björn Bergsteinn Guðmundsson / **Leikarar og leikaraefni:** Magnús Guðmundsson, Bjarni Snæbjörnsson, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Sara Marti Guðmundsdóttir, Sigrún Huld Skúladóttir, Anna Svava Knútsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Hallgrímur Ólafsson, Ólafur Steinn Ingunnarson, Guðjón Davíð Karlsson, Páll Sigþór Pálsson og Þráinn Karlsson.

★★★★

Skondin og hrífandi sýning með frábærri músík.

Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*
22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00
23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00
24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00
29.mars fimmtud. 5.sýn kl. 20:00
30. mars föstud. 6.sýn kl. 20:00
31.mars laugard. 7.sýn kl. 20:00
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
29. mars - uppselt
30. mars - uppselt
31. mars - uppselt
1. april - uppselt
14. april - uppselt
15. apríl - örfá sæti laus
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Ljósmyndasýning í Smáralind



Andlit Indlands
Heillandi andlit, litir og framandi aðstæður birtast í myndum Kristjáns Inga Einarssonar ljósmyndara frá ferð hans til Indlands nú í janúar.
Börn og kjör þeirra eru viðfangsefni sýningarinnar sem einnig markar upphaf páskasöfnunar Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir menntun fátækra barna á Indlandi.
Hjálparstarf kirkjunnar
Sýningin opnar í dag á neðri hæð Smáralindar og stendur fram yfir páska.

# ÞÚ FÆRÐ FERMINGARGJÖFINA Í TÖLVULISTANUM

AÐEINS 2.521 KR Á MÁNUÐI

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.6Ghz AMD Turion 64 X2** 1MB flýtiminni, 2000MHz FSB+HT |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið í 4GB |
| **Harðdiskur** | **120GB 5400RPM diskur** 5400RPM hraður og hljóðlátur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA WideScreen skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X1100** Samnýtt minni, PCI-Express 16x |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Stýrikerfi** | **Windows Vista Home Premium** Öruggara og öflugra |
| **Annað** | **Aðeins 2.82Kg með rafhlöðu** Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar |

## FERMINGARGJÖFIN Í ÁR ER ACER ASPIRE 5102WLMI

**DUAL CORE 64 X2**
AMD Turion 64 er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1100**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**KORTALESARI**
Acer 5102 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**WINDOWS VISTA**
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar



**VERÐ 89.900**

## FERMINGARVÉLIN



AÐEINS 3.643 KR Á MÁNUÐI

2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 með 2MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 320GB 7200RPM harðdiskur 18xDVD±RW DL skrifari • 19" LCD Acer AL1916FS skjár 256MB MSI Geforce7 NX7600GS PCI-E 16X skjákort 10/100/1000 netkort • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 129.900**



**RISAEGG 1.4KG**
NÓI SÍRÍUS
RISAPÁSKAEGG FRÁ NÓA SÍRÍUS FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## LOGITECH Z-10

FRÁ 558 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Logitech Z-10 er öflugt hátalarakerfi með baklýstum upplýsingaskjá og snertihnöppum. Kerfið skilar frábærum hljómgæðum, USB 2.0

**VERÐ 19.900**

## LOGITECH MÚS

Þráðlaus Logitech VX-Revolution fartölvumús með Hyper-fast virkar jafnt með PC og Mac, 2.4 GHz micro sendir, USB 2.0

**VERÐ 7.990**

## MY BOOK HÝSING

FRÁ 642 KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

500GB My Book er flott fermingargjöf frá Western Digital, geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

**VERÐ 22.900**

## LOGITECH G15

Logitech G15 Gaming Keyboard, frábært leikja lyklaborð, 18 forritanlegir hnappar, baklýstir hnappar, íslenskir miðar, USB tengt

**VERÐ 9.990**

1GB Corsair USB 2.0 Value Select minnislykill
**VERÐ 1.990**

Creative Live! Cam Vista IM vefmyndavél
**VERÐ 1.990**

Logitech G5 Laser mús með skrunhjóli
**VERÐ 7.990**

15" Targus taska second skin fartölvutaska
**VERÐ 3.990**

15" Targus hliðartaska, svört mús fylgir
**VERÐ 6.990**

15" Targus bakpoki svartur og blár með mús
**VERÐ 8.990**

120GBWestern Digital Passport ferðahýsing
**VERÐ 14.900**

Canon CanoScan 4400F flottur borðskanni
**VERÐ 17.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.

# TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tölvulistinn. | Nóatúni 17 | Reykjavík. | ☎ 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu 36 | Akureyri. | ☎ 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu 90 | Keflavík. | ☎ 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi 2-4 | Egilsstaðir. | ☎ 414 1735 |

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Cliff bauð öllum í kvöldmat

**Sir Cliff Richard, sem heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld, bauð hópnum sem hefur verið með honum á tónleikaferð um heiminn í mat á Austur-Indíafélaginu í fyrrakvöld.**



**SIR CLIFF RICHARD** Tónlistarmaðurinn Cliff Richard heldur tónleika í Laugardalshöll í kvöld.

„Þetta eru síðustu tónleikarnir í ferðinni. Hann er búinn að vera í sex mánuði að flækjast með þessum 24 manna hópi og bauð þeim í mat,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari. Væntanlega hefur matarboðið kostað Richard skildinginn, enda er Austur-Indíafélagið meðal dýrustu og bestu veitingastaða borgarinnar. Í stuttu spjalli við Fréttablaðið vildi Manoj Kumar, framkvæmdastjóri hjá Austur-Indíafélaginu, ekki gefa upp hversu mikið máltíðin hafi kostað en tók það fram að Richard hafi átt góða kvöldstund með samstarfsfólki sínu. Snæddu þau m.a. dýrindis íslenskt lambakjöt.

**Humar í hádegismat**

Í hádeginu í gær gæddi Richard sér síðan á humri á veitingastaðnum Við fjöruborðið á Stokkseyri, áður en ferðinni var heitið á Gullfoss og Geysi, eins og erlendra ferðamanna er siður. Að sögn Guðbjarts hefur Richard hrifist mjög af Íslandi, þó að honum hafi ekki litist á blikuna fyrst þegar hann leit út um gluggann í gærmorgun á snævi þakta jörðina.

Richard mun ásamt stórri hljómsveit, taka flest sín þekktustu lög á tónleikunum, þar á meðal Summer Holiday, Bachelor Boy, The Young Ones og We Don´t Talk Any More. Engu verður til sparað til að gera þessa tónleika sem glæsilegasta og verða m.a. risaskjáir settir upp hvor til sinnar hliðar við sviðið. Eftir tónleikana mun Richard væntanlega taka sér ársfrí frá tónleikahaldi.

**Stólar fyrir þreytta gesti**

Á tónleikunum verða stólar í anddyrinu fyrir þá sem vilja hvíla sig. „Hann byrjar klukkan átta og síðan verður smá hlé. Þetta verður búið kannski um hálfellefuleytið, þannig að það verður fullt af stólum fyrir þá sem eru standandi. Ég vil gera þetta eins þægilegt fyrir fólk og hægt er,“ segir Guðbjartur.

Uppselt er í stúku á tónleikana en enn eru til miðar í stæði og fer miðasalan m.a. fram á midi.is.

freyr@frettabladid.is

## Teitur á Íslandi



**TEITUR** Spilar í Borgarfirði á föstudag ásamt Pétri Ben.

Pétur Ben og hinn færeyski Teitur halda tónleika í Fosstúni í Borgarfirði á föstudag á vegum Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, ÚTÓN. Þetta eru fyrstu tónleikar Teits á Íslandi. Hann hefur notið alþjóðlegrar velgengni undanfarið og hefur önnur plata hans, Stay Under the Stars, hlotið verðskuldaða athygli. Fór lagið Louis Louis m.a. í fyrsta sæti iTunes-spilunarlistans í Danmörku.

Teitur er staddur á Íslandi í tilefni af Atlantic Music Event sem fer fram á Nasa á laugardag þar sem hann spilar með samlöndum sínum. Tónleikarnir á föstudag hefjast klukkan 21.00 og kostar 1.000 krónur inn.



**ÁSTFANGIN UPP FYRIR HAUS** Leikkonan Kirsten Dunst dvelur um þessar mundir í London hjá nýja kærastanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Nældi sér í breskan söngvara

Bandaríska leikkonan Kirsten Dunst er yfir sig ástfangin um þessar mundir eftir að hafa kynnst breska söngvaranum Johnny Borrell. Aðeins eru nokkrar vikur síðan Dunst og Borrell kynntust en það var þegar hljómsveit hans, Razorlight, var á tónleikaferðalagi í Bandaríkjunum.

Kirsten Dunst er svo hrifin af nýja kærastanum að hún flaug til London í síðustu viku og hefur dvalið í íbúð Borrells síðan þá. Kirsten fylgdist með kærastanum á tónleikum í London á sunnudagskvöld og eftir það fóru þau út á lífið.

„Þetta er alvöru samband og hún hefur elt hann eins og ástsjúkur hvolpur,“ segir heimildarmaður í breskum fjölmiðlum. „Kirsten flaug til London og það veit enginn hversu lengi hún verður þar. Hún er hins vegar að fara í upptökur í Evrópu innan tíðar svo þau ættu að geta hist reglulega í London.“







Ég veit hvar varan er. Ég veit hver birgðastaðan er. Ég veit hvað er í tolli. Ég veit hvað þarf að panta og hvað þarf ekki að panta.

**Það er komin alveg ný útgáfa af Ópusallt,** viðskiptalausninni sem gerir allt starfsfólk aðeins klárara.

Nánari upplýsingar á **www.opusallt.is**

ÓPUSallt
Viðskiptalausn frá HugAx

HUGUR / AX Guðríðarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / Sími 545 1000 / www.hugurax.is

# Indjáninn á hvíta tjaldið

**Kvikmyndafyrirtækið True North hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn á bókinni Indjáninn eftir Jón Gnarr en samningur þess efnis var undirritaður í húsakynnum Eddu útgáfu í gær.**



**VIÐ UNDIRRITUN** Þeir Leifur B. Dagfinnsson, Jón Gnarr, Hólmfríður Matthíasdóttir, Hjörtur Grétarsson skrifuðu undir samning sem tryggir True North kvikmyndaréttinn á Indjánanum eftir Jón. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Indjánanum greinir Jón frá ævintýralegu lífshlaupi sínu sem strákur á skáldlegan hátt og öllum sínum uppátækjum sem sum hver rötuðu á síður blaðanna.

Höfundurinn Jón var að vonum ánægður með þessi tíðindi en hann bjóst eiginlega aldrei við því að líf hans yrði fært yfir á hvíta tjaldið. „Þetta er bara stórkostlegt,“ sagði Jón þegar Fréttablaðið náði tali af honum.„Nú verð ég bara eins og Andri í Punktur, punktur komma strik nú eða Ingemar í Mitt Liv som Hund,“ bætti höfundurinn við. Hann kvaðst í raun vera að ættleiða bókina sína í hendur True North því hann hefði voðalega lítið um framhaldið að segja þegar allir pappírar væru undirritaðir. „En mér finnst voðalega gaman að þetta skuli vera gert,“ segir Jón sem bjóst ekki við því að koma að handritsgerð myndarinnar. „Nei, en nú hefst bara leitin að litlum Jóni Gnarr.“

Hjörtur Grétarson framleiðandi hjá True North vildi ekki gefa upp kaupverðið og sagði það vera trúnaðarmál. Hann sagðist reikna með því að vinna að því að finna leikstjóra og handritshöfund færi á fullt en bjóst við því að sú undirbúningsvinna gæti tekið tvö til þrjú ár. Hjörtur tók undir með Jóni að True North væri að ættleiða bókina. „Þetta er auðvitað vandmeðfarið því Indjáninn er skáldsöguleg ævisaga Jóns og við munum að sjálfsögðu reyna að nýta okkur sem mest krafta hans,“ sagði Hjörtur sem vissi þó ekki hvort bókin yrði færð uppá hvíta tjaldið eða nýtt til framleiðslu á sjónvarpsþáttum. „Það á bara eftir að koma í ljós.“ freyrgigja@frettabladid.is








**U2** The Edge, lengst til hægri, hefur gefið uppáhaldsgítar sinn til góðgerðarmála.

# Gaf gítarinn

The Edge, gítarleikari U2, hefur gefið uppáhaldsgítar sinn til góðgerðarmála. Um er að ræða góðgerðasamtök sem The Edge átti þátt í að stofna, sem sjá um að safna hljóðfærum í stað þeirra sem eyðilögðust eða týndust þegar fellibylurinn Katrina reið yfir Bandaríkin.

„Ég vildi gefa eitthvað sem skipti mig miklu máli,“ sagði The Edge. Gítarinn, sem var smíðaður árið 1975, er af gerðinni Gibson Les Paul. Adam Clayton, bassaleikari U2, hafði áður gefið bassa sinn til samtakanna, trommarinn Larry Mullen gaf trommur og Bono gaf sólgleraugu.



**DEKURDÝR?** Eva Longoria leikur dekurdýr í Desperate Housewives, en það er hundurinn Jinxie sem er hið raunverulega dekurdýr.

# Fær fylgd frá hundinum

Jinxie, hundur Evu Longoria, verður ekki skilinn útundan í væntanlegu brúðkaupi hennar og Tonys Parker sem fram fer í Frakklandi í sumar. Jinxie mun fylgja brúðinni inn kirkjugólfið og standa við hlið hennar á meðan parið skiptist á heitum. Hann mun skarta sérsmíðaðri hálsól með eðalsteinum, en í hana verður brúðkaupsdagsetningin grafin: 07.07.07.


KAUPTHING MANAGER SELECTION

*Société d'Investissement à Capital Variable*
*Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy*
*L-1855 Luxembourg*
*RC Luxembourg B 72.942*

NOTICE TO SHAREHOLDERS

Luxembourg, March 28th, 2007

Dear Shareholder,

The board of directors of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "Fund") has decided to amend the existing Prospectus of the Fund in order to reflect the following changes:

1. Giving some substance to the Fund and turn the Fund into a Self-Managed SICAV as referred in article 27 of the Luxembourg law of 20 December 2002 on undertakings for collective investment (hereinafter the "2002 Law") and further to appoint Mr. Andri V. Sigurdsson professionally domiciled at Borgartun 19, IS-105 Reykjavik, Iceland and Mr. Bruno Vanderschelden professionally domiciled at at 8-10 rue Mathias Hardt, BP 3023, L-1030 Luxembourg, both as General Managers of the Fund.

2. Appointment of KAUPTHING BANK asset management company HF with registered office at Borgartun 19 IS-105 Reykjavik, Iceland and KAUPTHING BANK LUXEMBOURG S.A., with registered office at 35a, avenue J.F. Kennedy, L-1855 Luxembourg, as Principal Distributors of the Fund (instead of KAUPTHING BANK Oyj. as the exclusive Principal Distributor previously).

3. Amendment to the Section 4.4 Subscription, Redemption and Conversion of shares of the Fund's prospectus in order to confirm the appointment of EUROPEAN FUND ADMINISTRATION S.A., Luxembourg as the only entity entitled to accept subscription, redemption and conversion orders (instead of EUROPEAN FUND ADMINISTRATION S.A., Luxembourg and/or KAUPTHING BANK LUXEMBOURG S.A., Luxembourg previously).

4. Amendment to the Investment objectives and policy of each existing Fund's compartment to add the possibility of using derivatives instruments as follows:

> *"Derivative instruments (including in particular equity options, futures contracts and forward foreign exchange contracts) may be utilized both for hedging and for efficient portfolio management purposes. Transactions made for a purpose other than hedging should not have a significant negative impact on the investment policy of the compartment."*

The above changes shall be reflected in an updated version of the Prospectus, dated April 2007, available free of charge at the registered office of the Fund.

**Shareholders who do not agree with the above changes may have all or part of their Shares redeemed, without any charges, during a one month period beginning on the date of this publication, at the relevant Net Asset Value per Share.**

The Board of Directors












# 2 fyrir 1

MasterCard

*á morgun, fimmtudaginn 29. mars*

Hot Fuzz er drepfyndin spennumynd frá þeim sömu og gerðu grínhrollinn *Shaun of the Dead*. Ofur-löggan Nicholas Angel er óvænt fluttur frá stórborginni London til svefnbæjarins Sandford. Smábæjarlífið býður ekki upp á alveg sömu spennu og London, en Angel fer fljótlega að gruna að maður sé í mysunni. Hann hefur ásamt þykkum en velviljuðum félaga sínum rannsókn á fjölda dauðaslysa sem orðið hafa í bænum og verður brátt sannfærður um að bærinn sé ekki eins friðsæll og hann virtist vera í upphafi.

Sérstök MasterCard forsýning verður **fimmtudaginn 29. mars** kl. 20 í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka og Borgarbíói, Akureyri og fá MasterCard korthafar 2 miða á verði eins greiði þeir með kortinu.

Borgarbíó LAUGARÁS BÍÓ ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN

*Myndin verður frumsýnd 30. mars.*
*Meira á www.kreditkort.is/klubbar*



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Laddi inn fyrir Gretti



Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær þurfti Borgarleikhúsið að fresta frumsýningu söngleiksins Grettis vegna forfalla Halldórs Gylfasonar. Aðstandendur afmælissýningar Ladda gripu gæsina og bættu við sýningu í Borgarleikhúsinu á sunnudaginn en hún hefur gengið fyrir fullu húsi svo vikum skiptir.

Velgengni afmælissýningar Ladda hefur verið með hreinum ólíkindum en upphaflega stóð til að þetta yrðu aðeins örfáar sýningar. Talið er að yfir tuttugu þúsund manns hafi séð gamanleikarann fara á kostum á sviði Borgarleikhússins en uppselt er á allar sýningar í apríl og er þegar byrjað að selja miða á sýningar í maí.

# Hot Chip hitar upp fyrir Björk

Breska hljómsveitin Hot Chip hitar upp fyrir Björk á tónleikum hennar í Laugardalshöll 9. apríl. Hot Chip hefur tvívegis spilað hér á landi við góðar undirtektir. Plata sveitarinnar, The Warning, var ofarlega á mörgum árslistum yfir þær bestu í fyrra og var hún m.a. tilnefnd til Mercury-verðlaunanna. Á meðal þekktustu laga hennar eru Over & Over, And I Was a Boy From School og Colours.

Tónleikarnir í Höllinni verða þeir fyrstu sem Björk heldur í tilefni af útkomu plötunnar Volta, sem er væntanleg í verslanir 7. maí. Ætlar hún í kjölfarið í átján mánaða tónleikaferð um heiminn.

Miðasala á tónleikana hefst í dag klukkan 12.00. Fer hún fram í Skífunni, BT Egilsstöðum, Selfossi og Akureyri og á midi.is. Miðaverð er 3.900 krónur í stæði og 6.900 í stúku.



**HOT CHIP** Breska hljómsveitin Hot Chip hitar upp fyrir Björk í Höllinni.


# Lotus Professional pappírsvörur

Glæsilegt yfirbragð við öll tækifæri

**Á tilboði í mars 2007**
LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

**Halldór Sigdórsson**
Þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV



TUNGLID RV62278

2.388 kr.



**JustOne startpakki**
servíettubox og 600 servíettur

794 kr.

**LinStyle servíettur**
40x40cm, 50stk

2.631 kr.

**LinStyle dúkar**
1,2x20m á rúllu

25 ára 1982–2007 Rekstrarvörur

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

### > Tekst Viggó að bjarga Haukum?

Hinn skapheiti handknattleiksþjálfari Viggó Sigurðsson hefur svarað neyðarkalli Páls Ólafssonar um aðstoð svo Haukar falli ekki úr úrvalsdeild. Morgunblaðið greindi frá þessu í gær. Undir stjórn Páls hefur Haukaliðið valdið gríðarlegum vonbrigðum og sú staða sem upp er komin getur engan veginn verið ásættanleg fyrir Hauka enda mannskapurinn mun betri en staða liðsins gefur til kynna. Framundan er úrslitaleikur um áframhaldandi sæti í efstu deild gegn Fylki um næstu helgi.



# sport

sport@frettabladid.is

**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN:** TALAÐI REIPRENNANDI SPÆNSKU Á BLAÐAMANNAFUNDI Á MALLORCA Í GÆR:

## *Viljum sýna að það býr meira í okkur*



Íslenska landsliðið hélt í gær blaðamannafund á hóteli liðsins í Palma í gær. Þar sátu Eyjólfur Sverrisson og Eiður Smári Guðjohnsen fyrir svörum og beindist athyglin fyrst og fremst að þeim síðarnefnda enda gat hann rætt við spænsku fjölmiðlamenninna á þeirra eigin tungumáli. Var það mál manna að hann hafi gert það með miklum sóma.

Eiður sagði við íslensku fjölmiðlana að liðið vildi í leiknum í kvöld sýna að það býr meira í liðinu en úrslit þess að undanförnu gefi til kynna. „Það er þannig hugur í mannskapnum að við viljum rétta úr kútnum og sýna að það búi meira í okkur sem lið en við höfum sýnt í undanförnum leikjum.“

Spurður um sín persónulegu markmið í leiknum sagði hann að hann hefði ef til vill háleitari markmið en flestir aðrir. „Ég hef þó áður sagt að jafntefli yrðu frábær úrslit og allt fyrir ofan það yrði meiriháttar. Það eina sem skiptir máli er hvernig við spilum og hvernig við komumst frá þessum leik. Það er ekkert endilega skemmtilegra þótt við séum á Spáni þó óneitanlega sé viss spenna fólgin í því að mæta stórliði á útivelli,“ sagði Eiður Smári.

„Við vitum að væntingarnar eru ekki miklar fyrir þennan leik enda eðlilegt að telja að lið Spánar sé sigurstranglegra. En þannig viljum við hafa það, þannig líður okkur best og þannig hefur íslenska liðinu alltaf gengið best. Menn eiga að fara í svona leik með tilhlökkun og líta á hann sem skemmtilega reynslu. Við höfum engu að tapa þegar við löbbum inn á völlinn.“

Hann sagði að hann hefði skipst á skotum við félaga sína í Barcelona sem leika með spænska landsliðinu. „Jú, það var aðeins grínast með að við myndum taka hart hvor á öðrum. Við verðum þó að passa okkur að meiða ekki hvor annan allt of mikið,“ sagði hann í léttum dúr. „Þeir voru auðvitað fyrst og fremst að undirbúa sig fyrir erfiðan leik gegn Dönum og þeir vissu vel að þeir þyrftu að vinna báða þessa leiki. Það var gott fyrir okkur að setjast niður og horfa á leik þeirra gegn Dönum, við græddum mikið á því.“



**EIÐUR SMÁRI** Talaði spænsku og sló í gegn á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Spænska pressan:

## Skrautlegar spurningar

**FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði fékk misgáfulegar spurningar á blaðamannafundi íslenska liðsins í gær. Undir lokin tók einn sig til og spurði hvað hann gerði til að koma sér í rétta gírinn fyrir leiki.**

**„Tilbiðjið þið einhvern sérstakan guð eða syngið þið saman?“ spurði blaðamaðurinn. „Nei, við kannski reynum að taka því rólega og fleira í þeim dúr,“ svaraði Eiður til.**

**„Voru Víkingarnir rólegir áður en þeir lögðu af stað til baráttu?“ var næsta spurning. „Ég vil helst ekki svara þessari spurningu,“ sagði fyrirliðinn um hæl og uppskar mikinn hlátur.**

**- esá**

# Loks hafði Snæfell sigur

**Snæfell var búið að tapa þrisvar fyrir KR í vetur og ávallt með litlum mun. Þeirra tími að vinna jafnan leik rann upp í gær. Martin Thuesen tryggði þeim sigur, 85-83, með frábærri þriggja stiga körfu undir lok leiksins.**

**KÖRFUBOLTI** Rimma KR og Snæfells stendur fyllilega undir væntingum en staðan í einvíginu er jöfn, 1-1, eftir leik liðanna í Hólminum í gær.

Heimamenn féllu ekki aftur í þá gryfju að mæta ekki tilbúnir til leiks. Þeir tóku frumkvæðið strax í upphafi, voru mun grimmari á alla bolta en vestur í bæ og uppskáru eins og þeir sáðu. Staðan eftir fyrsta leikhluta 21-11 Snæfelli í vil.

KR byrjaði annan leikhluta með látum, skoraði tíu stig í röð, jafnaði leikinn og Snæfell neyddist til að taka leikhlé. Liðin héldust í hendur það sem eftir lifði leikhlutans og staðan var jöfn í leikhléi, 41-41. Gestirnir héldu áfram að sækja í sig veðrið og leiddu með sjö stigum fyrir síðasta leikhlutann, 59-66.

Lokafjórðungurinn var æsispennandi. Gestirnir voru alltaf skrefi á undan heimamönnum sem neituðu að sleppa takinu vel studdir af fjölda áhorfenda. Þegar þrjár mínútur lifðu leiks var staðan jöfn, 76-76, og taugar leikmanna sem áhorfenda voru þandar til hins ítrasta undir lokin.

Snæfell var stigi undir, 82-83, þegar 17 sekúndur lifðu leiks en hafði boltann. Kotila tók leikhlé og freistaði þess að setja upp sigurkerfi. Martin Thuesen, sem hafði lítinn þátt tekið í leiknum, gerði sér lítið fyrir og setti niður þriggja stiga körfu og skildi aðeins þrjár sekúndur eftir á klukkunni, 85-83. Pálmi Freyr tók síðasta skotið en það geigaði og Snæfell fagnaði sigri.



**SHOUSE STERKUR** Justin Shouse leiddi Snæfellsliðið til sigurs í Hólminum í gær með frábærum leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta var alveg ótrúlegt. Við vorum mjög lélegir á löngum köflum. Vörnin var í rugli en við náðum að koma til baka en ég veit ekki alveg hvernig,“ sagði Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson í viðtali við Sýn. „Við töpuðum með tveim stigum í Vesturbænum þegar við vorum lélegir og hljótum að geta unnið leik þegar við spilum sæmilega.“

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, var óhress að vonum. „Ég er orðlaus og skil ekki hvað gerðist. Það vantaði einhvern til að taka af skarið í sókninni. Vörnin var líka að gera fáranleg mistök og það gengur ekki að maðurinn fái svona frítt skot undir lokin. Ég hefði getað hitt úr þessu,“ sagði Benedikt hundfúll.

**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla:*

| SNÆFELL-KR | 85-83 |
|---|---|

**Stig Snæfells:** Justin Shouse 21, Sigurður Þorvaldsson 16, Hlynur Bæringsson 16, Jón Ólafur Jónsson 15, Magni Hafsteinsson 14, Martin Thuesen 3.

**Stig KR:** Jeremiah Sola 15, Skarphéðinn Ingason 14, Brynjar Þór Björnsson 12, Darri Hilmarsson 12, Tyson Patterson 10, Edmund Azemi 6, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4.

*Staðan í einvíginu er 1-1.*

### *Iceland Express-deild kvk:*

| HAUKAR-ÍS | 78-61 |
|---|---|

**Stig Hauka:** Ifeoma Okonkwo 23 (10 frák.), Sigrún Ámundadóttir 22 (7 frák.), Helena Sverrisdóttir 11 (10 frák., 10 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 9 (6 stolnir), Pálína Gunnlaugsdóttir 9 (5 stoðs.), Unnur Tara Jónsdótitr 2, Svanhvít Skjaldardóttir 2.

**Stig ÍS:** Casey Rost 27 (10 frák., 5 stoðs.), Signý Hermannsdóttir 20 (10 frák., 6 varin), Lovísa Guðmundsdóttir 6, Hafdís Helgadóttir 4, Helga Jónasdóttir 2, Tinna Björk Sigmundsdóttir 2.

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Hauka.*

| KEFLAVÍK-GRINDAVÍK | 99-91 |
|---|---|

**Stig Keflavíkur:** Kesha Watson 25, Margrét Kara Sturludóttir 20 (12 fráköst), Bryndís Guðmundsdóttir 17, María Ben Erlingsdóttir 14 (9 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 9, Svava Ósk Stefánsdóttir 8, Ingibjörg Vilbergsdóttir 4, Rannveig Randversdóttir 2.

**Stig Grindavíkur:** Hildur Sigurðardóttir 25 (10 fráköst), Petrúnella Skúladóttir 16, Tamara Bowie 14 (16 fráköst, 6 varin), Ingibjörg Jakobsdóttir 13, Ólöf Pálsdóttir 11, Írs Sverrisdóttir 9, Jovana Lilja Stefánsdóttir 3.

*Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Keflavík.*



**KEFLAVÍK YFIR** Keflavík tók forystu í einvíginu gegn Grindavík í gær. Mikið munaði um það hjá Grindavík að Tamara Bowie skoraði aðeins 14 stig en hún var með 40 að meðaltali. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Töskur leikmanna fóru til Las Palmas en ekki Palma:

## Böl á leikmönnum Brann?

**FÓTBOLTI** „Þetta hefur gengið allt prýðisvel. Hótelið er frábært, allar aðstæður mjög góðar. Það eina er að taska mín og Kristjáns skilaði sér ekki frá Bergen.

Ég er þó með mitt skópar og það verður bara að duga,“ sagði Ármann Smári Björnsson, leikmaður Brann í gær.

Hann kom til móts við íslenska landsliðið með félögum sínum í Brann, þeim Kristjáni Erni Sigurðssyni og Ólafi Erni Bjarnasyni. „Taskan hans Óla skilaði sér en okkar eru enn ófundnar því miður en maður vonar það besta.“

Það mátti heyra á fararstjórum íslenska liðsins að þeir voru ekki vongóðir um að töskur tvímenninganna skiluðu sér fyrir leik í dag. **- esá**


Herrakvöld Hauka

verður haldið föstudaginn 30. mars á Ásvöllum

Glæsileg dagskrá:

*Steikarhlaðborð að hætti Hauka*

- Tónaflóð
- "Séð og heyrt" - Gunnar Svavarsson
- Jóhannes Kristjánsson fer á kostum
- Happdrætti

Borðhald hefst kl. 20 - húsið opnar kl. 19

Miðaverð kr. 3000 Sala í afgreiðslu og hjá deildum

Haukamenn, fjölmennum og tökum með okkur gesti !

"HAUKAR – FÉLAGIÐ MITT"


Veigar Páll Gunnarsson verður líklega í byrjunarliði Íslands í kvöld:

## Finnst ég búinn að sanna mig

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson verður að öllum líkindum í byrjunarliði íslenska landsliðsins í kvöld er það mætir Spánverjum á ONO Estadi í Palma á Mallorca. Forföll Heiðars Helgusonar og Gunnars Heiðars Þorvaldssonar þýða að erfitt verður að ganga framhjá Veigari.

„Ég vona auðvitað að ég sé í liðinu. Mér finnst að ég hafi sannað að ég eigi skilið að vera í liðinu. Það er þó undir þjálfaranum komið og verð ég ekki fúll þó hann velji mig ekki. Það er fyrst og fremst heiður að vera í íslenska landsliðshópnum,“ sagði Veigar við Fréttablaðið á hóteli íslenska liðsins á Palma í gær.

„Sem sóknarmaður er fátt annað í svona leik að gera en að skila sinni varnarvinnu fyrst og fremst. Það er ekki hægt að búast við því að maður gerir miklar rósir gegn einu sterkasta liði heims. Maður gerir sitt besta og sér svo til.“

Þótt Spánverjar séu með gríðarsterkt lið segir Veigar að hann finni ekki fyrir neinni hræðslu. „Það er alls engin hræðsla í manni eins og margir eflaust halda. Ég er gjörsamlega tilbúinn í þennan leik og afar vel stemmdur.“

Til stóð að hann átti að vera í byrjunarliði Íslands gegn Svíum í haust en hann veiktist daginn fyrir leik og varð því að draga sig úr hópnum. Veikindin virtust alvarleg því hann missti stjórn á jafnvægisskyni sínu. „Það sem víst gerðist var að það klemmdist taug í hausnum á mér sem hafði þessi áhrif. Svo lagaðist það stuttu síðar og allt varð eðlilegt aftur. En þetta var auðvitað gríðarlega svekkjandi.“

Veigar segir að hann sé í fínu standi og engin meiðsli hrjái hann nú. „Mér gekk vel hjá Stabæk í fyrra og hef haldið áfram á sömu braut á undirbúningstímabilinu. Ég er því fyllilega klár í slaginn.“ **- esá**



**VEIGAR PÁLL** Telur sig eiga skilið tækifæri með landsliðinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í leik Hauka og ÍS á Ásvöllum í gær eins og sjá má á þessari mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmeistarar Hauka komnir í 2-1 gegn ÍS:

# Sigrún var sjóðheit

**KÖRFUBOLTI** Íslands- og bikarmeistarar Hauka eru komnir í 2-1 í undanúrslitaeinvígi sínu gegn ÍS í Iceland Express deild kvenna eftir 78-61 sigur á Ásvöllum í gær. Stúdínur höfðu frumkvæðið framan af leik, ekki síst fyrir stórleik Casey Rost sem skoraði tuttugu stig í fyrri hálfleik. ÍS var einu stig yfir eftir fyrsta leikhlutann, 19-20, og leiddi með þremur stigum í hálfleik, 35-38, þar sem Rost var búinn að hitta úr sjö af tíu skotum sínum, þar af fjögur af fimm fyrir utan þriggja stiga línuna.

Haukar áttu hins vegar leynivopn í seinni hálfleik, nánar tiltekið Sigrúnu Ámundadóttur, sem hafði aðeins skorað tvær körfur í fyrstu tveimur leikjunum. Sigrún setti niður þrjár þriggja stiga körfur í röð í stöðunni 38-40 fyrir ÍS og skoraði alls 14 stig í þriðja leikhluta.

Haukastelpur gengu á lagið, unnu leikhlutann 21-6 og voru því komnar tólf stigum yfir, 56-44, fyrir lokaleikhlutann. Haukaliðið hafði öll tök á leiknum í honum og vann öruggan sigur.

Sigrún Ámundadóttir átti stjörnuleik, skoraði 22 stig og hitti úr 9 af 13 skotum sínum, Ifeoma Okonkwo var með 23 stig og 10 fráköst og þá var fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir með þrefalda tvennu, 11 stig, 10 fráköst og 10 stoðsendingar.

Það var þó einkum ákafur varnarleikur liðsins í seinni hálfleik sem riðlaði algjörlega sóknarleik stúdína.

Casey Rost skoraði 27 stig en náði aðeins fjórum skotum á körfuna í seinni hálfleik þökk sé stífri vörn Haukaliðsins.

Signý Hermannsdóttir tók upp hanskann í seinni hálfleik og skoraði þá 12 af 20 stigum sínum en framlag þeirra tveggja nægði ekki gegn baráttuglöðu Haukaliði sem mætti af miklum krafti inn í seinni hálfleikinn. **- óój**

Stuðningsmenn Barcelona um Eið Smára:

# Flestir ánægðir með Eið

**FÓTBOLTI** Blaðamaður El Mundo Deportivo sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Barcelona, væri misjafnlega vel liðinn meðal stuðningsmanna Barcelona.

Margir kunni þó að meta frammistöðu hans á vellinum og þá hjálpar til að hann hefur lært spænsku á mettíma. Vilji hann þó koma sér almennilega í mjúkinn þurfi hann einnig að læra katalónsku.

Aðrir eru ósáttir við Eið því hann skoraði ekki eins mikið fyrir Barcelona og búist var við í fjarveru Samuels Eto'o í vetur. Það er þó heldur ósanngjarn samanburður, vildi fyrrnefndur blaðamaður meina. „Hann á þó mikið af stuðningsmönnum, það er fullvíst," bætti hann við. **- esá**



**EIÐUR SMÁRI** Hefur staðið sig vel með Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Samfylkingin

Taktu þátt – hafðu áhrif

**Undirbúningsfundir fyrir málefnavinnu landsfundar Samfylkingarinnar verða um allt land á næstu dögum. Þar verða kynnt drög að kosningastefnuskrá sem lögð verður fyrir landsfundinn í Egilshöll 13. – 14. apríl nk.**

**Miðvikudagur 28. mars**
**Höfn** – Vökulshús Víkurbraut 4 kl. 20:00

**Fimmtudagur 29. mars**
**Akranes** – kosningamiðstöðin Skólabraut 30 kl. 20:00
**Þorlákshöfn** – Ráðhúskaffi kl. 20:00
**Hvolsvöllur** – Hlíðarendi kl. 20:00
**Seyðisfjörður** – Hótel Aldan kl. 20:00

**Föstudagur 30. mars**
**Ísafjörður** – kosningamiðstöðin Aðalstræti 27 kl. 20:00

**Laugardagur 31. mars**
**Reykjavík** – kosningaskrifstofa Gamla Landssímahúsinu við Austurvöll kl. 11:00
**Selfoss** – Inghóll kl. 14:00

**Mánudagur 2. apríl**
**Kópavogur** – Samfylkingarsalur Hamraborg 11 kl. 20:00
**Reykjanesbær** – Aðalver kl. 20:00
**Hveragerði** – Samfylkingarhúsið kl. 20:00
**Sauðárkrókur** – Ólafshús kl. 12:10

xs

**Allir velkomnir**
**Geymið auglýsinguna**

**www.xs.is**




105762

Prófaðu uppáhaldslitinn þinn ókeypis!

Sannreyndu frábæra stemmingu málaranna Atla og Gísla heima hjá þér. Veldu þér ókeypis prufudós með uppáhaldslitnum þínum. Þú getur valið um 900 litbrigði. Flügger gefur lífinu lit!

Sæktu þér góð ráð og leiðbeiningar í næstu Flügger verslun og á www.flugger.is

**Flügger litir**

Reykjavík Stórhöfði 44 · Snorrabraut 56 · Skeifunni 4
Kópavogur Bæjarlind 6
Hafnarfjörður Dalshraun 13
Keflavík Hafnargata 90
Akureyri Austursíða 2
Borgarnes Egilsholt 1



## ZACH BRAFF

Zachary Israel Braff er fæddur í New Jersey árið 1975. Frá því að Zach var lítill hafði hann dreymt um að gera sína eigin kvikmynd en sá draumur varð að veruleika árið 2004 þegar hann skrifaði, leikstýrði og lék aðalhlutverkið í myndinni Garden State. Myndin hlaut mikið lof gagnrýnenda og sópaði að sér fjölda verðlauna. Einn besti vinur leikarans er söngkonan Lauren Hill en þau voru saman í barnaskóla. Zack er líklega þekktastur fyrir að leika Dr. John í þáttunum Scrubs sem sýndir verða í Sjónvarpinu kl. 21.35.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á SPAUGSTOFUNA BRJÓTA LÖG

# *Ekki dauðir úr öllum æðum*

Spaugstofunni tókst heldur betur að hrista upp í yfirvöldum með nýrri útgáfu sinni á þjóðsöng Íslendinga. Vafalítið hafa þeir félagar gert sér grein fyrir að þeir væru að brjóta lögin en látið vaða engu að síður, enda ekki seinna vænna fyrir þá að gagnrýna álverið áður en atkvæðagreiðslan hefst.

Jafnframt sungu þeir lagið í sínum 300. þætti og eitthvað segir mér að þeir hafi ólmir viljað senda frá sér einhvers konar bombu á þeim tímamótum. Með þessu umdeilda atriði sendu þeir landanum skýr skilaboð um að þeir væru aldeilis ekki dauðir úr öllum æðum þrátt fyrir áralanga þjónustu og að þeir gætu ennþá virkað sem „eina alvöru stjórnarandstaðan“ eins og þeir hafa stundum kallað sig. Þeim tókst ætlunarverk sitt. Bæði tókst þeim að minna á sjálfa sig sem skemmtikrafta sem skipta einhverju máli og að reyna að hafa áhrif á almenning varðandi álverið í Straumsvík. Ég efast um að þeir verði dæmdir fyrir þetta athæfi sitt enda vill sjálfsagt enginn bendla sig við að hafa haft hendur í hári Spaugstofunnar. Verði þeir ekki áminntir mun það engu að síður gefa öðrum ástæðu til að flytja þjóðsönginn eftir sínu höfði, sem er væntanlega ekki það sem yfirvöld vilja.

Annars held ég að það sé hollt fyrir Spaugstofuna að brjóta reglurnar af og til. Ef það verður til þess að vekja fólk enn frekar til umhugsunar um mikilvæg málefni sem varða alla þjóðina á það alveg rétt á sér.



**SPAUGSTOFAN** Félagarnir í Spaugstofunni sendu frá sér bombu um síðustu helgi.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** Nægtaborð Nigellu SJÓNVARPIÐ



▶ **20.05** Oprah STÖÐ 2



▶ **20.00** Love Liza STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Supernatural SIRKUS



▶ **20.00** According to Jim SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.50 HM í sundi** Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í sundi sem fram fer í Melbourne í Ástralíu.

**11.00 Hlé**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Suðandi stuð** (7:21)

**18.23 Sígildar teiknimyndir** (27:42)

**18.30 Herkúles** (26:28)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Ljóta Betty** (7:22)

▶**21.00 Nægtaborð Nigellu** (13:13) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram girnilegum krásum.

**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Íþróttakvöld**

**22.40 Reykjavík - Álfar í borginni** Heimildamynd eftir Sólveigu Anspach. Brugðið er upp svipmynd af Reykjavík séðri með augum þriggja ungra Íslendinga þar sem skiptast á sæla sumars án nætur og depurð vetrar án dags.

**23.50 Kastljós**

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 Love Liza**

**08:00 The Reunion**

**10:00 Mean Girls**

**12:00 Meet the Fockers**

**14:00 The Reunion**

**16:00 Mean Girls**

**18:00 Meet the Fockers**

▶**20:00 Love Liza** Leikarinn Philip Seymor Hoffman fer á kostum í þessari gráglettnu verðlaunamynd sem fjallar um vefhönnuð sem ánetjast bensínsniffi.

**22:00 Scary Movie 3**

**00:00 State Property**

**02:00 Hellraiser: Inferno**

**04:00 Scary Movie 3**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**

**07.40 Tasmanía**

**08.00 Oprah**

**08.45 Í fínu formi 2005**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Forboðin fegurð**

**10.05 Amazing Race**

**10.50 Whose Line Is it Anyway? 5**

**11.15 Sisters**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Nágrannar**

**13.10 Jane Hall´s Big Bad Bus Ride**

**13.55 American Idol**

**15.15 American Idol**

**15.50 Shoebox Zoo**

**16.13 Sabrina - Unglingsnornin**

**16.38 Stubbarnir**

**17.03 Könnuðurinn Dóra**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar**

**18.18 Ísland í dag og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**

**19.40 Ísland í dag - kosningar 2007** Kosningasjónvarp Stöðvar 2 vegna alþingiskosninganna sumarið 2007. Í fyrsta þættinum verður haldið í Borgarnes.

▶**20.05 Oprah** Oprah heimsækir mömmur um allan heim en það gilda ekki sömu uppeldisreglur í Kína og í Brasilíu.

**20.50 Extreme Makeover** Þátturinn í kvöld er sérstakur vinkonuþáttur en þær Tricia og Kari eru bestu vinkonur og leggjast nú báðar undir hnífinn.

**21.35 Nip/Tuck**

**22.25 Medium**

**23.10 Grey´s Anatomy**

**23.55 Kompás** Viðfangsefnið er réttarhöldin yfir morðingjum Gísla Ægis Þorkelssonar, sem var myrtur á hrottafenginn hátt í Suður-Afríku sumarið 2005, og hin efnilega hljómsveit Bloodgroup.

**00.30 Auberge espagnole, L/Spanish apartment**

**02.30 Only the strong survive**

**04.05 Medium**

**04.50 Ísland í dag - kosningar 2007**

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** (e)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag**

**19.10 Britney and Kevin: Chaotic**

**19.40 American Inventor**

**20.30 Smith** Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur.

▶**21.15 Supernatural** Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**22.00 Prison Break** Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annarri seríu af spennuþættinum vinsæla Prison Break.

**22.45 Shark** Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.

**23.30 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við nýjasta slúðrið í Hollywood.

**23.55 Da Ali G Show (e)**

Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kasakstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappanna óþægilegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt bjóðar upp á álíka vandræðaleg svör. Ali G og Borat eru nú þegar orðnir heimsfrægir og segir sagan að Bruno sé við það að slá í gegn líkt og vinir hans.

**00.25 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)

**00.55 Gene Simmons: Family Jewels**

**01.25 Sirkus Rvk** (e)

**01.55 Entertainment Tonight**

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place** (e)

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**14.45 Vörutorg**

**15.45 Innlit / útlit** (e)

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Melrose Place**

**18.15 Rachael Ray**

**19.00 Everybody Loves Raymond**(e)

**19.30 Will & Grace** (e) Karen verður að gera upp á milli mannana í lífi sínu og Grace er ekki sátt við hinn nýja óeigingjarna Will.

▶**20.00 According to Jim - NÝTT**

**20.30 Fyrstu skrefin** (5:12) Í þessum þætti er fæðingardeildin á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri heimsótt. Einnig verður fylgst með Heiði sem var að eignast sitt þriðja barn.

**21.00 Britain's Next Top Model** (5:10) Stelpurnar taka þátt í tískusýningu þar sem verðlaunin fyrir þær bestu eru dekur í heilsulind en restin þarf að sýna baðfatnað í búðarglugga.

**22.00 Jericho** (8:22) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríksum smábæ sem einangrast frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Close to Home** (e)

**00.55 The Silvia Night Show** (e)

**01.25 Vörutorg**

**02.25 Beverly Hills 90210** (e)

**03.10 Melrose Place** (e)

**03.55 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.

**18.00 Ítölsku mörkin** Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.

**19.00 West Ham - Tottenham** (frá 4. mars)

**21.00 Chelsea - Sheff. Utd.** (frá 17. mars)

**23.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.55

**Medium**

Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi sem býr yfir harla óvenjulegum yfirnáttúrulegum hæfileikum sem gera henni kleift að sjá og eiga samskipti við hina framliðnu. Í þætti kvöldsins lætur þingmaður lífið á sviplegan hátt og Alison er fengin til að aðstoða við rannsókn málsins. Leikkonan Patricia Arquette fer með hlutverk Dubois, en hún fékk Emmy-verðlaun 2005 og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna 2006 og 2007 fyrir frammistöðu sína.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### EM 2008 SPÁNN - ÍSLAND

### SÝN KL. 19.30

Sýnt verður beint frá leik Spánverja og Íslendinga í undankeppni EM 2008. Þessi leikur verður verðugt verkefni fyrir Íslendinga enda hafa Spánverjar eitt besta lið í Evrópu. Þar er valinn maður í hverju rúmi og má meðal annars nefna David Villa, Raúl, Fernando Torres, Jose Antonio Reyes og Cesh Fabregas.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Landslag er aldrei asnalegt
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Þættir úr íslenskri leikritun: K - 421
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Heima er best
**21.00** Út um græna grundu
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**16.00 Iceland Expressdeildin 2007** (Snæfell - KR)

**17.30 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraraðir við miklar vinsældir.

**18.00 2006 Fifa World Cup Offical** Film Þáttur um lokakeppni HM í knattspyrnu sem fram fór í Þýskalandi í sumar.

**19.30 EM 2008** Bein útsending frá leik Spánverja og Íslendinga í undakeppni EM 2008.

**22.15 EM 2008** (Andorra - England)

**23.55 Þýski handboltinn** Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu. Handboltinn nýtur gífurlegra vinsælda hjá Þjóðverjum og hallirnar eru fullar eða þétt setnar á flestum leikjum.

**00.25 EM 2008** (Spánn - Ísland) Útsending frá leik Spánverja og Íslendinga í undankeppni EM.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Rubbadubbers **6.30** Ud i det blå **7.00** Italienske fristelser **7.30** Smagsdommerne **8.10** Verdens stærkeste mor **8.25** OBS **8.30** En plads i livet **9.00** Livet ombord **9.30** DR Explorer i Alperne **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Grøn glæde **11.00** Hvad er det værd **11.25** Aftenshowet **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Det Vildeste Westen **14.15** SKUM TV **14.30** Pucca **14.35** Hannah Montana **15.00** Junior **15.30** Der var engang... **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Kongehuset **18.00** De tavse børn **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** Arbejdsliv - find et job! **22.15** Mission integration **22.45** Boogie Update **4.30** Karlsson på taget **5.00** Rasmus Klump **5.10** Peter Pedal **5.30** Kaj og Andrea

## NRK 1

**7.30** Dyreklinikken **8.00** Siste nytt **8.05** Muntlig sp¢rretime **9.00** Siste nytt **9.05** VM sv¢mming 2007 **10.00** Siste nytt **10.05** VM sv¢mming 2007 **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Aust- og Vest-Agder **11.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko 1**3.30** Kim Possible **14.00** Siste nytt **14.03** Familien **14.30** Fabrikken **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Perspektiv: Hjelp - str¢mkrise! **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.10** Ugler i mosen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspekt¢rene **17.55** Eva og Adam **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis: Norge i Afghanistan **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** Den usynlige **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** Kaksi/två **8.00** Wer küsst schon einen Leguan? **8.30** Keith on the road **9.00** Garage guld **9.30** UR-val **10.00** Rapport 1**0.05** The Robinsons **12.15** Den tredje mannen **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Krokodill **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Förskolan Månstugan **16.20** Små spöken **16.30** Hjärnkontoret **16.45** Klister **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Packat & klart **18.30** Mitt i naturen **19.00** Stockholm live **19.30** Entourage **20.00** Noll tolerans **21.45** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.05** Bingo Royale **22.50** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige



## GAMLA MYNDIN



*„Mig grunar að þessi mynd hafi verið tekin á Broadway-sjóinu Aftur til fortíðar. Eftir átfittinu að dæma held ég að þetta hafi verið ósköp settlegur klæðnaður í anda lagsins sem ég var að syngja.“*

Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður. Myndin er tekin í nóvember 1991.

# Vinstri grænir stæla Zero auglýsingar

Stjórnmálaflokkarnir beita ýmsum brögðum í baráttunni um atkvæðin, og Vinstrihreyfingin er þar engin undantekning. Á nýjum barmmerkjum úr herbúðum hennar má sjá slagorðið „Af hverju ekki ríkisstjórn með ZERO Framsókn?“. Slagorðið er stæling á auglýsingaherferð Vífilfells fyrir gosdrykkinn Coca-Cola Zero, sem hefur vakið mikla athygli á undanförnum vikum.




**ZERO-BARMMERKI** Vinstri grænir stæla auglýsingaherferð fyrir Coca-Cola Zero á nýjum barmmerkjum sínum.

Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður Ungra vinstri grænna, hafði þó ekki áhyggjur af því að Vífilfellsmönnum yrði illa við stælinguna. „Ég held þeir geri nú ekkert veður út af þessu,“ sagði hún. „Okkur datt þetta eiginlega í hug af því að okkur fannst þessi auglýsingaherferð svo hrikalega hallærisleg,“ sagði Auður. „Við athuguðum hvað við gætum búið til svona hallærislegt í pólitíkinni,“ bætti hún við. Sem stendur eru um 200 merki í umferð og segir Auður mögulegt að fleiri verði framleidd. „Við ætlum hugsanlega að búa til fleiri, eins og „Zero Sjálfstæðisflokkur“, til dæmis,“ sagði hún.

Vífilfell er þó ekki alsátt við að vera dregið inn í kosningabaráttuna. „Þau nota þarna sömu liti og eru í vörumerkinu, og orðatiltækið sem er í vörumerkinu, svo þau eru að nýta sér ansi góðan part af auglýsingunum okkar,“ sagði Haukur Sörli Sigurvinsson, vörumerkjastjóri Coca-Cola hjá Vífilfelli. „Við viljum náttúrulega koma á framfæri að þetta sé ekki tengt herferðinni á einn eða annan hátt,“ bætti hann við. „Við erum ekki að blanda okkur í pólitík, höfum aldrei gert og munum aldrei gera,“ sagði Haukur. - sun



**ÁHYGGJULAUS** Auður Lilja Erlingsdóttir hefur ekki áhyggjur af viðbrögðum Vífilfells.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** ofneysla **6** mannþvaga **8** hversu **9** klettasprunga **11** bardagi **12** kvittanir **14** merkja **16** grískur bókstafur **17** varkárni **18** vætla **20** holskrúfa **21** ysta lagið á kjöti.

**LÓÐRÉTT**
**1** upplýsingar **3** tveir eins **4** ógætinn **5** skref **7** lengdareining **10** svif **13** sarg **15** frumeind **16** flaut **19** rykkorn.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** óhóf, **6** ös, **8** hve, **9** gjá, **11** at, **12** nótur, **14** marka, **16** pí, **17** gát, **18** íla, **20** ró, **21** para. **LÓÐRÉTT: 1** gögn, **3** hh, **4** óvarkár, **5** fet, **7** sjómíla, **10** áta, **13** urg, **15** atóm, **16** píp, **19** ar.

HELGI VILHJÁLMSSON: STOFNFJÁREIGENDUR SPH GRÁTA ÖRUGGLEGA

# Árni fjármálaráðherra varð af 150 milljónum

Við sameiningu SPH og SPV hefur stofnfjárhlutur SPH nú fjórfaldast. Hlutur sem seldur var á 50 milljónir fyrir ári er nú metinn á 200 milljónir.

„Ég sagði við sjálfan mig og aðra: Fyrst allir snillingar landsins þyrpast til Hafnarfjarðar og vilja kaupa þá er best að bíða og sjá. Ég fékk þetta á silfurfati eins og aðrir og mér lá ekkert á,“ segir Helgi Vilhjálmsson athafnamaður í Hafnarfirði, kenndur við Góu. Og hrósar nú happi.

Við sameiningu Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH) og Sparisjóðs vélstjóra nýverið fjórfaldaðist stofnfjárhlutur hvers um sig. Mikið var um það fjallað í fréttum fyrir ári að kaupsýslumenn ýmsir, undir forystu lögmannsins Sigurðar G. Guðjónssonar, ásældust stofnfjárhlut sem var í eigu þröngs hóps ábyrgðarmanna SPH eða tæplega fimmtíu, sem breyttist óvænt í stofnfjáreigendur með lagabreytingum um fjármálastofnanir. Stofnfjáreigendurnir, sem flestir höfðu verið handvaldir í hópinn af Matthíasi Á. Mathiesen eða komið inn í tengslum við bæjarstjórnarsetu sína, áttu skyndilega hlut sem metinn var á 50 milljónir. Og gátu margir ekki beðið þess að selja og stinga peningunum í eigin vasa. Reyndar hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að hluturinn hafi eitthvað hækkað frá fimmtíu milljónum enda ásælnin mikil – þeir sem vildu kaupa sáu þarna fram á skjótfenginn og auðveldan gróða. Einn hlutur hvers um sig samanstóð af tveimur bréfum er nú, ári síðar, metinn á tvö hundruð milljónir. Munar um minna. Þeim sem lá svo á að selja urðu þannig af 150 milljónum á einu ári.



**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Flestum sem fengu stofnfé á silfurfati bráðlá á að selja og veltu því ekki fyrir sér af hverju menn ásældust bréfin.

„Þeir hljóta að fara að gráta. Greinilega ekki eins miklir fjármálamenn og ég sem ætla að bjóða þeim upp á kók og hraun. Ég er búinn að ávaxta vel mitt pund. En þeir verða að bíta í þetta súra epli. Þeir héldu ekki vatni. Þeim lá svo á, sumum,“ segir Helgi.

Ljóst er að kaupsýslumenn á borð við Magnús Ármann, Sigurð Bollason, Björn Þorra Viktorsson, Jón Pálmason, Pálma Haraldsson og marga fleiri hafa þarna hagnast verulega með lítilli fyrirhöfn. Fáeinir stofnfjáreigendur SPH hafa reyndar ekki selt líkt og Helgi: Matthías Á. Matthiesen, Trausti O. Lárusson, Ingólfur Flygenring, Þórður Magnússon og Páll Pálsson eru meðal þeirra sem ekki seldu og prísa sig nú líklega sæla.

Hins vegar eru margir þekktir Hafnfirðingar sem seldu og eiga nú von á kóki og hrauni frá Helga í sárabætur: Þór Gunnarsson, Ingimar Haraldsson, Sigurbergur Sveinsson, Sigurður Þórðarson, Gissur Guðmundsson, Ingvar Viktorsson, Finnur Árnason og Árni Grétar Finnsson eru þeirra á meðal sem og fjármálaráðherra sjálfur Árni Mathiesen.

„Ég var búinn að lofa því að nota þessar 50 milljónir í eitthvað gott. Nú er ég búinn að fá góða vexti og get kannski tekið eitthvað fyrir sjálfan mig. Mér fannst illa farið með Matta [Matthías. Á.] og er ánægður með að hann fái eitthvað. Menn sviku hann. Því þetta var eftirsótt fyrirtæki. Og þá hafa menn verið að gera eitthvað rétt. Hvað segir Árni Matt?“ spyr Helgi.

Fjármálaráðherra segist ekki aðili málsins og sé ekki til umræðu um það.

„Ég fór þarna út vegna þess að ég taldi að það gengi ekki stöðu minnar vegna að vera þarna inni. Passaði mér ekki. Breytir engu þó ég hafi orðið af peningum vegna þess. Þetta snérist aldrei um peninga,“ segir Árni Mathiesen.

jakob@frettabladid.is



**ÁRNI MATHIESEN** Það passaði mér ekki að vera þarna inni.



**HELGI VILHJÁLMSSON** Ætlar að bjóða þeim sem lá svo á að selja og urðu af 150 milljónum upp á kók og hraun í sárabætur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Helgarinnar sem var að líða verður eflaust minnst fyrir hvers kyns stórafmæli. **Einar Bárðarson** bauð til glæsilegrar veislu í Vetrargarðinum þar sem rjóminn úr íslensku tónlistarlífi samfagnaði með honum. Var haft eftir Einari að enginn þyrfti á **Elton John** að halda þegar hann hefði skemmtikrafta á borð við þá sem stigu á svið Vetrargarðsins.



Og fyrrverandi borgarstjóri Reykvíkinga og núverandi forstjóri Skýrr, **Þórólfur Árnason**, fagnaði einnig merkum tímamótum um helgina en þá varð forstjórinn hálfrar aldar gamall. Þórólfur var ekki alveg jafn stórtækur og umboðsmaður Íslands, lagði Hafnarhúsið undir sig en haft var á orði að það hefði aldrei litið jafnglæsilega út. Búið var að leggja stjörnuhimin yfir loftið og taldist einhverjum til að fimm hundruð gestir hefðu heiðrað Þórólf með nærveru sinni sem síðan dönsuðu út í rauða nóttina við lifandi undirspil.



En Þórólfur var ekki sá eini sem fagnaði afmælisdeginum sínum því ljósmyndarinn geðþekki **Ari Magg** átti þrítugsafmæli á laugardaginn. Kappinn var ekki jafn stórtækur og forstjórinn og bauð vinum og velunnurum til veislu í stúdíói sínu við Hverfisgötuna. Meðal þeirra sem samglöddust Ara á þessum merku tímamótum voru systir ljósmyndarans, **Silja Magnúsdóttir**, sjónvarpsstjórinn fyrrverandi **Árni Þór Vigfússon** og unnusta hans **Maríkó Margrét** og tónlistarmaðurinn **Jóhann Jóhannsson**, kenndur við Apparat Organ Quartet.





- fgg

# Nýr íslenskur stefnumótavefur

Rannveig Guðlaugsdóttir opnaði stefnumótavefinn forunauturinn.is í síðustu viku. „Þetta eru námskeið í samskiptum kynjanna og táknmáli líkamans. Í þá hópa er sem sagt valið út frá spurningalistum á síðunni sem fólk fyllir út, sem sálfræðingur gerði fyrir mig,“ segir Rannveig. Út frá svörunum flokkar hún fólk sem hún telur að eigi eitthvað sameiginlegt saman í hópa. Stuttu eftir námskeiðið, sem tekur eina kvöldstund, fer Rannveig því næst með tvo hópa saman í dagsferð. „Ég verð þá búin að grisja þannig úr spurningalistanum að þeir sem eru í þessum tveimur hópum eiga eftir að geta tengst,“ útskýrði hún. Förunauturinn sker sig þannig töluvert úr hópi annarra stefnumótasíðna þar sem Rannveig er alltaf nálæg og getur þannig hjálpað til að brjóta ísinn. Hún segir þó áríðandi að fleiri karlmenn skrái sig til leiks. „Það gerist náttúrulega ekkert nema herramennirnir skrái sig líka,“ sagði hún.

Rannveig segist sjálf vera í sömu sporum og framtíðarkúnnar. „Ég er búin að vera á markaðnum í rúm fjögur ár. Ég hef verið að bíða eftir því að einhver gerði þetta, en svo varð ég bara að gera þetta sjálf. Markaðurinn á Íslandi er einhleypum alveg ofboðslega erfiður,“ bætti hún við. - sun



**FÖRUNAUTUR** Rannveig Guðlaugsdóttir ætlar að auðvelda einhleypum Íslendingum leitina að förunauti.
FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT GRÉTARSSON

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Í KVÖLD
Góður matur á efri hæð
Á MORGUN
Tríó Ómars Guðjónssonar
DOMO
RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

VANTAR ÞIG FISKVINNSLUFÓLK?
Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins
Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN
VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI

STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ

# JOSH GROBAN



ÁSAMT
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
OG GOSPELKÓR
REYKJAVÍKUR

LAUGARDALSHÖLL
16. MAÍ 2007
MIÐASALA HEFST
29. MARS KL. 10:00

MASTERCARD FORSALA
HEFST Í DAG, 28. MARS
KL. 10:00

LÉTTÖL




go to joshgroban.com

LIVE NATION

*20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi*

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/ klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

**Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði**

CONCERT

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR




**BAKÞANKAR**


JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR


## *Billjónsdagbók 28.3*

ICEX 7.516,56, þegar ég steig inn í nýju túrbósturtuna í morgun, og Dow Jones 12.481,01 þegar ég fékk í mig straum af steríógræjunum í sturtunni. Það er ókyrrð á markaðnum. Tekur á taugarnar. Venjulegir Íslendingar halda að það sé eintóm ánægja að eiga milljarða í hlutabréfum. Þeir vita ekki hvað það er að vera 167 milljarða virði, þegar maður vaknar, og þurfa svo að staulast í rúmið um kvöldið aðeins 145 milljarða virði eftir slæman dag í kauphöllum heimsins. Það er virkilega sárt.

**MALLÍ** kom fram klukkan hálfníu. Ég hélt hún væri veik en hún sagði að einkaþjálfarinn hefði skipað henni að koma fastari reglu á daglega rútínu, hafa ákveðinn lífsryþma, fara á fætur á sama tíma og annað fólk – eins og hún væri að fara í vinnu – og fara í rúmið á sama tíma eins og annað fólk. Ég sagði að hún væri ekki eins og annað fólk. Stóreignafólki hentaði ekki sami lífsryþmi og venjulegu fólki. Mallí sagðist ekki borga 20 kall fyrir ráðleggingu sem hún færi svo ekki eftir. Hún heldur ekki lengi út. Ég veit það. Mallí hefur notið þess að þurfa ekki að fara á fætur síðan ég fór fyrir alvöru að ná fótfestu á markaðnum.

**FUNDUR** hjá Avarice í Þjóðmenningarhúsinu. Ég lagði Hömmernum við hliðina á Landkrúsernum hans Gogga Magg. Ég hef aldrei séð nokkurn mann verða eins svekktan og Gogga þegar hann sá mig stíga úr Hömmernum. „Svo þú ert kominn á Hömmer,“ gat hann loks stunið upp. „Er hann ekki óþægilega þungur og stór í bæjarumferð?“ – Er hann ekki óþægilega þungur og stór í bæjarumferð?! Eins og það sé eitthvert umhugsunaratriði fyrir kjölfestufjárfesti. Svona er öfundin mögnuð hjá mönnum sem eru ekki enn vaxnir fjárhagslega upp úr Land Krúser. Þeir verða bara að horfast í augu við breyttan veruleika. Land Krúser – tákn um lúser, segi ég.

**ALCAN** er að reyna að koma viti fyrir Hafnfirðinga og fá þá til þess að hætta þessu sífellda umhverfisverndarvæli. Hvað getur fólk haft á móti því þótt það sjáist í álver út um stofugluggann hjá því? Sumt af þessu fólki í Sól í Straumi er jafnvel vinstrisinnað listasnobbslið sem tekur andköf yfir samtímalist. Álver er þó hátíð við hliðina á samtímalist. Svo gera flestir Gaflarar hvort sem er ekkert annað en að horfa á sjónvarp eða vafra á Netinu þegar þeir eru heima hjá sér. Skiptir engu máli hvað þeir sjá út um gluggana. Ef ég væri Gaflari myndi ég kjósa með álveri. En ég er ekki Gaflari, guði sé lof. Komið að háttatíma. Verð að fá rafmagnsmann á morgun til að líta á steríógræjurnar í túrbósturtunni.


**AUGLÝSINGASÍMI**
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ






Þú öðlast nýjan kraft í Lexus RX350. Afkastamikil vél og háþróaður tæknibúnaður vinna gegn þyngdaraflinu og gera þér kleift að sækja fram hvort sem er á athafnavegum borgarinnar eða á ævintýraslóðum utan við byggð. RX350 er lúxussportjeppi þar sem þú kemst næst því að kynnast sömu fullkomnun og auðkennir listamíði náttúrunnar.

Komdu og gefðu Lexus RX350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Við vitum hver niðurstaðan verður. Hún kemur þér ef til vill á óvart en hún kemur okkur ekki á óvart. Lexus RX350 er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera kröfur til sjálfs sín og kröfur til annarra. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX350.

Verð frá: 5.710.000 kr.

LEXUS
The pursuit of perfection

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is